

HILDUR BJÖRG JÓNASDÓTTIR
Gestirnir vel geymdir
 uppi á baðstofu lofti

Heimili
allt í MIÐJU BLAÐSINS



HÍBYLI STOFA
Unaðsreitur í
 ýmsum myndum

Sérblað um híbyli og stofur
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Engin fasteignasala í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

Ertu að spá í að selja?
Frítt söluverðmat

Valur Blomsterberg
 Sölufulltrúi
 857-9550
 valurblom@remax.is

Bergsteinn Gunnarsson
 Löggiltur Fasteigna
 fyrirtækja og skipasali

FRAMURSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR
 FRAMURSKARANDI ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

17. mars 2008 – 76. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Hjóla í páskaegginn
 Gillzenegger og félagar í Mercedes Club falla í freistni um páskana.

FÓLK 34

Syngjandi sveittir
 Frábær stemning var á afmælistónleikum Salarinnar í Höllinni.

FÓLK 32

Friðsamleg sambúð
 „Það er helst að blossi hér upp þjóðerniskennð þegar Danir eru sérlega andstyggilegir í Börsen og öðrum blöðum“, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 18

2-0 fyrir KR
 KR vann Grindavík öðru sinni í úrslita-keppni Iceland Express-deildar kvenna í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

VEÐRIÐ Í DAG

HÆGLÆTISVEÐUR Í dag verður víðast hæg suðvestlæg eða breytileg átt. Bjartviðri austan og suðaustan til, annars þungbúnara og þurr að mestu. Hiti 3-8 stig að deginum.

VEÐUR 4



SLÖKKVILIÐIÐ AÐ VERKI Grunur leikur á að kveikt hafi verið í íbúðinni við Hrafnhóla í gær. Íbúar í fjölbýlinu hafa óskað eftir því að fólkið sem býr í íbúðinni verði borið út.

Mögulega kveikt í fimm tíu íbúða blokk

Íbúð í fjölbýlishúsi við Hrafnhóla í Reykjavík skemmdist mikið í eldi í gær. Lögreglu grunar að kveikt hafi verið í. Íbúar hússins hafa óskað eftir því að fólkið í íbúðinni verði borið út. Margt gengið á, segir formaður húsfélagsins.

BRUNI Betur fór en á horfðist þegar eldur kom upp í íbúð í fjölbýlishúsi við Hrafnhóla 6 til 8 í Breiðholti um gærmorgun. Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu barst tilkynning um eldinn um klukkan tíu en þá lagði reyk út um glugga íbúðar á annarri hæð. Allt tiltækt lið slökkviliðsins var sent á vettvang.

Ólafur Ingi Grettiðsson, aðstoðarvarðstjóri slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu, segir að greidda hafi gengið að slökkva eldinn. „Viðbúnaðurinn var mikill enda eru um fimm tíu íbúðir í húsinu. Íbúðin reyndist mannlauð,“ segir Ólafur.

Viðvörðunarkerfið Boði var notað til þess að koma upplýsingum í gegnum síma til allra íbúa hússins um að halda kyrru fyrir í íbúðum sínum. Segir Ólafur að það hafi gefið góða raun. Íbúðin þar sem eldurinn kviknaði er afar illa farin og nokkrar reyskemmaðir urðu í sameign á hæðinni.

Að sögn lögreglu kviknaði eldurinn á tveimur stöðum í íbúðinni og flest virðist benda til þess að kveikt hafi verið í. Lögregla hefur oft þurft að hafa afskipti af íbúum íbúðarinnar undanfarið og nágrannarnir hafa óskað eftir að þeir verði bornir út. Íbúðin er í

eigu Félagsbústaða Reykjavíkur. „Það hefur verið óbúandi hérna síðan í janúar,“ segir Helga Kristín Sigurðardóttir, formaður húsfélagsins. Hún segir íbúana í mikilli óreglu og það veki ugghjá fólkinu í blokkinni, ekki síst hjá börnunum. „Hér hefur margt gengið á og það hafa verið unnar skemmdir á húsinu. Við höfum verið í samskiptum við Félagsbústaði og lögfræðingur okkar er að vinna í því að fá fólkið borið út,“ segir Helga en síðast á laugardagskvöldið var kallað á lögreglu vegna slagsmála í íbúðinni.

thorgunnur@frettabladid.is

Breytingar í Borgarleikhúsinu

FÓLK Magnús Geir Þórðarson boðar breytingar í Borgarleikhúsinu þegar hann tekur við stjórnartaunum þar í haust. Hann segist hins vegar ekki ætla að blása í neina byltingarlúðra, allt verði framkvæmt af ró og yfirvegum. Magnús segir það ekkert launungarmál að hann ætli að styrkja þann sterka hóp sem fyrir er í leikhúsinu. Magnús hyggst jafnframt bjóða leikhúsgagnrýnandanum Jóni Viðari Jónssyni sæti á frumsýningarlista leikhússins en hann var strikaður út af þeim lista eftir skrif sín í DV.

-fgg/sjá síðu 42



MÁLARINN Jan Jiricek segist hafa afhjúpað blóðflauminn sem renni frá sendiráðinu.

Vildi sýna Tíbetum stuðning: Helldi málningu á sendiráðsþrep

MÓTMÆLI Rauðri málningu var hellt yfir tröppur kínverska sendiráðsins í Reykjavík í gær. Sá sem málningunni hellti, Jan Jiricek, segist þannig hafa afhjúpað blóðflauminn sem renni frá sendiráðinu. Hann vonist til þess að augu fleiri opnist fyrir aðgerðum kínverskra stjórnvalda í Tíbet. „Aðalástæðan fyrir þessum verknæði mínum er að sýna Tíbetum stuðning í frelsisbaráttu sinni,“ segir Jiricek í tilkynningu. „Baráttu sem hefur staðið yfir í meira en fjórutíu ár og kostað mörg þúsund saklaus líf.“

Lögreglan hafði ekki séð tilkynningu Jiriceks þegar Fréttablaðið hafði samband. Hann verður boðaður í skýrslutöku.

-sps / sjá síðu 12

TENGI

Sphinx
 Mikið úrval af upphengdum salernum

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 tengi.is
 Smiðjuvegi 76 • Kópavogi Baldursnesi 6 • Akureyri

Fyrsti landsleikur karla innanhúss fór fram í Kópavogi í gær: Færeyingar lagðir í Kórnum

FÓTBOLTI Það var söguleg stund í knattspyrnuhúsinu Kórnum í gær þegar fyrsti A-landsleikur karla innanhúss fór fram.

Ísland lagði Færeyjar með þrem mörkum gegn engu í leiknum. Jónas Guðni Sævarsson og Tryggvi Guðmundsson skoruðu fyrir



FYRSTI LANDSLEIKURINN Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari leggur línurnar fyrir Guðmund R. Gunnarsson.

Ísland og eitt markanna var sjálfsmark hjá Færeyingum. Leikurinn var lítið fyrir augað. Íslenska liðið var ákaflega slakt í fyrri hálfleik en sýndi talsvert betri leik í síðari hálfleik og sigur liðsins var sanngjarn.

- hbg / sjá síðu 36

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur 6 tommu bátur
329 kr.

SUBWAY

Gildir í mars 2008
 Gildir ekki með öðrum tilboðum
 Gildir ekki í Spámanni

DAGAR TIL PASKA

NÓI SÍRÍUS

INGVAR HELGASON **NOTAÐIR BÍLAR**

ALLTAF GÓÐIR!

FJÖLDI BÍLA Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI. KOMDU OG GERÐU BÍLAKAUP ÁRSINS.



Toyota Corolla
Ekinn 2 þús. Nýskr. 08/07

2007 Sjálfskiptur Verð: **2.350.000 kr.**



Nissan Pathfinder 2.5 SE 33"
Ekinn 1 þús. Nýskr. 09/07

2007 Sjálfskiptur Verð: **5.940.000 kr.**



Nissan Murano 3.5 V6
Ekinn 5 þús. Nýskr. 06/06

2006 Sjálfskiptur Verð: **5.320.000 kr.**



Nissan Double Cab 2.5
Ekinn 90 þús. Nýskr. 06/04

2004 Beinskptur Verð: **1.880.000 kr.**



Toyota Land Cruiser VX
Ekinn 60 þús. Nýskr. 01/06

2006 Sjálfskiptur Verð: **5.750.000 kr.**



Toyota Rav4
Ekinn 56 þús. Nýskr. 10/02

2002 Beinskptur Verð: **1.190.000 kr.**



Hyundai Terracan
Ekinn 36 þús. Nýskr. 05/05

2005 Sjálfskiptur Verð: **3.280.000 kr.**



Subaru Legacy Lux
Ekinn 16 þús. Nýskr. 05/07

2007 Sjálfskiptur Verð: **3.680.000 kr.**



Hyundai Tucson
Ekinn 18 þús. Nýskr. 06/06
Áður: 2.550.000 kr.

2006 Beinskptur Nú: **2.190.000 kr.**



Nissan X-Trail Elegance
Ekinn 31 þús. Nýskr. 07/05

2005 Sjálfskiptur Verð: **2.690.000 kr.**



Hyundai Santa Fe
Ekinn 17 þús. Nýskr. 05/06

2006 Sjálfskiptur Verð: **3.090.000 kr.**



Subaru Legacy 2.5
Ekinn 61 þús. Nýskr. 10/04

2004 Sjálfskiptur Verð: **2.190.000 kr.**



Toyota Land Cruiser 100 VX
Ekinn 226 þús. Nýskr. 08/00

2000 Sjálfskiptur Verð: **3.080.000 kr.**



Subaru Legacy Sedan 2.0
Ekinn 66 þús. Nýskr. 10/05

2005 Sjálfskiptur Verð: **2.290.000 kr.**



Nissan Patrol 3.0 Elegance
Ekinn 37 þús. Nýskr. 07/04

2004 Sjálfskiptur Verð: **4.250.000 kr.**



Toyota Yaris
Ekinn 86 þús. Nýskr. 10/03

2003 Sjálfskiptur Verð: **1.090.000 kr.**



Nissan Navara SE 2.5
Ekinn 50 þús. Nýskr. 04/06
Áður: 3.360.000 kr.

2006 Beinskptur Nú: **2.890.000 kr.**



Hyundai Santa Fe
Ekinn 25 þús. Nýskr. 12/05
Áður: 3.090.000 kr.

2005 Sjálfskiptur Nú: **2.690.000 kr.**



Nissan X-Trail Elegance
Ekinn 18 þús. Nýskr. 04/07

2007 Sjálfskiptur Verð: **3.760.000 kr.**



Toyota Rav4
Ekinn 80 þús. Nýskr. 10/02

2002 Beinskptur Verð: **1.260.000 kr.**



Hyundai Terracan
Ekinn 46 þús. Nýskr. 06/05

2005 Sjálfskiptur Verð: **3.250.000 kr.**



Nissan Titan LE 5.6L V8
Ekinn 75 þús. Nýskr. 04/05

2005 Sjálfskiptur Verð: **3.350.000 kr.**



Nissan Almera 1.5 Visia
Ekinn 54 þús. Nýskr. 02/04

2004 Beinskptur Verð: **1.270.000 kr.**



Toyota Hilux
Ekinn 57 þús. Nýskr. 08/05

2005 Beinskptur Verð: **2.490.000 kr.**



Nissan Micra 1.2 Visia
Ekinn 59 þús. Nýskr. 01/04

2004 Beinskptur Verð: **1.050.000 kr.**

Að sjálfsögðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Allt að 100% lán og fyrstu greiðslu þarf ekki að inna af hendi fyrr en 1.mái n.k. Með fyrirvara um prentvillur.

GÓÐ ÞJÓNUSTA Í HÁDEGINU

Þeir sem vilja nota hádegisd til að skoða bíl eða reynsluaka fá að bragði rammislenska pylsu og svalandi kók. Þú skoðar þig um í þægilegu umhverfi og þiggur aðstoð frá einhverjum af sölumönnum okkar. Taktu hádegishléið hjá okkur, fáðu þér eina með öllu og reynsluaktu notuðum bíl að eigin vali. Ingvar Helgason í hádeginu – alla virka daga í mars.

INGVAR HELGASON
Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is



INGVAR HELGASON

RISI MEÐ AUGA FYRIR SMÁATRÍÐUM



Hitachi P60XR01 – Verð kr. 899.995

60" risinn í X-línunni frá Hitachi býr yfir eiginleikum sem ekkert annað plasmataeki getur státað af. Myndgæðin eru framúrskarandi með nýjum tæknimöguleikum eins og **Movie FRC**, sem eykur hraðann með því að fjölga römmum, og **Picture Master FHD**, sem gefur betri og náttúrulegri mynd. Komdu og upplifðu það með eigin augum!

Með **PAUSE LIVE TV** tækninni getur þú seinkað dagskránni ef þú þarft að bregða þér aðeins frá; þú stillir bara á upptöku og byrjar svo aftur að horfa á þáttinn á þeim stað sem frá var horfið. **250 GB innbyggður upptökudiskur** er í tækinu, hátalarar sem hægt er að festa á hlið tækisins, USB, SD minnskortarauf, 3 x HDMI og fleira og fleira.



Hitachi P50XR01 Verð kr. 449.995

50" plasmataeki sem býr yfir öllum eiginleikum stóra bróður en hefur rafdrifinn snúningsfót og innbyggða hátalara að auki.



Hitachi L37X01 Verð kr. 279.995

37" LCD tæki frá Hitachi fyrir þá sem vilja nettara tæki en sömu myndgæði.



Líst þér vel á að lögreglan noti valdbeitingarhunda?

Já	54,5 %
Nei	45,5 %

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti Landvernd að kæra byggingarleyfi Norðurláts?

Segðu þína skoðun á www.visir.is



Hagfræðingar telja hugmyndina um norræna krónu athyglisverða:

Viðbrögð Norðurlandanna forvitnileg

GJALDEYRISMÁL Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, segir að hugmyndin um norræna krónu sé athyglisverð og þess virði að skoða til lengri tíma lítið en fljótt á lítið virðist hún ekki leysa vandann í þjóðarbúskapnum. „Við þurfum að ná tökum á þjóðarbúskapnum áður en við tökum ákvarðanir um krónuna af eða á,“ segir Ingunn.

Hún bendir á að efnahagskerfin á Norðurlöndunum séu ólík, Finnar séu þegar komnir í myntsamstarf með ESB og Danir með sína krónu fastengda við evruna. Svíar séu komnir í ESB þótt þeir séu með eigin mynt. „Eftir stöndum



PURFUM AÐ NÁ TÖKUM „Við þurfum að ná tökum á þjóðarbúskapnum áður en við tökum ákvarðanir um krónuna af eða á,“ segir Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur hjá ASÍ.

FORVITNILEGT „Það væri forvitnilegt að vita hvernig aðrar þjóðir taka í það,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.



við og Norðmenn og hugsanlega Svíar. Ég tel ólíklegt að Finnar vilji fara út úr myntsamstarfinu, þeirra hagar hefur vænkast það mikið þannig að ég held að okkar hagar myndi ekki batna við slíkt samstarf. Norðmenn hafa löngum

glímt við of sterka krónu vegna olíunnar en þeir hafa ekki verið með jafnmiklar sveiflur á myntinni og við,“ segir hún.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, telur í lagi að ræða þá hug-

mynd að taka sameiginlega upp norræna krónu. „Það væri forvitnilegt að vita hvernig aðrar þjóðir taka í það,“ segir hann.

Kristina Cunningham, upplýsingafulltrúi hjá Kristínu Husmark-Persson, samstarfsráðherra Norðurlandanna í Svíþjóð, segir að ráðherrann sé ekki tilbúinn að ræða hugmyndina þar sem hún hafi ekki enn komið fram í norrænu samstarfi. Ef hún komi fram í norrænu samstarfi verði hún hugsanlega tilbúin að ræða málið.

Ekki náðist í Kristínu Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs.- ghs

STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI



ÚTI SEM INNI

ATLANTSKAUP [Upplýsingar á www.atlantskaup.is](http://www.atlantskaup.is)

Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á www.flugfelag.is

Húsnæðismarkaður á enn eftir að versna

Alþjóðlega lánsfjákræppan eykur á vandræði húsnæðiseigenda. Ástandið á eftir að versna áður en það batnar. Verði eignir verðminni en lán, getur fólk setið í áttahagfjötrum. Erfitt að meta hversu margir lenda í vandræðum.

EFNAHAGSMÁL „Þetta á væntanlega eftir að versna áður en það batnar,“ segir Þórólfur Matthíasson, prófessor við Háskóla Íslands.

Fram kom í Fréttablaðinu á föstudag að húsnæðislán séu í einhverjum tilvikum orðin jafnhá markaðsverði íbúða. Þá sýna tölur Fasteignamatís ríkisins að fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu lækkaði í febrúar, eftir stöðuga hækkun síðustu ár. Þá hafi verðbólgan haft mikil áhrif á höfuðstól verðtryggðra lána, hann hafi hækkað um ríflega 200 milljarða króna á lánnum almennings undanfarin ár. Þá hefur gengi krónunnar einnig lækkað mikið frá áramótum. Það getur valdið þeim sem hafa tekið lán í erlendri mynt vandræðum.

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, segir þetta ekki koma á óvart. Vandræði á fjármálamörkuðum hafi gert það mun erfiðara en áður fyrir fólk að fjármagna húsnæðis kaup og kjörin snarversnað. Þetta ætti að ýta undir lækkun eða að minnsta kosti vinna gegn hækkun. Við bætist að fasteignaverð hafi hækkað mikið og mikið verið byggt, „hugsanlega meira en hægt er að selja með góðu móti“.

Gylfi segir að erfitt sé að meta hversu margir lendi í vandræðum. Um það verði þó örugglega einhver dæmi. „Sérstaklega meðal þeirra sem keyptu þegar fasteignaverðið var sem hæst og spennu bogann hátt með mikilli lántöku en áttu lítið eigið fé.“

Þórólfur Matthíasson bendir á að menn hafi ekki séð alþjóðlegu



SKRIFAÐ UNDIR KAUPSAMNINGINN Fólk gæti lent í áttahagfjötrum verði íbúð þess verðminni en lánin sem á henni hvíla.

lánsfjákræppuna fyrir þegar húsnæðisskriðan fór af stað haustið 2004. Hann sagði í grein í Morgunblaðinu þá um haustið að verði myndi væntanlega hækka nokkuð, en síðan lækka aftur að nokkrum árum liðnum. Ungt par sem keypti íbúð með 100 prósentu láni kynni að sitja uppi eftir

þrjú til fimm ár með eign sem væri verulega verðminni en skuldin sem á henni hvíldi. Þetta unga fólk væri þar með hneppt í áttahagfjötra í orðsins fyllstu merkingu. „Mér finnst þessi spádómur minn vera óþægilega nálægt því að rætast.“

ingimarkar@frettabladid.is

Frystitogarinn Venus kom til hafnar með 250 milljóna verðmæti úr Barentshafi:

Vanþakklæti að brosa ekki

SJÁVARÚTVEGUR Frystitogarinn Venus kom til hafnar í Reykjavík gær með 400 tonn af unnum afurðum sem fengust úr 900 tonnum af þorski úr Barentshafi. Heildarverðmæti aflans er um 250 milljónir króna miðað við gengi á fimmtudag. Hásætahluturinn er samkvæmt því um 2,3 milljónir króna. „Við erum heppnir út af genginu, markaðir háir og góður fiskur,“ segir Guðmundur Jónsson, skipstjóri á Venusi.

„Við vorum að fiska í norsku lögsögunni í Barentshafi,“ segir hann. „Þar eru Norðmennirnir búnir að vera að rækta upp þorskstofninn. Þetta er fimmta árið sem þeir hafa bannað loðnuveiðar og því er svona ljómandi gott ástand á þorskstofninum og vel haldinn fiskurinn. Þrjátíu prósent aflans er sennilega fiskur sem er níu kíló eða þyngr,“ segir Guðmundur og telur hugsanlegt að ástandið á þorskstofninum við Ísland sé lélegt „því við erum alltaf að veiða frá honum fódrið. Ég veit ekki um neina lífveru sem lifir ekki á því að borða.“

Venus hefur farið í tvo túra það sem af er árinu og fiskað fyrir rúmar 300 milljónir króna í allt. „Til að gera þetta þurfum við að hafa 2.000 tonna togara, 30 manna áhöfn, en mér skilst að þetta sé svipað og einn bankastjóraræfill fær fyrir að mæta í vinnu.“



GOTT AFLAVERÐMÆTI Frystitogarinn Venus kom til hafnar í gær með aflaverðmæti upp á um 250 milljónir króna. „Vanþakklæti ef þeir brosa ekki núna,“ segir Guðmundur Jónsson skipstjóri um áhöfnina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

una,“ segir Guðmundur.

Venus var fjórutíu daga í Barentshafi. „Það er svoltíð langur tími,“ segir Guðmundur og telur að mannskapurinn sé ánægður. „Það væri vanþakklæti ef þeir brosa ekki núna.“

- ghs

Veldu þína framtíð

Gefðu bjarta framtíð í fermingargjöf

Fermingargjafabréf SPRON er gjöf sem vex og vex.

Framtíðarreikningum stofnuðum með gjafabréfi SPRON fylgir 2.000 kr. móttframlag frá SPRON*.

Sími 550 1200 - Þjónustuver 550 1400 - www.spron.is

*Lagjalla þarf inn að lágmarki 2.000 kr. við stofnun reiknings.



Gleðilega páska



Parf ekki að sjóða!
Aðeins 90 mín. í ofni!

Besti hryggurinn

að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandliðið til að taka út hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - þetta er besti hryggur sem landsliðið hefur smakkað!



HAGKAUP
Hamborgarhryggur
Sérvalinn úr nýju hráefni

SALT MINNI

Tilbúinn beint frá innviðum þarf ekki að sjóða

Við viljum vera stórnám að kúðunum og þess vegna erum við að tryggja besta hráefni og matreiðslu. Þetta er landsliðs matreiðslumeistari og er hann að sjá um að þetta sé besta hráefni og matreiðsla sem er til á markaði. Þetta er landsliðs matreiðslumeistari og er hann að sjá um að þetta sé besta hráefni og matreiðsla sem er til á markaði.

HAGKAUP



Kalkúnaskip smjörsproutað
- spennandi um páskana



Lambalæri
- ný slátrað



Lambahryggur
- ný slátrað



Stór humar
- 500 gr.

1.499 kr/pk
Verð áður 1.698.-

ferskt með flugi



Bláber



Rífsber



Kiwiber



Blæjuber



Hindber



Brómber



Coke og Coke light
- í gleri 6 pk.



Baguette
- ferskt baquette með og án hvítlauks



Lax
- hangireyktur lax

OPIÐ
til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

MITSUBISHI DAGAR!

Mitsubishi dagarnir eru ennþá í fullum gangi í Bílaþingi HEKLU. Notaðu tækifærið og gerðu frábær kaup á nýlegum Mitsubishi. Komdu á Klettháls og skoðaðu glæsilegt úrval gæðabíla af öllum stærðum og gerðum.



Colt

Nýskráður
nóvember 2006
Beinskíptur
Ekinn 8.000 km

Ásett verð:
1.490.000,-
Tilboðsverð:
1.190.000,-



Lancer

Nýskráður
ágúst 2003
Sjálfskíptur
Ekinn 65.000 km

Ásett verð:
1.350.000,-
Tilboðsverð:
1.050.000,-



Pajero Sport

Nýskráður
desember 2006
Sjálfskíptur
Ekinn 13.000 km

Ásett verð:
2.990.000,-
Tilboðsverð:
2.390.000,-



Outlander

Nýskráður
október 2004
Sjálfskíptur
Ekinn 40.000 km

Ásett verð:
1.990.000,-
Tilboðsverð:
1.590.000,-



Opið 10-18 virka daga
og 12-16 laugardaga



Laugavegi 174
Kletthálsi 11

sími 590 5040
sími 590 5040

www.bilathing.is
bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Sænski herinn kannar hvernig norrænu varnarsamstarfi verði best hagað:

Kvennasveit þykir líklegust

VARNARMÁL Sænski herinn hefur nú fengið það verkefni frá sænsku ríkisstjórninni að kanna hvernig Svíar, Norðmenn og Finnar geti best unnið saman í varnarmálum. Jafnvel Danir og Íslendingar hafa áhuga er haft eftir sænska ríkisútvarpinu, SR.

Líklegt er að fyrsta verkefni myndi felast í því að norrænu þjóðirnar komi sér upp sameiginlegum kvennasveitum sem verði sendar í verkefni í löndum þar sem karlkyns hermenn eiga erfitt með að nálgast og ná góðu sambandi við konur í landinu, samkvæmt frétt hjá sænska ríkisútvarpinu.

Samvinna um menntun her-



HENTA VEL Í SUMUM LÖNDUM Líklegt þykir að sameiginleg kvennasveit Norðurlandanna henti vel í verkefni í löndum þar sem karlar eiga erfitt með að ná til kvennanna.

mannna, innkaup og stjórn lofthelginar kemur einnig til greina. Þá er sameiginlegt kerfi til að fylgjast með umferð kabáta einnig ofarlega á listanum. Talið er að verulegar fjárhæðir sparist við samstarf af þessu tagi.

Sænskir stjórnarmálamenn hafa

mikinn áhuga á auknu varnarsamstarfi. „Við erum fylgjandi þessari stefnu. Nú förum við inn í tímabil þar sem við þurfum að koma þessu í framkvæmd. Þá spyrjum við herinn: Hvernig? Ekki hvort eða hvers vegna heldur hvernig og það er það tímaskeið sem við erum að fara inn í,“ segir Sten Tolgfors, varnarmálaráðherra Svía, í Dagens Nyheter.

Norðmenn og Svíar hafa þegar látið taka saman skýrslu um hvernig löndin geta menntað hermennina sína, haft sameiginlegar hernáðaræfingar og innkaup. Ekki náðist í Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra í gær en hún var á leið til Afganistans. - ghs

Róa lífróður við Breiðafjörðinn

Stjórnarformaður Sæferða segir fyrirtækið berjast við að búa til markað sem komi í stað greiðslna Vegagerðarinnar, sem minnka árlega. Kaup á nýjum Baldri hafi verið forsenda rekstursins. Er með allar klær úti á Breiðafirðinum.

SAMGÖNGUR „Við erum í kappi við tímann að byggja upp markað fyrir sumarið 2010 þegar samningur okkar við Vegagerðina rennur út. Ég trúir því að hægt sé að byggja upp starfsemi sem réttlæti þetta skip,“ segir Páll Kr. Pálsson, stjórnarformaður Sæferða.

Sæferðir komust í hárnæli á dögnum vegna sölu fjármálaráðuneytisins á ferjunni Baldri. Keypti fyrirtækið skipið af ríkinu snemma árs 2006 og seldi aftur til Finnlands með hagnaði.

Fjallað hefur verið um þennan gróða og þann stutta tíma sem tók að selja skipið, tvær vikur. Páll bendir þó á að samningar hafi verið þannig að af kaupunum hafi í raun ekki orðið fyrir en um tveimur mánuðum seinna. „En



PÁLL KR. PÁLSSON

audvitað vorum við heppin,“ segir hann.

Salan á ferjunni gerði fyrirtækinu kleift að kaupa nýjan Baldur, sem á að geta skilað nægum tekjum til að halda áfram rekstri þegar verktakasamningur við Vegagerðina um siglingarnar yfir Breiðafjörð rennur út.

„Ef þetta hefði ekki gengið upp, hefðu forsendur ferjusiglinganna verið brostnar,“ segir Páll. Við kaupin á nýja skipinu hafi Sæferðir þurft að skuldsætja sig fyrir einar 130 milljónir, en nýi Baldur



NÝR BALDUR Það er af og frá að tala um verktakagreiðslur Vegagerðarinnar sem ríkisstyrki, segir Páll. Vegagerðin leggur nú veg við Breiðafjörð og hættr því að greiða fyrir siglingarnar. Páll vinnur að því að finna fyrirtækinu rekstrargrunnvöll sem komi í stað þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

er mun stærri en sá gamli.

Veigamikill þáttur í framtíðaruppbyggingu fyrirtækisins eru náttúruvænar ferðir um Breiðafjörð. Kvikmyndin Brúðguminn, sem gerist í Flatey, hefur komið Sæferðum vel.

„Það er alveg ótrúlega mikið að gera og við önnum varla eftirspurn. Fólk bókar ferðir fyrir sig eða kaupir gjafabréf,“ segir Kristrún Konráðsdóttir, markaðs- og sölustjóri Sæferða.

Fyrirtækið stílar nú inn á aðra tegund ferðamennsku en þá sem hefur verið mest áberandi hér á

landi. Ferðabjónustu gæða og innihalds, en ekki magns. Og allar klær eru hafðar úti.

„Við erum til dæmis með hvalaskoðun, enda eru hér fleiri hvalategundir en annars staðar á landinu. Einnig sjóstangveiði og ferðir út í Suðureyjjar,“ segir hún. Nýjasta viðbótin sé fjögurra daga náttúrusigling.

„Hún er nú þegar í sölu hjá fimm erlendum skrifstofum,“ segir Páll. „Við nýtum öll tækifæri til að tryggja áframhaldandi starfsemi.“

klemens@frettabladid.is

Reykvíkingar þurfa að hringja á dyrasíma lögreglu á kvöldin og um helgar:

Erindum sinnt ef tími er til

LÖGREGLAN Lögreglan í Reykjavík hefur sett A4-blað við dyrasíma við dyrnar vestanmegin á lögreglustöðinni við Hverfisgötu þar sem stendur: „Hringið dyrasíma“. Í staðinn fyrir sólarhringsopnun í móttöku sem áður var í lögreglustöðinni geta menn nú hringt bjöllunni ef þá vantar lögregluástoð.

„Það hringir hér inni hjá okkur og við förum fram ef við heyrum í bjöllunni og höfum tíma til að sinna því. Það er ekki föst vakt á þessum dyrasíma,“ segir Gunnar Hilmarsson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni í Reykjavík. „Fólk kemur hingað til okkar allan sólarhringinn í alls kyns erindagjörðum. Við reynum að sinna því eins og hægt er,“ segir hann.

Fyrir sameiningu lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu var sólarhringsopnun á þremur stöðum; í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík. Í Reykjavík var maður í afgreiðslunni og sinnti þeim sem komu að stöðinni eða vísaði þeim annað. Nú er þetta gjörbreytt í öllum sveitarfélögum þremur. Varðstjórinn, sem alltaf var á vakt í Hafnarfirði, er nú farinn að vinna á bíl, í Kópavogi er lokað á kvöldin og í Reykjavík er sem sagt hægt að hringja á dyrabjöllunni. Þar er engin móttaka nema frá átta til fjögur alla virka daga.

„Á virkum dögum verða menn að fara í aðalinnanganginn í austurhluta hússins ef þá vantar lögreglu-



Á KVÖLDIN OG UM HELGAR „Hringið dyrasíma“ eru skilaboðin sem lögreglan í Reykjavík hefur skrifað með kúlupenna á blað til þeirra sem vantar lögregluástoð eftir klukkan fjögur á virkum dögum og um helgar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ástoð en eftir klukkan fjögur verða þeir að koma til okkar og hringja dyrasímanum sem er í anddyrinu,“ segir Gunnar.

- ghs

Páskamarkaður

Allt fyrir
útiveruna
á frábæru verði

Columbia
Sportswear Company

DEVOLD

DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN

Columbia-flíspeysa



verð áður 9.439 kr.

Tilboð 5.695 kr.

Columbia-flísjakki



verð áður 9.439 kr.

Tilboð 5.695 kr.

Columbia-jakki



verð áður 11.990 kr.

Tilboð 7.295 kr.

Columbia-peysa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 5.995 kr.

Columbia softshell-
jakki



verð áður 12.990 kr.

Tilboð 7.795 kr.

20%
afsláttur af
Devold fatnaði

Columbia-jakki



verð áður 17.990 kr.

Tilboð 10.995 kr.

Columbia-strákaúlpa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 5.995 kr.

Columbia-stelpuúlpa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 5.995 kr.

Didriksons-úlpa



verð áður 9.990 kr.

Tilboð 7.995 kr.

Viking-kuldaskór barna



verð áður 9.890 kr.

Tilboð 7.995 kr.

Nú er tækifærið að græja sig fyrir lítinn pening. Snjórinn bítur ekki á þig í vetrarfátnaði frá okkur. Komdu við og kynntu þér úrvalið og klæddu þig upp fyrir skíðaævintýrin um páskana.

 **Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Opíð mánud.–föstud. 10–18 og laugard. 10–16

TEMA REYKJAVÍK / SÍA

-2 kr.



Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is



10 stk.
990 kr.

Páskaföndur



10 stk.
1.280 kr.

Borgartúni 29 + Höfðabakka 3
Smíðjuvegi 5 + Ögurhvarfi 2 + Iðuhúsinu
Glerárgötu 34 Akureyri + Aðalstræti 27 Ísafirði

A4

3M gluggafilmur fyrir skóla, sjúkrahús, skrifstofur, verslanir og aðra vinnustaði
Fagmenn frá RV sjá um uppsetningu

Glerfínar gluggafilmur

– aukin vellíðan á vinnustað



Rekstrarvörur
– vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Flugskóli Íslands hefur samið um smíði og leigu á ný metra flughermi:

Hagræðing verður heilmikil

MENNTUN Flugskóli Íslands, dótturfélag Fjöltekniskólans, hefur gert samning um rekstrarleigu á splunkunýjum flughermi fyrir Boeing 757-þotur sem kemur til landsins í apríl á næsta ári. Icelandair kaupir flugtíma fyrir sína flugmenn í flugherminum og notar í þetta um 1.700 sæti í sínum flugvélum.

„Við seljum þeim flugtíma í herminum. Flugmenn verða að fara tvisvar sinnum á ári í svona hermi og hafa hingað til þurft að fara í tveggja til þriggja daga þjálfun erlendis sem kostar það að þeir þurfa að fljúga út og vera á hóteli í viku. Þetta mun nú allt gerast hér heima þannig að hagræðingin verður



SAMIÐ UM NÍU METRA FLUGHERMI Flugskólinn hefur samið um smíði og rekstrarleigu á ný metra háum flughermi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ur heilmikil og þetta er mannvænna, það þarf ekki að þvæla mönnum út meira en þeir þurfa,” segir Jón B. Stefánsson, framkvæmdastjóri Flugskóla Íslands.

Flugskólinn mun eiga og reka

herminn. Skólinn er þegar farinn að selja lettneskum og litháískum flugfélögum flugtíma. „Hugmyndin er að markaðssetja fyrir önnur flugfélög, til dæmis í Austur-Evrópu og Ameríku,” segir hann.

Flughermirinn er tekinn á rekstrarleigu en gert er ráð fyrir að velta Flugskólans verði alls rúmlega einn milljarður króna næstu fimm árin. Í þeim tölum er gert ráð fyrir einhverjum hagnaði.

Flughermirinn er stórt og mikið tæki sem þarf meðal annars ný metra lofthæð. Hann sveiflast til á tjökkum eins og flugvél gerir í flugi. Flughermirinn er smíðaður í Kanada.

- ghs

Vextir húsnæðislána næstum tvöfaldast

Afborganir af húsnæðislánum með breytilegum vöxtum gætu hækkað verulega þegar lánin verða endurskoðuð. Fyrstu lánin verða endurskoðuð á næsta ári. Forsvarsmenn banka vonast til þess að vextir verði lægri við endurskoðun.

EFNAHAGSMÁL Afborganir af húsnæðislánum í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum hjá bönkunum gætu hækkað verulega við endurskoðun vaxta.

Vextir fyrstu lánanna verða endurskoðaðir haustið 2009, en þau hagstæðustu bera 4,15 prósent vexti. Eftir því sem næst verður komist bera dýrustu sambærilegu lánin í dag 7,8 prósent vexti. Vextir lána sem ekki eru með endurskoðunarákvæði munu ekki breytast.

„Fyrstu lánin munu koma til endurskoðunar seint á næsta ári, en obbbinn af þeim kemur til endurskoðunar árið 2010,” segir Már Másson, forstöðumaður kynningarmála hjá Glitni. Þeir bankar sem haft var samband við gáfu hvorki upp fjölda lána með slíku endurskoðunarákvæði, né upphæðir, af samkeppnisástæðum.

Spurður hvort líklegt sé að vextir muni hækka segir Már: „Í sjálfu sér eru þetta ekki tímabærar vangaveltur, vaxtastigið er í sögulegum hæðum núna og við verðum að sjá hvernig það þrást.”

Í kynningu útibússtjóra hjá Íslandsbanka, nú Glitni, frá maí 2005, kom fram að slík lán fælu í sér minni vaxtaáhættu, og að almennt væri spáð vaxtalækkun til langs tíma. Í flestum tilvikum myndu íbúðaeigendur spara töluvert á því að endurfjármagna áhvílandi lán, sem yfirleitt bæru 5,1 prósent vexti.

Í dag býður Glitni húsnæðislán með 6,35 prósent vöxtum án endurskoðunarákvæðis, en árið 2004 bauð Íslandsbanki lán með vöxt-



HÚSNÆÐI Vextir húsnæðislána hjá bönkunum voru lægstir nærri fjórum prósentum, en eru nú komnir hátt í átta prósent fyrir lán með endurskoðunarákvæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

um frá 4,15 prósentum.

Haukur Agnarsson, deildarstjóri fasteignaþjónustu hjá Landsbankanum, segir að minnihluti lána hjá bankanum sé með endurskoðunarákvæði, og hlutfallið hafi farið lækkanði á undanföllum árum. Það skýrist líklega einkum af vaxtamun, slík lán séu nú með 7,8 prósent vöxtum en lán án endurskoðunarákvæða séu með 6,3 prósent vöxtum.

Talsverður fjöldi viðskiptavina SPRON er með húsnæðislán með breytilegum vöxtum, en fæst þeirra koma til endurskoðunar fyrr en á árinu 2010, segir Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri

SPRON sparísjóðs. Vextir SPRON á nýjum lánnum með endurskoðunarákvæði eru nú 6,95 prósent.

„Það er gert ráð fyrir því að vextir fari að lækka, eitt og hálf ári er langur tími. Ég er nokkuð viss um að vaxtastigið verður mun lægra, en hvort það verður jafn lágt og þegar við vorum að byrja með þessi lán er ómögulegt að segja,” segir Ólafur.

Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, segir bankann aldrei hafa veitt húsnæðislán í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum. Því verði vextir húsnæðislána hjá bankanum óbreyttir.

brjann@frettabladid.is

Kosningabaráttu í fyrsta skipti vegna stjórnarkjörs hjá lögreglumönnum:

Tveir takast á um formennsku

VINNUMARKAÐUR Endurnýjun er yfirvofandi í forystusveit Landssambands lögreglumanna, LL, en stjórnarkjör stendur nú yfir. Hvorki formaður né varaformaður LL gefa kost á sér en tveir listar eru nú í fyrsta skipti í boði og er það óvenjulegt, að sögn Steinars Adolffssonar framkvæmdastjóra.

Gils Jóhannsson varðstjóri leiðir annan listann og er hinn undir forystu Snorra Magnússonar rannsóknarlögreglumanns. Nokkrir einstaklingar úr núverandi stjórn og varastjórn eru á lista Gils. Listi Snorra er hins vegar skipaður yngri mönnum sem sumir koma nýir inn. Tveir menn eru þó á báðum listum. Þetta eru þeir Loftur Kristjánsson, lögreglumaður á Reykjanesi, og Óskar Þór Guðmundsson, lögreglumaður á Austurlandi. Loftur er í núverandi stjórn og er sá eini úr stjórninni sem heldur áfram ef listi Snorra nær kjöri.

Snorri segir að ástandið hafi verið frekar bágborð innan lögreglunnar upp á síðkastið, meðal annars tal um niðurskurð eða hagræðingu. „Við viljum setja tennur upp í Landssambandið, að það sé bit- og slagkraftur þar,” segir hann og kveður gagnrýnina ekki nýja af nálinni þótt hún hafi ekki verið á teng borin.



FRAMBOÐSFUNDUR HJÁ LÖGREGLUMÖNNUM Kosningabaráttu er á fullu meðal lögreglumanna og stóð annar listinn fyrir framboðsfundi nýlega. Þetta er í fyrsta skipti sem lögreglumenn kjósa milli lista í stjórnarkjöri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Gamla stjórnin vann mjög vel. Hún beitti sér til dæmis fyrir breytingu á hegningarlögunum sem varð aukin refsivernd fyrir lögreglumenn og margt annað. Hún skilar ekki slæmu búi, það er alveg klárt mál,” segir Gils.

Stjórnarkjörið fer fram með póstatkvæðagreiðslu sem stendur til 27. mars. Niðurstaðan liggur fyrir í byrjun apríl.

- ghs

Skýrsla um umferðarslys á Íslandi árið 2007 kynnt í vikunni:

Flest alvarleg slys í ágúst

SLYS Banaslysum fækkaði mikið en alvarlegum slysum fjölgaði milli ára 2006 og 2007. Þetta kemur fram í skýrslu um umferðarslys á Íslandi sem Umferðarstofa kynnti í vikunni. Flest alvarleg slys og banaslys á síðasta ári urðu í ágúst, en 30 manns slösuðust alvarlega eða létust í þeim mánuði.

Fimmtán létu lífið í jafnmörgum umferðarslysum á árinu. Fjöldi banaslysa er því meðal þess lægsta sem þekktist í Evrópu. Aðeins eitt slysanna átti sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Þrír hinna látnu voru ökumenn bifhjóla, einn var gangandi vegfarandi og ellefu

voru ökumenn eða farþegar í bíl. Af þessum ellefu reyndust sex ekki vera í bílbelti. Tæplega 1700 manns slösuðust í umferðinni árið 2007, þar af 195 alvarlega.

Umferðarslysum hefur fækkað frá árinu 1998 sé tekið mið af fjölgun ökutækja, íbúa og ekinna kílómetra. Þrátt fyrir fækkunina hefur markmiðum stjórnvalda í umferðaröryggismálum ekki verið náð. Markmið stjórnvalda er að fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni lækki um fimm prósent á ári til ársins 2016. - þeb

UMFERÐARSLYS Flest umferðarslys á árunum 2006 til 2007 urðu í ágústmánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



VIÐ VEIÐAR Það var tilkomumikið að fylgjast með loðnuskipunum svo nærri landi við Vestmannaeyjar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

Loðnuveiðar við Eyjar:

Lítið að hafa

SJÁVARÚTVEGUR „Það var ekkert að hafa. Ætli þetta sé ekki bara búið,“ sagði Ólafur Á. Einarsson, skipstjóri á Álsey VE, sem var ásamt fleiri skipum við loðnuveiðar nærri Vestmannaeyjum í gær.

Margir Eyjamenn gerðu sér ferð austur á eyju í góða veðrinu til að fylgjast með loðnuskipum sem köstuðu nótum sínum á loðnu í Stakkabótinni nærri landi. Einhverjir bátar hafa ekki náð að fylla kvóta sinn og eru að brenna út á tíma þar sem loðnan fer að hrygna og drepast. - þo

Fyrst rottur, nú bændur:

Ljósleiðari lag- aður í Skotlandi

SAMSKIPTI Skoskir bændur í girðingavinnu hægðu á öllu netsambandi til og frá Íslandi í sólarhring. Ljósleiðari sem flytur meðal annars umferð FARICE-1 sæstrengsins bilaði við girðingalagningu í Skotlandi í fyrradag og var ekki lagaður fyrr en seinni partinn í gær.

Rúmlega tvö ár eru síðan rottur gerðu Ísland netsambandslaust í stutta stund með því að naga strenginn í sundur.

Bilunin hafði þau áhrif að netumferð frá Íslandi var mun hægvirkari en ella, enda þurfti hún öll að fara í gegnum CANT-AT-3 varastrenginn, sem hefur mun minni afkastagetu. - sps

Lögreglan í Finnlandi:

Leitar ólöglegra innflytjenda

FINNLAND Lögreglan í Finnlandi stendur nú í átaki til að koma í veg fyrir að ólöglegir innflytjendur setjist að í landinu. Lögreglan gerði húsleit í tveimur næturklúbbum um helgina til að kanna hvort þar væru ólöglegir innflytjendur, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet.

Fulltrúar lögreglunnar, tollayfirvalda og landamæragæslunnar leituðu á samtals tæplega sextíu einstaklingum í næturklúbbunum. Sumir voru starfandi þar meðan aðrir voru þar sem gestir. Níu voru teknir höndum og ákveðið að kanna mál þeirra betur en aðeins tveir höfðu ekki dvalarleyfi. - ghs

Lýstu upp heimilið með Flügger

- ótrúlegt úrval lita á frábæru verði



Gæðamálning með góða hulu, endingargóð og auðveld í notkun.

Hörpuskin
ljósir litir
2.490
3 lítrar ~~4393~~

Gæðaverkfæri á góðu verði

Handfang 25cm
262 kr
~~403 kr~~

Málningarbakki 25cm
265 kr
~~408 kr~~

Skaft
243 kr
~~374 kr~~

kefli 25 cm
712 kr
~~1096 kr~~

Pensill 50mm
396 kr
~~610 kr~~

Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400
flugger.is

Reykjavík · Kópavogur · Hafnarfjörður · Keflavík · Akureyri · Borgarnes

Flügger litir



Hljóðið skýrist með ADRO™

Í fyrsta skipti er þægilegur hljómur og afburða talgreining sameinuð í einu tæki með hinni einstöku **ADRO** tækni. Hljóðið sem berst þér er ekki lengur þjappað og líflaust heldur vítt og breytilegt. Komdu og kynntu þér málið!

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ!
Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin, Kringlunni • Tímá pantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyarnarstodin.is



ÁTÖK Um áttatíu hafa látist í átökum milli Tíbeta og kínverskra stjórnvalda, samkvæmt tíbetsku útlagastjórninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Menningarlegt þjóðarmorð í Tíbet

Um áttatíu hafa látist í átökum milli Tíbeta og kínverskra stjórnvalda, segir tíbetska útlagastjórnin. Andlegur leiðtogi Tíbeta fordæmir aðgerðirnar.

KÍNA, AP Að minnsta kosti áttatíu hafa látið lífið í átökum milli Tíbeta og kínverskra yfirvalda undanfarna daga. Yfir sjötíu hafa slasast. Þetta fullyrðir tíbetska útlagastjórnin á Indlandi, og kveðst hafa fengið tölurnar staðfestar frá mörgum.

Tölur kínverskra stjórnvalda um mannfall í átökunum eru mun lægri. Þau segja að tíu manns hafi látið lífið í átökum sem brutust út á föstudag, í kjölfar friðsamlegra mótmæla sem hafa staðið yfir í tæpa viku. Sem fyrr snúast mótmælin um yfirráð Kínverja yfir landsvæðinu.

Aðgengi vestrænna fjölmiðla að Tíbet er stjórnað af Kínverjum, og því hefur reynst erfitt að staðfesta fregnir af því sem gerist þar.

Dalai Lama, andlegur leiðtogi Tíbeta, fordæmir aðgerðir Kínverja í Tíbet og kallar þær menningarlegt þjóðarmorð. Í viðtali við fréttastofu BBC sagðist hann óttast að fleiri myndu deyja ef kínversk stjórnvöld breyttu ekki stefnu sinni varðandi Tíbet.

Kínverjar hafa ráðið yfir Tíbet

síðan þeir réðust þangað inn árið 1950.

„Ástandið er orðið mjög eldfimt. Báðar fylkingar virðast vera jafn-ákveðnar, sem hefur í för með sér fleiri dauðsföll og meiri þjóningur,“ sagði Dalai Lama. „Kínverska ríkisstjórnin heldur að af því að hún hefur vopnin þá geti hún stjórnað. Augljóslega getur hún stjórnað, en hún hefur ekki vald yfir mannhuganum.“

Sjónvarpsstöð í Hong Kong flutti í gær fréttir af stórfelldum herflutningum Kínverja inn í Lhasa, höfuðborg Tíbeta. Um tvö hundruð bifreiðar, hver með fjörutíu til sextíu vopnaða hermenn, hafi ekið inn í miðju borgarinnar í gær.

Átökin brutust út aðeins tveimur vikum áður en hátíðahöld Kínverja vegna Ólympíuleikanna í sumar hefjast. Þá verður lagt af stað í ferðalag með Ólympíukyndilinn, og fer hann meðal annars í gegnum Tíbet. Vonir kínverskra stjórnvalda standa til að Ólympíuleikarnir bæti ímynd landsins út á við.

salvar@frettabladid.is

Kjöt & Fiskertorgið

Alltaf ferskt

Steinbítur með kryddjurtum

Steinbítur marineraður með hvítlauk, rauðlauk, strengja-baunum og ferskum kryddjurtum

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b. 15 mínútur við um 180°C í forhituðum ofni eða steikt á pönnu í um 15 mín.



Ýsa í malasíukarrý

Ýsa marineruð í chili, lauk, ferskum kryddjurtum og malasíukarrý

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b. 15 mínútur við um 180°C í forhituðum ofni eða steikt á pönnu í um 15 mín.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Innbrot á Skagaströnd:

Gripinn sofandi í þýfishrúgu

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í verslun Lyfju á Skagaströnd í fyrrinótt og stolið þaðan miklu magni af lyfjum og peningum. Miklar skemmdir voru unnar á húsnæðinu en innbrotspjófurinn braut sér leið inn í apótekið bakdyrmeigin.

Þjófurinn lét einnig greipar sópa á efri hæð hússins, í félagsmiðstöðinni Undirheimum. Þar stal hann skjávörpum, hljómtækjum og peningum sem unglíngarnir höfðu safnað.

Þjófurinn var handtekinn á heimili sínu á Skagaströnd undir morgun þar sem hann svaf í hrúgu lyfja og peninga. - þo

Unnendur Þjórsár vöktu athygli á baráttunni fyrir verndun árinna:

Lásu ljóð við Urriðafoss

UMHVERFISMÁL Nokkrir unnendur Þjórsár komu saman við Urriðafoss á föstudagskvöldið og lásu ljóð. Með þessu vildu þeir „á tákna-rænan hátt sýna stuðning við Þjórsá og vekja athygli á baráttunni til verndar henni gegn ásælni Landsvirkjunar,“ eins og segir í tilkynningu.

Þær þrjár virkjanir sem fyrir-tækið áformar að byggja komi til með að valda „öbætanlegum náttúruspjöllum og er Urriðafoss eitt af því sem fórnað yrði,“ segir einnig.

Hópurinn hvetur fólk til að skoða Urriðafoss á fallgum vetrardegi eða á heiðskíru kvöldi „til að sjá í senn feegurð himins og jarðar“. - kóp



VIÐ URRIÐAFOSS Unnendur Þjórsár segja að fossinum yrði fórnað vegna fyrirhugaðra virkjana. MYND/ÓLAFUR SIGURJÓNSSON

FRÁ LJÓÐALESTRINUM Unnendur Þjórsár komu saman og lásu ljóð til að sýna stuðning sinn við verndun Þjórsár. MYND/ÓLAFUR SIGURJÓNSSON

Í það minnsta tuttugu látnir:

Flugskeytaárás á hús í Pakistan

PAKISTAN, AP Að minnsta kosti tuttugu létust í flugskeytaárás á byggingu nærri landamærum Pakistans og Afganistans í gær. Samkvæmt þarlandri ríkisfréttastofu er ekki vítað að svo stöddu hverjir bera ábyrgð á árásinni.

Talið er að leiðtogi uppreisnarskipa hafi búið í húsinu og þess vegna hafi flugskeytunum verið beint að því. Byggingin gjöreyðilagðist. Svæðið í kring hefur verið lokað af og var leitað að fólki í rústunum þegar Fréttablaðið fór í prentun. - sps



Í SKOÐUN Margt bendir til að lögreglunemar fái ekki vinnu að loknu máli. Dómsmálaráðuneytið er með málið í skoðun.

Lögreglufélag Reykjavíkur:

Lögreglunemar fá ekki vinnu að loknu máli

LÖGREGLAN Ýmislegt bendir til að flestir þeirra nema sem nú eru í Lögregluskóla ríkisins, LSR, muni ekki fá vinnu að loknu máli. Þetta kom fram á fundi Óskars Sigurpálssonar, formanns Lögreglufélags Reykjavíkur, LR, og Karls Jóhanns Sigurðssonar, varaformanns LR, með Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra fyrir helgina.

Dómsmálaráðherra segir að „á fundi mínum með forystumönnum lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu fórum við yfir ýmis mál og skiptumst á skoðunum í mikilli vinsemd. Ég ætla ekki að ræða einstök umræðuefni eða úrlausn þeirra.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er verið að skoða málið í dómsmálaráðuneytinu. - ghs



Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

DIPLÓMU- OG MEISTARANÁM Í MENNTUNARFRÆÐUM

Skólaárið 2008–2009 er boðið upp á diplómu- og meistaranám í menntunarfræðum með áherslu á:

- Almenn nám í menntunarfræðum
- Kennslufræði – hlutverk umsjónarkennara
- Kennslufræði – leiðsögn
- Lestrarfræði
- Menntastefnu og jafnréttismál – nýtt haustið 2008
- Sérkennslufræði
- Skólaþróun
- Stjórnun í skólastofnunum

Hægt er að ljúka 15 eða 30 eininga diplómunámi (Dipl.Ed.-gráðu) og 60 eininga meistaranámi (M.Ed.-gráðu). Kenn er í lotum og hefst námið með vikulangri lotu um mánaðamótin ágúst/september.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á www.unak.is. Einnig er hægt að hafa samband við Ingólf Ásgeir Jóhannesson brautarstjóra framhaldsbrautar (sími 460 8558, ingo@unak.is) eða skrifstofu kennaradeildar (sími: 460 8041/460 8042, kennaradeild@unak.is).

FYRRI UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 15. APRÍL 2008*

*Seinni umsóknarfrestur er til 5. júní. Athugið að takmarkaður fjöldi fær skólavist og umsækjendur í fyrri umferð eiga betri möguleika að uppfylltum inntökuskilyrðum. Framboð náms er háð því skilyrði að næg þátttaka fái.



Valdimar Víðisson, skólastjóri Grenivíkurskóla

”

Námið er afar heppilegt fyrir mig þar sem ég get stundað það samhliða fullu starfi. Námskeiðin eru fjölbreytt, lærdómsrík og tengjast starfi mínu. Í náminu er lögð mikil áhersla á gagnrýna hugsun, iðrun og samvinnu.

Sýn kennaradeildar Háskólans á Akureyri

Að nemendur geti lagt mat á menntamál á gagnrýnn og ígrundaðan hátt. Metnaður framhaldsbrautar kennaradeildar HA er að mennta fagfólk sem hefur þekkingu, færni og vilja til að veita forystu og axla ábyrgð í skólakerfinu og vill efla skóla þar sem allir geta þroskast í starfi, lært hver af öðrum og hver með öðrum.





Á FÁKI FRÁUM Þessi kona klæddist arabískum prinsessubúningi þegar hún tók þátt í skrúðgöngu á árlegri hestahátíð í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Talsmaður neytenda kynnti þrjú verkefni á alþjóðadegi neytenda í gær:

Nýtt leiðakerfi fyrir neytendur kynnt

NEYTENDAMÁL Norrænt hollustumerki fyrir matvæli var meðal þriggja verkefna sem Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, kynnti á föstudag, á alþjóðadegi neytenda.

Eru merkin liður í viðleitni umboðsmanns barna og talsmanns neytenda við að koma á heildarsátt við fulltrúa markaðarins og aðra hagsmunaaðila um að draga frekari mörk við markaðssókn sem beinist að börnum.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra opnaði svo nýjan vef, Leiðakerfi neytenda, sem ætlað er að auðvelda neytendum að finna upplýsingar og ná fram rétti sínum. Er þar einnig hægt að fá aðstoð með

að bera fram kvartanir og skjóta málum, þegar við á, til úrlausnar hjá kvörtunarnefndum eða öðrum úrlausnaraðilum.

Leiðakerfi neytenda er á slóðinni www.neytandi.is og er verkefnið á vegum talsmanns neytenda en í samstarfi við tugi stofnana og samtaka sem eiga í hlut. Hlutverk talsmanns neytenda er að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd.

Þá ræddi Gísli einnig kosti þess að nýta lagaheimildir til þess að sýslumenn leiti sátta í ágreiningsmálum neytenda við seljendur vöru og þjónustu.

- ovd



FRÁ OPNUN LEIÐAKERFISINS Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra opnar síðuna neytandi.is

MYND/PURÍÐUR HJARTARDÓTTIR

www.volkswagen.is

Passat Meira fótapl



Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

Saga Capital:

Tveir nýir koma inn í stjórn

VIÐSKIPTI Sindri Sindrason, stjórnarformaður Eimskipafélags Íslands, og Gunnar Þór Gíslason, framkvæmdastjóri Sundagarða, voru kjörnir nýir inn í stjórn Saga Capital fjárfestingarbanka á aðalfundi bankans sem haldinn var í gær. Þrír stjórnarmenn sitja áfram, þeir Halldór Jóhannsson, sitjandi stjórnarformaður, Jóhann Antonsen og Róbert Melax.

Porvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital, skýrði frá því að sótt hefði verið um viðskiptabankaleyfi.

- ghs



PORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON

Karlmaður í Reykjavík dæmdur í eins árs fangelsi:

Hrottalegt ofbeldi gegn unnustu

DÓMSTÓLAR Karlmaður í Reykjavík hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í eins árs fangelsi fyrir hrottalega árás á unnustu sína, auk þess sem hann nauðgaði henni. Hann var dæmdur til að greiða henni rúmar sex hundruð þúsund krónur í miskabætur. Níu mánuðir voru skilorðsbundnir.

Samkvæmt ákæru fór maðurinn inn í íbúð á Laugarvatni þar sem unnusta hans var og togaði hana út og inn í bifreið sína. Þaðan ók hann að Gjábakkavegi og dró hana út úr bílnum og sló hana í andlit og líkama. Þá setti hann hana aftur upp í bíl og ók að húsi á Laugarvatni þar sem hann dró hana á hárinu út úr bílnum og inn í íbúð þar sem hann beitti hana kynferðislegu ofbeldi. Þá sló hann hana ítrekað í andlit og líkama og hlaut konan ýmsa áverka við árásina.



LAUGARVATN Ofbeldisverkaðurinn hófst á Laugarvatni.

Maðurinn játaði að hafa veist að konunni en neitaði sumum ákæruliða. Dómurinn komst hins vegar að því út frá gögnum málsins að maðurinn hefði gerst sekur um það.

Í dómsniðurstöðu segir meðal annars að ofbeldisverk mannsins hafi staðið í umtalsverðan tíma og verið til þess fallið að niðurlægja unnustu hans og svipta hana mannlegri reisni.

- jss

Ræddi við embættismenn:

John McCain heimsækir Írak

ÍRAK, AP John McCain, forsetaefni repúblikana í bandarísku forsetakosningunum, heimsótti Bagdad, höfuðborg Íraks, í gær. Í heimsókninni ræddi öldungadeildarþingmaðurinn við íraska og bandaríska embættismenn.



JOHN MCCAIN

Meðal viðmælanda hans var Barham Saleh, aðstoðarforsætisráðherra Íraks.

McCain, sem var einn helsti stuðningsmaður innrásar Bandaríkjahers árið 2003, heimsækir Írak á sama tíma og Kúrdar í norðurhluta landsins minnst þess að tuttugu ár eru liðin frá því að Saddam Hussein fyrirskipaði efnavopnaárás, sem varð fimm þúsund að bana.

- sps

Finnskur listamaður:

Ákærður fyrir barnaklám í list

FINNLAND Finnski listamaðurinn Ulla Karttunen hefur verið ákærður fyrir vörslu barnakláms. Lögreglan lagði hald á nokkur af listaverkum Karttunen eftir að gestur á list-sýningu hennar í miðborg Helsinki kærði hana fyrir vörslu barnakláms.

Myndir Karttunen voru af drengjum og stúlkum í verki sem nefnist Neitsyhuorakirkko og mætti útleggja sem Kirkja óspilltu hóranna. Karttunen segir sjálf að verk sín séu gagnrýni á barnaklám. Hún heldur því fram að efnid sé almennt aðgengilegt á netinu, það sé ekkert leyndlegt klámefni.

- ghs

Möguleikar Íslands í hugsanlegum aðildarsamingum við Evrópusambandið:

Íslensk sérákvæði eru samningsatriði

EVROPUMÁL Vel er hugsanlegt að hægt sé að semja um sérreglur sem geri kleift að tryggja sérhagsmunum Íslands hvað varðar fiskveiðistjórnun ef Ísland semur um aðild að Evrópusambandinu. Landið verður þó almennt séð að ganga að öllum þeim reglum sem fyrir eru í gildi í sambandinu, þar með talið sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni.

Þetta segir Jens Hartig Danielsen, prófessor í Evrópu- og þjóðarétti við Árósháskóla, í samtali við Fréttablaðið, og vísar til sérreglna um takmörkun á rétti annarra ESB-borgara til kaupa á sumarhúsum í Danmörku sem dæmi um slík sérá-



JENS HARTIG DANIELSEN
Talaði á fundi Lagastofnunar HÍ.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

kvæði. Ákvæðin um norðurslóðal- andbúnað, sem samið var um er Svíar og Finnar gengu í sambandið, eru að hans sögn annað dæmi um sérsniðnar reglur sem gagnast

gætu sem fordæmi.

Danielsen hélt erindi um gildandi lög og reglur Evrópusambandsins á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs með tilliti til hugsan-

legrar aðildar Íslands á hádegisfundi í boði Lagastofnunar Háskóla Íslands á miðvikudag.

Danielsen segir að við gildistöku nýju uppfærslunnar á stofnsáttmála ESB, sem kennd er við Lissabon og kemur í stað stjórnarskrársáttmálans strandaða, muni engar innihaldslegar breytingar verða á þeim grundvallarreglum sem um sameiginlega stefnu ESB á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs gilda. Í nýja sáttmálanum verði að vísu ákvæðin um sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna í fyrsta sinn í sérkafla. Innihaldslega breyti þetta þó engu, að því er hann best fái séð.

- aa

TDI®
FÆST
MEÐ TDI®
DÍLSÍVÉL

EYÐIR
AÐEINS FRÁ
5,6 l/100 km

CO₂
ÚTBLÁSTUR
AÐEINS FRÁ
148 g/km

KOLEFNIS-
JAFNAÐUR
Í EITT ÁR

DÚXAÐI Á
EURO NCAP
PRÓFINU

HLAUT
GULLNA
STÝRIÐ

SVEIGJAN-
LEGR
SÖLUMENN

Þú er ekki stillingarátriði.

Með hinni mögnuðu TDI® dísilvél eyðir Passat aðeins 5,6 lítrum á hundraðið.

Fáir bílar sameina jafn vel kraft, þægindi og magnaða akstursupplifun og Passat. Og enginn þeirra fæst á sambærilegu verði. Volkswagen Passat færir þér búnaðinn, plássíð og útlitið sem þig hefur alltaf dreymt um. Allt sem þú þarft að gera er að leggja blaðið frá þér, koma til okkar og prófa þennan frábæra lúxus.

Passat kostar aðeins frá
2.770.000 kr.

Eða 34.900 kr. á mánuði miðað við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,95%. Sýndur bill á mynd Passat Comfortline Plus.

TDI® vél og meiri lúxus fyrir 350.000 kr.

- 1.9 TDI® dísilvél
- fjarlægðarskýrnarar að framan og aftan
- aðkomuljós
- hiti í sætum
- 16" álfelgur,
- leðurklætt stýri
- leðurklædd handbremsa
- leðurklædd gírstöng
- vegleg VW regnhlíf



Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 • sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri • Akranesi • Ísafirði • Reyðarfirði • Reykjanesbæ • Selfossi



Ekki vitað hver var að verki:

Svíi myrtur á taílenskri strönd

TAÍLAND, AP Svænsk kona var myrt í Taílandi í fyrradag. Hún var á gangi á baðströnd á Phuket-eyju þegar ráðist var á hana og hún stungin í hálsinn.

Ekki er vitað hver eða hverjir voru að verki.

Að sögn lögreglu hafði konan, sem hét Hanna Charlotta Backlund og var á þritugsaldri, tjaldað á lóð hótels á norðurhluta eyjarinnar. Á laugardaginn hafi hún bedið ferðafélaga sinn að koma með sér í gönguferð á ströndinni, en hann ákveðið að halda sig á hótelinu.

Þegar konan hafði ekki skilað sér aftur á hótelið um kvöldið fór ferðafélaginn að leita hennar og fann lík hennar í sandinum.

Phuket-eyja er einn vinsælasti ferðamannastaður Taílands og þangað koma þúsundir Svía á hverju ári.

- sfs

Kanadískur fyrirlesari um leiðir til að lina þjáningar alvarlega veikra sjúklinga:

Máttur andlegra lækninga

HEILSA Andlegur stuðningur gegnir veigamiklu hlutverki við að lina þjáningar fólks sem þjáist af alvarlegum sjúkdómum. Þetta segir Lorraine Wright, fyrrverandi prófessor í hjúkrun við Alberta-háskóla í Kanada, sem hélt fyrirlestur í Háskóla Íslands á fimmtudag um þjáningar sjúklinga og leiðir til „andlegra lækninga“.

Meðal helstu þátta sem reynslan hefur að hennar sögn sýnt að gefi góða raun eru meðferðarviðtöl, að sjúklingnum sé sýnd samúð og kærleikur, að hann njóti félagslegs stuðnings og að hann rækti með sér von. Loks segir hún að bæni hjálpi, og þeim sé hægt að beita án þess að vera sérstaklega trúður á æðri máttarvöld. Hver og einn geti fundið sína leið til að stunda bæni eða ígildi þeirra.

Wright segir margt hægt að



LORRAINE WRIGHT Flutti erindi í HÍ á fimmtudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

læra af því hvernig andlegir þættir eru notaðir til styrkingar sjúklinga í asísk-búddískri lækningahefð, en hún hefur tekið þátt í

rannsóknnum á henni, sérstaklega í Taílandi. Í erindinu í gær rakti hún lærdómsríkar dæmisögur úr þeim rannsóknnum.

- aa

Flugfélagið Sterling:

Flugnemar fljúga þotum

SAMGÖNGUR Reynslulitir flugnemar fljúga farþegaþotum fyrir danska flugfélagið Sterling án þess að farþegarnir viti af því. Ellefu flugnemar hafa undanfarið flogið farþegaþotunum hjá Sterling í Noregi, að því er fram kemur í Aftonbladet.

Sterling er í samstarfi við danska flugmannaskólann Center Air Pilot Academy. Í skólann komast nemendur án nokkurrar reynslu. Í nóvember 2006 voru menntunarkröfurnar minnkaðar. Eftir 70 tíma í flughermi, 40 tíma á einshreyfilsvélum og próf geta nemarnir flogið með farþega.

„Það er lélegt að nota flugvélar með farþegum sem greiða fullt verð í kennsluflug,“ segir Sigurd Lökhölm, framkvæmdastjóri Norska flugmannafélagsins.

- ghs



RÚSTIR Mikil eyðilegging var allt í kringum svæðið þar sem kraninn féll.

NORDICPHOTOS/AFP

Eitt versta byggingarslys í sögu New York-borgar:

Byggingarkrani féll og banaði fjórum

BANDARÍKIN, AP Að minnsta kosti fjórir létu lífið og um tuttugu slöuðust þegar byggingarkrani hrundi í New York í Bandaríkjunum í fyrradag. Kraninn stóð á byggingarsvæði þegar hann brotnaði í nokkra hluta og lenti á fjölbýlishúsi og fleiri byggingum.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun var enn verið að leita að fólki í rústum húsanna. Fjórir hafa fundist látnir hingað til. Michael Bloomberg borgarstjóri sagði

þetta eitt versta byggingarslys í sögu borgarinnar.

Að sögn sjónarvotta var orsök slyssins sú að stálbiti féll og sleit í sundur einn af vírunum sem héldu krananum uppi.

„Þetta var algjört furðuslys. Hefði stálbitinn farið örlítið lengra til hægri eða vinstri hefði ekkert gerst,“ sagði Stephen Kaplan, eigandi verktakans sem byggir á svæðinu þar sem kraninn stóð.

- sps

NÝTT

Í ÞESSUM MÁNUÐI

SÓMI

Sesar kjúklingahyma

NÝTT

Reyktur lax & eggjasalat

NÝTT



NÝTT

Amerísk gríslanglokurist

www.somi.is

FRÉTTASKÝRING: Mansal

Konurnar eru heimilis- og kynlífsþrælar

Mansal er alheimsvandi. Fórnlömbin eru oft konur frá fátækum löndum sem giftast og flytja með manninum til heimalands hans. Þær hafa enga lagalega stöðu í landinu og geta lent í gildru ofbeldis, einangrunar og kynlífsþrælkunar. Doktor Rachel Parrenas flutti erindi um stöðu kvenna í hnattvæðingunni fyrir skömmu.

Áætlað er að 800 þúsund manneskur gangi kaupum og solum í mansali í heiminum í dag, fyrst og fremst konur og börn. Alvarlegustu dæmin eru börn sem er rænt frá foreldrum sínum og alin upp í eyðimörkinni til að sjá um úlfalda, eða börn sem neyðast til að verða barnahermenn í Afríku eða eru hneppt í kynlífsþrældóm. Konur frá fátækum ríkjum hafa líka erfiða stöðu en oft giftast þær til annarra landa og lenda þar í þrælkun.

Starfaði sjálf á bar

Doktor Rachel Parrenas við Kaliforníuháskóla var nýlega hér á landi til að fjalla um stöðu kvenna í hnattvæðingunni. Rachel rýndi meðal annars í mansal og skuggahlíðar nútímafólksflutninga og byggði þar á rannsóknnum sínum á aðstæðum filippseyskra farandkvenna í kynlífsiðnaði Tókýó en hún bjó í Japan um skeið og vann rannsóknina meðal annars innan frá með því að starfa þar á bar.

„Þegar við hugsum um mansal þá hugsum við aðeins um eina gerð af mansali sem liggur bara í aðra áttina. Við hugsum um konur sem eru fangar í einhverjum aðstæðum sem þær reyna að flýja úr en tekst ekki. Við hugsum: Finnum þessar konur og björgum þeim. En málið er flóknara en svo,“ segir Rachel.

„Mansal er svo fjölbreytt og það eru alls ekki allar konur sem falla undir mansal þó að þær búi við sömu eða svipaðar aðstæður. Kona sem býr í erlendu landi og fær dvalarleyfi þar getur verið háð því að vinnuveitandinn styðji umsókn hennar. Þessi kona starfar kannski á heimili hans og er ekki í þeirri aðstöðu að geta samið um betri laun, betri aðstöðu á vinnustað eða frí,“ byrjar Rachel.

„Konur sem eru með dvalarleyfi í landinu með stuðningi vinnuveitanda hafa enga lagalega stöðu. Þær verða mjög veikar fyrir og geta auðveldlega lent í einhvers konar gildru aðstæðunna.“

Rachel nefnir dæmi frá Japan. Þar útvega milligöngumenn konum vinnu á klúbbum. Konurnar



DR. RACHEL PARRENAS Hún segir mansal hafa fjölbreytilega birtingarmynd. Ekki er þar með sagt að allar konur falli undir mansal þótt þær lífi og starfi við sömu eða svipaðar aðstæður. Konur, sem fara til dæmis til starfa á klúbbum í Japan geta verið heppnar, haft sómasamlegar aðstæður og góðan vinnuveitanda en þær geta líka verið óheppnar og neyðst til að gera ýmislegt gegn vilja sínum. Mansal nær líka til barna, til dæmis barnahermanna í Afríku eða barna sem hefur verið rænt og látn alast upp við að hirða um kameldýr í eyðimörkum heimsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

ar geta verið heppnar og unnið á klúbbi þar sem þær þurfa aðeins að daðra við karlana. Þær geta líka verið óheppnar og neyðst til að afklæðast á sviði gegn vilja sínum. Konurnar verða að uppfylla sex mánaða vinnuskyldu og fá ekki greitt fyrir en að þessum sex mánuðum liðnum þar sem milligöngumaðurinn fær greitt fyrir vinnu þeirra. Þær sem starfa gegn vilja sínum eru því fórnarlömb mansals. Þær geta ekki hætt því að þá fá þær ekkert greitt auk þess sem milligöngumaðurinn er með vegabréfið þeirra í sínum fórum.

Einangrast á heimilinu

Rachel segir að sú lausn að „bjarga“ konum dugi ekki í öllum tilfellum og lýsir eftir hugmyndum að fleiri lausnum. Hún bendir á að mörg ríki heimsins viðhaldi vandanum og stuðli að honum með reglum sínum og lögum, til dæmis varðandi dvalarleyfi, frekar en að styðja konurnar og hjálpa þeim úr þeirri gildru sem þær eru fastar í.

Hún segir að í Bandaríkjunum sé til dæmis algengt að konur komi til heimilisstarfa og vinni á heimilinu í sjö til tíu ár áður en þær fá varanlegt dvalarleyfi. Vinnuveitandinn borgi þeim kannski engin laun á meðan heldur segist bara ætla að styðja dvalarleyfisumsóknina. Í raun sé ekki um mikinn stuðning að ræða. Stundum séu þessar konur með eðlilegan vinnutíma og á skikk-anlegum launum, ekki sé því allt-

af hægt að tala um mansal. En þannig sé það alls ekki alltaf. Í stað þess að setja kraft í málið og sjá til þess að þær fái dvalarleyfi á hálfu ári sé það látið dankast í fjölda ára.

Í mörgum löndum heims segir Rachel að karlar flytji inn eigin konur frá fátækum löndum heimsins. Þær verði nokkurs konar heimilis- og kynlífsþrælar, þær sjái um heimilið og veiti karlinum aðgang að líkama sínum. Þessi hópur segir hún að sé einn stærsti hópurinn í mansalinu. Konurnar séu mjög veikar fyrir, því að þær geti ekki leit-að til neins, þekki nokkri engan utan heimilisins og séu algjörlega háðar karlinum. Ekki bæti úr skák að viðkomandi ríki sé ekki vinveitt þeim.

„Tæknilega séð er konan háð karlinum og því þurfa að vera til lög sem gera konuna ekki svona háða manninum sínum,“ segir Rachel. „Í Bandaríkjunum þurfa konur sem skilja við mennina sína innan tveggja ára að fara heim aftur. Þó hefur nýlega verið gerð lagabreyting þannig að verði karlinn uppvís að ofbeldi eða misnotkun og fari í fangelsi fái konan græna kortið fyrir,“ segir hún.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

MANSAL Á ÍSLANDI OG ERLENDIS

■ Lítið er vitað um mansal í heiminum en þó er það vitað að það fer vaxandi fremur en hitt.

■ Mansal er fyrir hendi í flestum löndum heims. Líka á Íslandi.

■ Fórnarlömb mansals eiga það sameiginlegt að vera í nauðung, vera háð vinnuveitanda sínum eða maka með einhverjum hætti og vera þannig í aðstæðum gegn vilja sínum og án þess að geta neitt við því gert.

■ Birtingarmynd mansals getur verið með ýmsum hætti. Ekki er óalgengt að karlar flytji konur til landsins og geri þær að heimilis- og kynlífsþrælum.

■ Fórnarlömb mansals geta einnig verið seld sem vinnuafli í verksmíðjum eða kynlífsiðnaði.

■ Börn geta verið seld til ólöglegar ættleiðingar eða hermennsku.

■ Mansal er náskyld þrælshaldi og telja sumir að bein tengsl séu milli kláms og mansals.

■ Konur og stúlkur eru í hlutfallslega mun meiri hættu á að lenda í mansali en karlar eða drengir.



FÓRNARLÖMB Í HERMENNSKU Fórnarlömb mansals má meðal annars finna í hermennsku víða um heim.

■ Lítið er vitað um mansal á Íslandi.

■ Rauði kross Íslands undirbýr rannsókn á mansali á Íslandi.

■ Félagsmálaráðherra hyggst láta mansal og kynbundið ofbeldi á Íslandi til sín taka.

42PT85
42" Plasma
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir
sjónvarps-
móttakarar
100Hz

160 GB
UPPTÖKU
DISKUR

209.900



42LC51
42" LCD
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms

164.900



42PC51
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001ms
100Hz

153.900



50PC51
50" Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1.500
Svartími innan við 1ms
100Hz

263.900

Ljómandi góð sjónvörp



37LF75
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500
Svartími 6ms
Stafrænn móttakari

219.900



37LT75
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500
Svartími 6ms
2 stafrænn móttakari

209.900



37LC55
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
Stafrænn móttakari

153.900



32LC56
32" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari

109.900



26LC56
26" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3ms
Stafrænn móttakari

99.900



22LS4R
22" LCD sjónvarp
Upplausn 1680x1050
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms

76.900



19LS4R
19" LCD sjónvarp
Upplausn 1440x900
Skerpa 3.000:1
Birtustig 300
Svartími 5ms

59.900

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Lifðu er gott LG

Tímabær tiltekt framundan í heilbrigðiskerfinu.

Versti vinnustaður landsins

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það kom hreint ekki á óvart þegar tilkynnt var á föstudag að tveir af æðstu stjórnendum Landspítalans myndu láta af störfum. Miðað við fréttir sem berast reglulega innan úr spítalanum hlýtur hann að vera einhver verstí vinnustaður landsins. Síðast í gær sagði fréttastofa Ríkisútvarpsins frá því að 96 af 104 skurð- og svævingahjúkrunarfræðingum spítalans hafi sagt upp störfum vegna óánægju með breytingar á vaktafyrirkomulagi. Í viðtali við fréttastofuna fullyrti Vigdís Árnadóttir, trúnaðarmaður þessara hjúkrunarfræðinga, að óánægja ríkti í öllum stéttum á Landspítalanum og óskaði hún eftir því að yfirvöld og ráðherrar kæmu að því að skapa starfsfrið innan spítalans.

Staðfest hefur verið að brotthvarf Magnúsar Péturssonar forstjóra og Jóhannesar Gunnarssonar, framkvæmdastjóra lækninga, er að frumkvæði Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra. Guðlaugur hefur ekki greint frá ástæðunum að baki ákvörðun sinni. Ekki er þó óvarlegt að ætla að hún tengist viðvarandi ólgu innan spítalans auk fyrirhugaðra breytinga á starfsháttum hans.

Ekki hefur annað verið að heyra en að ágætisandrémsloft ríki milli almennra starfsmanna Landspítalans, lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra. Straumarnir að ofan hafa á hinn bóginn þótt heldur naprir. Nýlegt dæmi um vinnubrögð sem þykja gerræðisleg, er þegar læknar voru teknir af föstum vöktum á neyðarbílunum. Sú ákvörðun var tekin einhliða, kynnt með mánadarfyrirvara, og við hana staðið þrátt fyrir hávær mótmæli Læknafélagsins, Félags unglækna og allra sérfræðinga landsins í slysa- og bráðalækningum.

Sífelldar skærur stjórnenda við samstarfsfólk sitt eru engum vinnustað hollir. Þegar starfsmennirnir eru nokkur þúsund er ljóst hverjir það eru sem þurfa að víkja.

Að stýra Landspítalanum er örugglega eitt erfiðasta starf landsins. Það mun mikið mæða á þeim aðila sem heilbrigðisráðherra velur til að taka að sér það hlutverk. Ekki síst þegar haft er í huga að framundan er löngu tímabær tiltekt í heilbrigðiskerfinu.

Hér á landi fara um það bil fjórutíu prósent af samneyslu þjóðarinnar til heilbrigðismála. Eins og í öðrum vestrænum löndum hækka þau útgjöld umfram þjóðarframleiðslu milli ára. En ekki er nóg með að útgjöld til heilbrigðismála vaxa hraðast á Íslandi meðal OECD-landanna heldur eru opinber útgjöld til málaflöksins, sem hlutfall af landsframleiðslu, hvergi hærri.

Það skortir sem sagt alls ekki fjármagn til heilbrigðiskerfisins, eins og þingflokkur Vinstri grænna vill telja þjóðinni trú um. Vandamálið er að skattborgararnir fá ekki nógu öfluga heilbrigðisþjónustu fyrir alla þá miklu fjármuni sem þeir reida af hendi. Til að bæta úr þessu þarf nýja hugsun og nýjar leiðir í heilbrigðiskerfinu.

Stjórnvöldum ber skylda til að nýta peningana betur en nú er gert. Nema að einhverjir trúir því að íslenska heilbrigðiskerfið sé það besta í heimi, eins og má gera kröfu um miðað við þá fjármuni sem renna til þess.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjalmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).
 FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Aukatímar fyrir prófessora?

Dómurinn yfir Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni er mikið ræddur í bloggheimum þessa dagana. Jóhann Björnsson, heimspekingur og kennari við Réttarholtskóla, lýsir á bloggi sínu efasemdum um að Háskóla Íslands takist að ná því metnaðarfulla takmarki að komast í hóp 100 bestu háskóla heims meðan þar innan dýra er prófessor sem hefur fallið á námsefni 9. bekkjar. Jóhann segir algengt að nemendur eigi í erfiðleikum með heimildavinnu en tekur fram að



flestir læri réttu vinnubrögðin áður en þeir verða 16 ára. „Ef háskólasamfélagið vill þá getum við í Réttarholtskóla alveg tekið fólk í tíma sem vill rifja upp góð fagleg vinnubrögð við ritun heimildaritgerða,“ segir Jóhann.

Nýr varaformaður leikskólaráðs Reykjavíkurborgar er Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir. Sagan segir að Ólafur F. Magnússon hafi verið lækni Sigurlaugar í áratugi og því hafi hún alls ekki getað skorast undan þegar hann bað hana um að taka sæti í leikskólaráði. Þykir það til marks um að

Leitað í sjúkkráslurnar

Engar útlendar stórstjörmur tróðu upp á árs hátíð Kaupþings sem haldin var um helgina en forstjórarnir Hreiðar Már Sigurðsson og Ingólfur Helgason stukku upp á svið og dönsuðu Michael Jackson dansa fyrir gesti undir handleiðslu Auðuns Blöndal. Þótti „moonwalkið“ heppnast afar vel.



F-listinn hafi litið bakland ef Ólafur þarf að leita í sjúkkrákr til að finna fólk í ráð og nefndir.

Aðhald í bókhaldinu?

Það er af sem áður var þegar stórfyrirtækin buðu heimsfræggum skemmtikröftum á samkomur sínar. Þegar útlendar stórstjörmur tróðu upp á árs hátíð Kaupþings sem haldin var um helgina en forstjórarnir Hreiðar Már Sigurðsson og Ingólfur Helgason stukku upp á svið og dönsuðu Michael Jackson dansa fyrir gesti undir handleiðslu Auðuns Blöndal. Þótti „moonwalkið“ heppnast afar vel.

porgunnur@frettabladid.is

Friðsamleg sambúð

Ef Vestmannaeyjar lýstu yfir sjálfstæði og kæmu sér upp eigin fána, eigin þjóðsöng og eigin landvættum – hvað myndum við hin gera? Sennilega ekki margt: ætli það yrði ekki aðallega bloggað um það?

Í rauninni held ég að þjóðernisofstopi sé Íslendingum blessunarlega framandi; hugmyndir um sérstakt hlutverk Íslendinga í mannkynssögunni þykja aðallega myndnar, og tali um yfirburði Íslendinga á einhverjum sviðum fylgir einatt glott út í annað.

Hvar varst þú í Örlygsstaðabardaga?

Íslensk þjóðerniskennnd er að minnsta kosti afar tempruð í samburði við þau ósköp sem íbúar Balkanskagans búa við. Þar þarf sama fólkid sem talar sama tungumálið og hefur búið saman frá aldaðli að lifa sig inn í stækan fjandskap frá miðöldum. Sem er á móta og að krefja mann sagna um það hvort hann styðji Ásbirninga eða Sturlunga í Örlygsstaðabardaga árið 1238. Þó að Sturlunga heilli margan, svo að jafnvel megi þar tala um költ, þá hvarflar ekki að neinum að gera þá flokkadrætti sem þar er lýst að sínum: „Ertu Ásbirningur helvítið þitt!“

Það er helst að blossi hér upp þjóðerniskennnd þegar Danir eru sérlega andstyggilegir í Börsen og öðrum blöðum. Svo rammt kveður að þjóðernissamstöðunni sem Dönnum tekst að magna upp að við fáum samúð með hinum stríðöldu fressum Kaupþings og Glitnis sem sýnir vel hversu Dönnum er ótrúlega lagið að sameina fólk gegn sér.

Þjóðernisofstopi Dana er ekki síst merkilegt umhugsunarefni fyrir þá mannúðarmálfræðinga sem telja málrækt hættulega því Danir hafa verið sérlega hirðulausir um tungu sína.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Íslensk þjóðerniskennnd

Lélegir í fótbolta

Íslendingar eru fremur afslappaðir í þjóðargorgeirnum; við búum til dæmis svo vel að eiga eitt slakasta fótboltalandslíð karla í heimi sem þar að auki þarf á undan hverjum leik að hlusta á og lifa sig inn í þjóðsöng þar sem hamrað er á smæð þjóðarinnar. Fátt er þjóðum meira þroskandi en að upplifa reglulega auðmýkingu á þeim vettvangi.

Ættjarðarást er góð: það er gott að elska og þá er vont að hata. Það er við hæfi að unna átthögum sínum og að sýna góða frændsemi. Það er líka vert að sýna tungu sinni og menningararfi hæfilega ræktarsemi og virðingu, án þess að fyllast ofurfjálg. Enginn sýnir öðrum virðingu sem ekki hefur sjálfsvirðingu. Sá sem stoltur er af eigin menningu skilur stolt annarra af sinni menningu.

Maður les það stundum að Íslendingar séu gríðarlegir rasistar og útlendingahatarar. Nú síðast er jafnan nefnd til sögunnar hóphystería unglinga í Keflavík í kjölfar hörmulegra atburða þar sem pólskur maður var sakaður um að hafa ekið á barn, og töldu sumir að samfélag Pólverja í bænum hefði slegið skjaldborg um hann; og dæmdu alla Pólverja sem hið versta fólk.

Ég er ekki viss um að draga eigi of víðtækar ályktanir af þessu, og held þvert á móti að

almennt talað ríki friðsamleg sambúð Íslendinga og annarra þjóða fólks hér á landi. Þrennt má hafa í huga: Íslendingar hafa margir þá hugmynd um sig að þjóðin sé hrifandi blanda af eiginleikum nokkurra þjóða, en ekki „hreinn stofn“. Þeir telja sig komna af Norðmönnum og Keltum nokkurn veginn til helminga – og sumir nefna Herúla og jafnvel Þetta – og svo hafi átt sér stað umtalsverð blóðblöndun við suðrænni þjóðir vegna siglinga hingað.

Annað: hér á landi er fólk metið eftir dugnaði – hvort sem okkur líkar betur eða verr. „Þetta er svo duglegt fólk“ er algengasta hrósið um alls kyns innflytjendur, til dæmis Pólverja sem eru vel kynntir á Vestfjörðum og víðar. Þeir sem ganga röklega fram í puðinu afla sér virðingar.

Og loks: Ég hef einhvern grun um að íslensk ættjarðarást snúist um tilfinningu fyrir rými fremur en rasa, ást á viðáttunni og þeirri kennnd að maður geti gert nánast það sem manni sýnist í öllu þessu pláss; og þar með tilfinningu einstaklingsins fyrir stað sínum í alheiminum en ekki í hjörðinni. Við séum í þeim skilningi öll Bjartur í Sumarhúsum.

Útsýni er lyklatríði þegar fólk velur sér húsnæði, og hvergi á byggðu bóli er gaddavírinna jafn mikið í hávegum hafður sem hér á landi, þar sem menn afmarka sitt rými af slíku kappi að ásfynd landsins er sums staðar líkust myndum úr fyrri heimsstyrjöldinni með skurðum og gaddavír. Þessi tilfinning fyrir landinu er ekki bundin þjóðerni heldur aðstæðunum: að vera hér við ysta haf með allt þetta pláss. Og hver og einn sem hér sest að fær smám saman þessa kennnd; að vera eitt með hafinu og landinu og himninum og rokinu.

Hernaður bundinn í lög

UMRÆÐAN

Varnarmál

Utánríkisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til varnarmálalaga sem mun brjóta blað í Íslandssögunni verði það samþykkt óbreytt. Vera herliðs á Íslandi á friðartímum verður bundin í lög í fyrsta skiptið í sögunni með ákvæði um heræfingur hér á landi. Auk þess munum við veita NATO aðstoð sem er „hernaðarlegs eðlis“ eins og segir í frumvarpinu, án þess að það sé útskýrt nánar með hvaða hætti. Allt er þetta svo fjármagnað með skattpeningum okkar.

Með þessu frumvarpi er verið að lögfesta þátttöku Íslands í hernaðarstefnu sem er í sífelldum vexti víða um heim með skelfilegum afleiðingum. Ófriðarbálin loga víða, kannski mest áberandi í Írak, Afganistan og í deilum Ísraels og Palestínu um þessar mundir. Það er einmitt þar sem hnefaréttin um hefur verið harðast beitt, það er þar sem hugmyndafræði hernaðarhyggjunnar hefur náð fram að ganga. Og niðurstaðan er auðvitað meiri eynd og meiri mannsföll. Gjaldprot hernaðarhyggj-



STEINUNN RÖGNVALDSDÓTTIR

unnar sem leið til friðar er augljóst en þeir einu sem vilja ekki átta sig á því sitja í herraðum NATO. En hvað með að reyna frið? Hvað með að við sækjumst eftir því að eignast vini í stað óvina til að miða byssum eða henda sprengjum á?

Varnarmálafrumvarp utánríkisráðherra er ekki aðeins uppgjöf fyrir hernaðarhyggjunnari heldur lóð á vogarskálur hennar. Því samkvæmt frumvarpinu mun Ísland taka fullan þátt í hernaðarstarfi NATO, þar á meðal starfinu í herstjórarmíðstöðvum bandalagsins. Ekki er hægt að skilja það

öðru vísi en svo að Íslendingar muni framvegis taka þátt í ákvörðunum NATO, t.d. um það hvaða þorp eigi næst að sprengja í loft upp í Afganistan. Vera má að einhverjum í utánríkisráðuneytinu finnist það spennandi tilhugsun. En Íslendingar horfa úr fjarlægð á þjáníngar fórnarlambanna og á næstum óraunverulegar tölur um mannlíf sem hafa tapast. Tölur á blaði sem eitt sinn voru manneskjur sem lifðu, hlógu og grétu og fundu til þegar lífið var tekið frá þeim. Og við spyrjum okkur: Til hvers?

Höfundur situr í stjórn Ungra vinstri grænna.

Hjartastopp

– PAD hjartastartari

Fljótverkara og einfaldara verður það varla

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáu þér strax Samaritan PAD hjartastartara.



Donna

Sími 555 3100

Sýnikennsla á www.donna.is

Fermingartilboð

minn griðastaður
mín hvíld
mitt rúm



Chiro Standard

120 x 200 cm

82.900 kr.

Dýna - Leðurklæddur botn - Lappir



Mette Ditmer rúmteppi á fermingarúm, afsláttarverð kr. 12.240, - á fermingartilboði. Teppin eru til í 7 litum.



Bólstraðir rúmgaflar í miklu úrvali. 15% afsláttur með fermingartilboðum.



Val um svarta, hvíta eða brúna leðurbotna. Fætur fást í eik, dökku wenge eða krómhúð.

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra
BAK

Mótum eigin framtíð

UMRÆÐAN

Evrópumál

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, ritaði grein í Fréttablaðið 5. mars sl. sem að mínu mati er einna merkilegust fyrir þær sakir að fyrirsögn hennar er í raun í engu samræmi við sjálft efni greinarinnar. Fyrirsögnin er sú sama og á þessari grein (og sem einnig er yfirskrift Iðnhjón 2008 sem fram fór nýverið), en greinin sjálf fjallar hins vegar ekkert um það að við Íslendingar eignum að móta okkar framtíð sjálfir að öðru leyti



HJÖRTUR J. GUÐMUNDSSON

en því að samþykkja aðild að Evrópusambandinu, afsala okkur þar með sjálfstæðinu og leggja eftirléiðs blessun okkar yfir það að öðrum yrði falið að móta framtíð okkar á flestum og sífellt fleiri sviðum sem hingað til hafa verið á okkar eigin forræði.

Ef Jóni Steindóri yrði að ósk sinni yrði framtíðarmótun okkar þannig nær alfarið í höndum embættismanna Evrópusambandsins og fulltrúa stærri aðildarríkja þess, þá einkum og sér í lagi þeirra stærstu enda fara áhrif aðildarríkja sambandsins fyrst og síðast eftir því hversu

fjölmennt þau eru. Það þarf vart að fara mörgum orðum um það hversu óhagstæður sá mælikvarði er fyrir okkur Íslendinga. Ef skoðuð er skýrsla Evrópu-nefndar forsætisráðherra, sem gefin var út fyrir rétt tæpu ári, má gera ráð fyrir að áhrif Íslands innan Evrópusambandsins yrðu í kringum 1% í besta falli kæmi til aðildar að því.

Sem lýsandi dæmi um þá stöðu gætum við búist við að fá 5 þingsæti á þingi sambandsins af 785 eins og staðan er í dag, enda yrði Ísland þá minnsta aðildarríkið. Sú framtíðarmótun, sem fram færi undir forystu þessara aðila, myndi seint byggjast á sérstöku tilliti til hagsmuna okkar Íslendinga nema svo heppilega vildi til að hagsmunir okkar ættu samleið

með hagsmunum stóru ríkjanna eða að hagsmunir okkar hefðu einhverja þá sérstöðu að þeir stönguðust ekki á við hagsmuni annarra aðildarríkja.

Að öðru leyti stæðum við frammi fyrir þeim veruleika að hagsmunir stærri aðildarríkja væru allajafna látnir ganga fyrir okkar hagsmunum. Stýrivextir á evrusvæðinu yrðu þannig t.a.m. seint hækkadur til að slá á þenslu hér á landi á kostnað hagvaxtar í Þýskalandi. Ekki einu sinni Spánverjar hafa fengið stýrivextina hækkada, til að slá á vaxandi þenslu þar í landi, einkum vegna þess að Þjóðverjar hafa um árabílið búið við slakt efnahagsástand og hafa því þurft lága vexti. Það verður því ekki beint sagt að mjög metnaðarfullar hugmyndir

séu settar fram í grein Jóns Steindórs um mótun okkar Íslendinga á eigin framtíð. Skilaboð hans eru þvert á móti þau að við séum ekki fær um að stjórna okkar eigin málum sjálf og því fari best á því að það vald sé framselt í hendurnar á öðrum sem þó myndu afar ólíklega fara með það með íslenska hagsmuni í huga.

Sjálfur tel ég hins vegar að orð Jóns Sigurðssonar, forseta, um að veraldarsagan beri „ljóst vitni þess að hverri þjóð hefir þá vegnað best þegar hún hefir sjálf hugsað um stjórn sína“, séu í fullu gildi enn þann dag í dag.

Höfundur er stjórnamaður í Heimssýn.

Að vera eða vera ekki í lögreglunni

UMRÆÐAN

Kjör lögreglumanna

Yfirskriftin er er spurning sem brennur á vörum margra starfsfélaga minna og hefur gert í langan tíma. Ástæðurnar eru margar s.s. slök launakjör, niðurskurður (hagræðing), undirmönnum, gríðarlegt vinnuálag, líkamlegt og andlegt ofbeldi, styttri ævi vegna vaktavinnu og fleira.

Það heyrast váleg tíðindi af löggæslumálum á Suðurnesjum. Lögreglustjóranum er gert að draga saman um einar 250 milljónir króna ef tölur mínar eru réttar. Ráðuneyti dómsmála sendir frá sér fréttayfirlýsingar þess efnis að þarna sé í raun um umframkeyrslu embættisins að ræða og við því verði að bregðast.

Hvers vegna skyldi þessi „umframkeyrsla“ vera tilkomin? Er þetta einfaldlega ekki það sem nauðsynleg þjónusta kostar? Þjónusta sem íbúar Suðurnesja eiga rétt á og er nauðsynleg til að tryggja öryggi flugfarþega og til að stemma stigu við innflutningi fikniefna um Keflavíkurflugvöll.

Það er ekki eingöngu á Suðurnesjum sem skórinn kreppir. Þannig hefur t.d. rúmlega árs-gömlu embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu verið gert að draga saman um 120 milljónir króna. Embættið hafði fengið, góðfúslegt leyfi dómsmálaráðuneytisins til að keyra á 4% innbyggðum halla fyrsta rekstrarárið en nú skal rétta kúrsinn.

Sögur fara einnig af minni embættum úti um landið þar sem ekki er mannað í allar stöður en rekstur viðkomandi embætta allur í jarnum eða jafnvel í mínus. Í hádegisviðtali Stöðvar 2 hinn



SNORRI MAGNÚSSON

12. mars sl. sagði formaður Landssambands lögreglumanna, Sveinn Ingiberg Magnússon, að innan ræða lögreglu, hafi menn velt því fyrir sér hvort reikniforsendur ráðuneytisins, sem lagðar eru til grundvallar fjárveitingum til lögreglu-embættanna, væru

réttar.

Undirmönnum og launakjör

Hjá báðum embættum lögreglustjórans á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, vantar lögreglumenn til starfa en embættin gætu ekki einu sinni greitt lögreglumönnum laun þótt nógu margir fengjust til starfna.

Hjá flestum lögregluembættum landsins er launakostnaður, varlega áætlaður, um 80%-90% af rekstrarkostnaði. Það er því ljóst að ef á að koma til niðurskurðar (hagræðingar eins og það er gjarnan matreitt) þarf að höggva í launakjör lögreglumanna með einum eða öðrum hætti. Slíkt fær starfandi lögreglumenn til að hugsa sig um hvort þeir eigi að vera eða vera ekki í lögreglu!

Slök launakjör lögreglumanna eru engin nýmæli. Hinn 1. september 1875 ritaði Jón Borgfirðingur bréf þar sem hann sagði m. a. þetta um launakjör sín: „Eg ætti nú að fara að hætta þessu þursastarfi, svo illa launuðu, eins og Árni (Gíslason), sem sagði af sér, en bera vatn og mó, því þá hafa krakkarnir í sig og á“.

Ofbeldi gagnvart lögreglumönnum

Ofan í fréttir af hagræðingum, koma fréttir af árásum og ofbeldi gegn lögreglumönnum.

Nýlega er genginn dómur í máli manna, sem réðust að starfsmönnum fikniefnedeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem

þeir voru að störfum á Laugavegi Afleiðingarnar voru þær að lögreglumennirnir biðu af líkamlegan skaða. Dómurinn hljóðar upp á sextíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir einn áráðarmannanna en tveir voru sýknaðir. Dómar sem þessi eru ekki einsdæmi. Slíkir dómur gera það að verkum að ungt fólk, sem ráðið hefur sig til starfa hjá lögreglu við að gæta öryggis samborgara sinna, hugsar sinn gang með áframhald þeirra starfa. Það er takmarkað sem nýtskrifaður lögregluáður er tilbúinn að leggja á sig fyrir tæpar tvö hundruð þúsund krónur í mánaðarlaun.

Hvað er til ráða?

Gera þarf kröfur um að nægilegu fjármagni sé veitt til grundvallaröryggisþjónustu landsmanna. Kröfurnar hljóta að verða að þessi mál verði skoðuð, án tafar, og ásætlanleg lausn fundin til fram-búðar.

Þá væri einnig ráð að láta af hugmyndum um stofnun varaliðs lögreglu, sem Jón Magnússon, fyrrverandi forsætisráðherra, reyndi að koma á fót með frumvarpi á þingi 1925. Nær væri að nýta þá fjármuni, sem ætlaðir eru í varalið, til þeirra liða sem fyrir eru í landinu og tryggja rekstur þeirra. Það hlýtur að vera krafa að öryggi fólks verði tryggt og að löggæslustofnanir þjóðarinnar geti, á öllum tímum, brugðist við aðsteðjandi vanda; að lög- og tollgæsla sé það öflugt að hægt sé, af alvöru, að stemma stigu við fikniefnainnflutningi og dreifingu; að lögregla geti haldið upp öflugu, fyrirbyggjandi, eftirliti um allt land; að lögregla sé í stakk búin til að bregðast við líkamsárásum og nauðgunum og fylgja þeim eftir af hörku og án tafa í gegnum dómskerfið.

Höfundur er lögregluáður hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Borg í Vatnsmýri

UMRÆÐAN

Reykjavíkurflyg-völlur

Jón Gunnarsson þingmaður D-lista í Suðvesturkjördæmi skrifar í Fréttablaðið 14.03.2008 um flugið í hjarta höfuðborgarinnar með þeim hætti, að ekki sáemir kjörn-um fulltrúa höfuðborgarbúa.

Líkt og ótíndur einkaflugshagsmunaseggur gengur hann þvert gegn borgarþúum án þess að nefna brýnustu hagsmuni borgar-samfélagsins einu orði. Jón hefur þó enga afsökun, Samtök um betri byggð hafa séð til þess að hann og aðrir kjörnir fulltrúar hafi aðgang að grundvallarupplýsingum um meginhagsmuni, t.d. skýrslu samgönguráðherra (www.samgonguraduneyti.is): Reykjavíkurflyg-völlur, úttekt á framtíðarstaðsetningu, apríl 2007. Jóni er að sjálfsögðu fullkunnugt um það að flugvöllinum var nauðg- að upp á Reykvíkinga eftir stríð á kjörlandinu í Vatnsmýri gegn vilja þeirra og hagsmunum og viðhaldið þar í 60 ár í skugga mikils misvægis atkvæða, sem í sjálfu sér er til háborinnar skammar fyrir íslensku þjóðina. Öll umræða og nálgun flugvallarsinna er sprottin úr þessum rotna jarðvegi.

Vonandi taka kjósendur á Jóni og hans líkum með víðeigandi hætti næst þegar þeir ganga að kjörborðinu. Fullyrðing um að borgarfulltrúar hafi ekki umboð til að ákveða brottför flugs úr Vatnsmýri er að sjálfsögðu úr- leg mógðun við alla Reykvíkinga.

Um hagsmuni 210.000 borgarbúa er þetta að segja: Samkvæmt skýrslu samgönguráðherra og borgarstjóra er fórnarkostnaður vegna tafa á flutningi flugs úr Vatnsmýri a.m.k. 3.500.000.000 kr. á ári.



ÖRN SIGURÐSSON

Samkvæmt sambærilegri úttekt Samtaka um betri byggð er fórnarkostnaður a.m.k. 14.000.000.000 kr. á ári.

Með blandaðri miðborgarbyggð í Vatnsmýri fæst 60 milljarða árlegur meðalsparnaður af akstri og tímasparnaði borgarbúa. Fórn-

arkostnaður vegna tafa á brottflutningi flugsins er þó margfalt meiri því í hvorugri úttektinni er tekið tillit til ábata 210.000 borgarbúa af bættum samgöngum, minni tímasóun, minni mengun, bættu heilsufari, skilvirkari rekstri heimila, fyrirtækja og sveitarfélaga, virkara lýðræði, samstæðara borgar-samfélagi og öflugri borgar-menningu.

Ársvelta innanlandsflugs er ámóta og árlegur fórnarkostnaður þess að fresta brottför flugsins samkvæmt samgönguráðherra og óhagræðið af innanlandsflugi í Keflavík er 300 milljónir kr. á ári. Áratuga vanræksla flugmálayfirvalda á að finna stað fyrir innanlandsflugi til framtíðar skaðar ekki einungis borgarsamfélagið meira en orð fá lýst heldur hefur trassaskapurinn skaðað flugfarþega og flugrekendur og hamlað framþróun íslensks flugs.

Jóni þingmanni og öðrum flugvallarsinum væri sæmst að snúa nú við blaðinu og einbeita sér að því að finna góða framtíðarlausn fyrir flugsamgöngur til hagsbóta fyrir flugrekendur og flugfarþega án þess að riðlast á grundvallarhagsmunum 210.000 borgarbúa, senn kemur jú borg í stað flugvallar í Vatnsmýri.

Höfundur er arkitekt og ritari stjórna Samtaka um betri byggð.

LAGERSALA

ALLT Á AÐ SELJAST

Arctic Wear vinnufatnaður



Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900
www.aw.is

Látið skynsemina ráða – alvöru kjarabætur

Verslið málninguna í Múrbúðinni!



DEKAPRO 10 - 10 LÍTRAR
kr. **3.690**



MASTERLAKK 40 - 1 LÍTER
kr. **895**



SCALA GÓFLAKK - 2,35 LÍTRAR
kr. **2.495**



DEKACRYL 7 - 10 LÍTRAR
kr. **3.290**



SCALA PROJEKT GRUNNUR 10 - LÍTRAR
kr. **3.295**



DALAPRO MEDIUM SPARTL - 3 LÍTRAR
kr. **874**



DEKAPRO 02 LOFTAMÁLNING - 10 LÍTRAR
kr. **2.970**



MÁLNINGAR-
SKÖFT

frá kr. **239**



BOSTIK AKRÝLKÍTTI 300ML
kr. **190**



SCAL PANELLAKK - 2,5 LÍTRAR
kr. **1.495**



RÚLLA + BAKKI
kr. **595**



PENSILL
kr. **109**

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

Opið mán. - fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

EINAR MAGNÚSSON REKTOR VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG ALDAMÓTAÁRIÐ 1900

„Maðurinn sjálfur er mælikvarði alls og sá mælikvarði breytist ekki með tímanum.“

Einar var rektor Menntaskólans í Reykjavík. Hann skrifaði kennslubækur í dönsku auk fjölda greina í blöð og tímarit.



ÞETTA GERÐIST: 17. MARS 1917

Tíminn hóf göngu sína

Blaðið Tíminn hóf göngu sína sem vikublað í litlu broti þennan dag árið 1917. Það var fjórar síður eins og títt var um blöð þá.

Tíminn var málagn Framsóknarflokksins sem hafði verið stofnaður í janúar sama ár. Hann var einkum ætlaður kaupendum í sveitum landsins en til þeirra var ekki viðlit að senda blað daglega. Jónas frá Hriflu vann að undirbúningi útgáfunnar en 20-30 manns lögðu til stofnframlög og lofuðu árlegum styrkjum. Stærstu hluthafarnir voru Hallgrímur Kristinsson, forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga og sr. Tryggvi Þórhallsson.

Fyrsti ritstjórinn var Guðbrandur Magnússon prentari en Tryggvi Þórhallsson tók fljótlega við og gegndi starfinu næstu tíu árin. Greinar



EKKI VAR FORSÍÐUMYNDUNUM FYRIR AÐ FARA Í FYRSTU.

Hann varð þó ekki dagblað fyrir en árið 1947.

JÓNAS JÓNSSON FRÁ HRIFLU UNDIRBJÓ ÚTGÁFU TÍMANS.



MERKISATBURÐIR

- 1610** Miklóð illviðri stendur í einn dag og tugir manna verða úti, aðallega í Borgarfirði og Miðfirði.
- 1805** Ítalska lýðveldið verður konungsríkið Ítalía. Napoleon verður konungur en var áður forseti.
- 1907** Fyrsti fundur Verkamannasambands Íslands er haldinn í Reykjavík.
- 1969** Golda Meir verður forsætisráðherra Ísraels.
- 1987** Fyrsta íslenska glasabarnið fæðist á Landspítalanum, 12 marka drengur.
- 1987** Alþingi samþykkir ný lög, sem afnema prestskosningar að mestu.
- 2003** Robin Cook, innanríkisráðherra Breta, segir af sér vegna ágreinings um stríð á hendur Írak.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Þekkir einhver þessar stúlkur?

Kvennasögusafnið leitast eftir nöfnum stúlkna sem voru á myndum er fylgdu Teofani-sigarettum á árunum 1929 og 1930. Safnið á allmargar ómerktar myndir og biður lesendur Fréttablaðsins um aðstoð. Ef einhver ber kennsl á stúlkurnar á myndunum er hann beðinn um að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525-5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is



LIONSFÉLAGAR Þeir Þórhallur Arason og Andrés B. Sigurðsson skemmta sér við að skoða nýju bókina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

LIONSKLÚBBURINN ÆGIR: FAGNAR ÚTKOMU FIMMTÍU ÁRA STARFSSÖGU

Skrifstofublaekur í Reykjavík drifu sig í steypustígvélin

Við leggjum lið er undirtitill nýlega útkominnar bókar. Hún er rituð af Þórhalli Arasyni og lýsir starfsemi Lionsklúbbsins Ægis í máli og myndum á síðustu fimmtíu árum. Andrés B. Sigurðsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Ormsson, er einn Ægismanna og þó að hálfir aldar afmæli klúbbsins hafi verið á síðasta ári er hann beðinn að lýsa aðeins starfsemi í tilefni af hinni nýju bók.

„Fimmtíu ár eru býsna langur tími í sögu eins félags sem vitanlega þróast með þjóðfélaginu. Eitt aðalverkefni Lionsklúbbsins Ægis hefur alla tíð verið að styðja við starfsemi að Sólheimum í Grímsnesi og gleðja þá sem þar dvelja. Aðstæður fatlaðra ungmenna þar voru frumstæðar árið 1957 þegar klúbburinn komst á laggirnar. Heimilið var algerlega háð einni konu, Sesselju Hreindísi Guðmundsdóttur, sem stofnaði það og gaf því alla sína krafta. Hún viðhafði þau orð einhvern tíma að hún hefði litid á aðstoð Lionsklúbbsins sem himnasendingu og lýsti Ægismönnum sem verndarenglum.“

Andrés nefnir þvottavél, saumavél og

stóla í kennslustofu meðal fyrstu gjafa Lionsklúbbsins til Sólheima. Síðar hafi þeir haft eftirlit með byggingaframkvæmdum þar og unnið að skipulagningu staðarins. Einnig hafi þeir byggt upp gamla sundlaug á staðnum. „Við tókum tvö til þrjú ár í að gera laugina upp. Skrifstofublaekur úr Reykjavík drifu sig í steypustígvélin, óku austur og reyndu að verða að liði.“ lýsir hann.

Þótt nú sé vel gert við Sólheimaheimilið af hendi ríkisins segir Andrés enn þörf að styðja við félagslífið þar. „Við Ægismenn höfum haldið jólaskemmtanir á Sólheimum í fimmtíu ár og bjóðum heimilisfólkinu þaðan í bæinn einu sinni til tvisvar á ári. Þá er farið á veitingastað, í bíó eða bara labbað um Kringluna. Við reynum að hafa okkar framlag þannig að það nýtist heimilisfólkinu sem best.“

Gróðursetning er eitt af því sem Lionsmenn hafa unnið að á Sólheimum. Þegar gluggað er í hina nýútkomnu bók sem byggist að miklu leyti á fjörlaga skrifuðum fundargerðum sést að geiturnar á staðnum hafi vel kunnað að meta plönturnar.

Þú hlustar á í bítið þegar þér hentar á visir.is. Í bítið á Bylgjunni kemur landsmönnum af stað inn í daginn með lifandi fréttu- og dægurmálaumræðu sem skiptir okkur máli. Heimir Karlsson og Kolbrún Björnsdóttir taka fyrir málefni liðandi stundar ásamt Gissiri Sigurðssyni sem stendur fréttavaktina. Fréttir, íþróttir, og þjóðfélagsumræða á mannamáli alla virka daga frá 6.50 til 9.00 á Bylgjunni.

visir.is
...ég sá það á visir.is



STUÐ MILLI STRÍÐA Veistu svarið?

VIGDÍS PORMÓÐSDÓTTIR KEMUR UPP UM FÁFRÆÐI SÍNA



Það hefur sannarlega ekki farið fram hjá íslenskum sjónvarpsdagskrárgerðarmönnum að spurningarþættir eru ofboðslega vinsælt sjónvarpsefni. Því síður hefur það farið fram hjá framleiðendum spila og leikja að spurningaleikir rok-seljast fyrir hver einustu jóla meðan spil þar sem framvindan veltur á tilviljunum teningsins sitja eftir í hillunum. Þetta gefur allt saman til kynna að við mannfólkið skemmtum okkur konunglega við það að láta ljós okkar skína.

En það er alltaf viss kvíði sem fylgir spurningarkeppnum. Eins og það er gaman að fá staðfestinu um

að maður er klárari en allir er einnig fátt skelfilegra en að svara spurningu rangt. Sérstaklega spurningu sem maður veit svarið við, svona nokkurn veginn. Um leið og maður lætur svarið frá sér hægist á tímanum; sekúndur verða að dögum eða vikum og hægt og bitandi rennur það upp fyrir manni að svarið var ofhugsað og því rangt. Í raun réttir hefði maður átt að svara því fyrsta sem manni datt í hug. Það er slæmt að hugsa of mikið í spurningarkeppnum. En þó skárna en þegar heilinn á manni er fullkomlega tómur.

Niðurlægingin er alger þegar maður flaskar á spurningu þar sem svarið er augljóst. Fæstir þora að takast á við slíka auðmýkingu í öðru

umhverfi en innan um vini og fjölskyldu, til dæmis þegar kvöldstund er helguð hinu ljúfa spili Trivial Pursuit. En að hugsa sér hugrekkið og auðmýktina sem fólkíð sem tekur þátt í spurningakeppnum í fjölmiðlum, fyrir allra augum, sýnir af sér. Það er í raun ótrúlegt að nokkur manneskja leggi út í slíkt vitandi vits þar sem líkurnar á að verða að athlægi fyrir alþjóð eru þó nokkrar. Reyndar verður að taka það fram að, ólíkt því þegar leikið er Trivial Pursuit heima í stofu, þá bjóða fjölmiðlar oftast upp á glæsilega vinninga í sínum spurningarkeppnum. En utanlandsferð tekur ekki til baka stund niðurlægingarinnar; hún getur aðeins hjálpað manni að gleyma.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SanDisk sansa

Sansa View MP3 VÍDEÓ SPILARI

SETTU KVIKMYNDIR Í VASANN MEÐ MP3 VÍDEÓ SPILARA

Kvikmyndir. Framhaldspættir. Myndefni. Allt í nettu tæki sem passar beint í vasann. Þó hann sé undir sentimeter á þykkt fær hann myndefni og ljósmyndir til að njóta sín á stórum litaskjá. Hlustaðu á MP3 lög, útvarp og hljóðbækur í frábærum hljómgæðum. Og ef þig vantar meiri afþreyingu þá er innbyggður microSD kortalesari í spilaranum. Slakaðu svo bara á og njóttu Sansa View!

ÍSLENSKT VIÐMÓT

SanDisk Sansa VIEW 8GB

8GB MP3 SPILARI með 2.4" LCD litaskjá, FM útvarpi með upptöku, innbyggðum diktafóni og microSDHC kortalesara. Sýnir ljós og kvikmyndir. Er högg- og rispuþolinn. Hleðslurafhliður: 35 klst. í tónlist - 7 í kvikmyndum. Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible í tónlist og WMV, MPEG4 og H.264 í kvikmyndum.



TILBOÐ ▶ **19.990**

FULLT VERÐ kr. 21.990

SanDisk VIEW 16GB
KR. 24.990

**MP3
SPILARI
MEÐ ÚTVARPI**

MP3 OG DIKTAFÓN



SanDisk M250
2GB MP3 SPILARI með innbyggðum diktafón, baklýstum skjá og USB 2.0. Spilar MP3, WMA.

TILBOÐ ▶ **4.990**

FULLT VERÐ kr. 7.990

MP3 SPILARI MEÐ ÚTVARPI



SanDisk Clip 1GB
Agnarsmár 1GB MP3 SPILARI með FM útvarpi með upptöku, diktafóni og USB 2.0. Spilar MP3, WMA og WAV. Innbyggð hleðslurafhliða sem endistítt allt að 15 tíma í einu. Beltisfesting

TILBOÐ ▶ **5.990**

FULLT VERÐ kr. 6.990

Clip 2GB KR. 7.990

Clip 2GB Bleikur KR. 7.990

MP3 SPILARI MEÐ ÚTVARPI



SanDisk C240FM
1GB MP3 SPILARI með FM útvarpi með upptöku, microSD kortarauf, litaskjá, diktafóni og USB 2.0. Spilar MP3, WMA og WAV. Innbyggð hleðslurafhliða sem endistítt í allt að 15 tíma í einu.

TILBOÐ ▶ **4.990**

FULLT VERÐ kr. 8.990

2GB C250FM KR. 6.990



SanDisk E250FM
2GB MP3 SPILARI með FM útvarpi með upptöku, microSD kortarauf, 1,8" litaskjá, diktafóni og USB 2.0. Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir. Spilar MP3, WMA og WAV. Innbyggð hleðslurafhliða sem endistítt í allt að 20 tíma í einu.

TILBOÐ ▶ **11.990**

FULLT VERÐ kr. 15.990

4GB E260FM KR. 13.990

8GB E280FM KR. 17.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Hagkaup, Borganesi, Samkaup, Borganesi, Blómsturvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi, Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Hagkaup, Akureyri, Heimilistæki, Akureyri, Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mostell, Hellu, Fossmar, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík, Hagkaup, Njarðvík, Rafiagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

Elfa, Dvorák og Tchaikovsky



Kl. 19

Fyrsti þátturinn af þremur í þáttaröðinni *Dýrð í hæstu hæðum* er á dagskrá Rásar 1 kl. 19 í kvöld. Í þáttunum eru leiknar tónleikaupp-tökur úr sögu Pólyfónkórsins og er þátturinn í kvöld helgaður upptökum frá árunum 1961-1972. Umsjónar-maður er Árni Heimir Ingólfsson. Þættirnir voru áður á dagskrá árið 1998.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur tónleika í Glerárkirkju á Akureyri næst-komandi fimmtudag, skírdag, kl. 16.00. Einleikari á fiölu er engin önnur en Elfa Rún Kristinsdóttir, en hún var valin Bjartasta vonin er Íslensku tónlistarverð-launin voru veitt árið 2006. Stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson. Á einniskrá tónleikanna er Fiðlukonsert í a-moll eftir Antonín Dvorák og Sinfónía nr. 4 eftir Tchaikovsky. Fiðlukonsert í a-moll op. 53 var annar í röðinni af þremur konsertum sem Antonín Dvorák samdi. Hann hafði kynnst hinum mikla fiðlusnillingi Joseph Joachim og skrifaði þennan konsert fyrir hann. Tchaikovsky var mikill rómantíker og í verkum hans sameinast evrópsk hárómantík 19. aldar og rúss-nesk drungavíðkvæmni. Sinfónía nr. 4 er í fjórum þáttum og var frumflutt árið 1878.



ELFA RÚN KRIST-INSDÓTTIR Hæfi-leikaríkur ungur fiðluleikari.

Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari er fædd á Akureyri árið 1985. Hún hóf fiðlunám fjögurra ára gömul hjá móður sinni Lilju Hjaltadóttur. Elfa útskrifaðist úr Tónlistarháskólanum í Freiburg í Þýskalandi í febrúar 2007 með hæstu einkunn undir handleiðslu prófessors Rainers Kussmaul. Hún hefur leikið ein-leik með mörgum virtum hljómsveitum víða um heim og hlaut, sem kunnugt er, fyrstu verðlaun í Johann Sebastian Bach-tónlistarkeppninni í Leipzig 2006. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hélt sína fyrstu tónleika haustið 1993 og er því nú á sínu 15. starfsári. Kjarni hljómsveitarinnar hefur frá upphafi verið kennarar við Tónlistarskólann á Akureyri og hópur hljóðfæraleikara sem býr og starfar á landsbyggðinni. Á þessum tónleikum kemur einnig hópur hljóðfæraleikara af Reykjavíkursvæðinu til liðs við hljómsveitina.

> Ekki missa af...

sýningu dönsku textillistakonunnar Trine Ellitsgaard í Norræna húsinu. Hún vinnur með margvísleg efni sem búa yfir mismunandi eiginleikum og fær innblástur af að prófa sig áfram. Trine grúskar mikið í bókum um vefnað frá ólíkum menningarheimum og er heilluð af þeim möguleikum sem vefnaðurinn býður upp á.

menning

menning@frettabladid.is

Húrra Hreindýraland

Stuttmynda- og myndverka-hátíðin 700IS Hreindýra-land verður haldin í þriðja sinn austur á Egilstöðum dagana 29. mars til 5. apríl.



KVIKMYNDIR Úr mynd eftir Gert Rognli sem sýnd verður á hátíðinni á Egilstöðum.

MYND/GERT ROGNLI

Hátíðin dreifist að þessu sinni um Hérað og verða sýningar á Egilstöðum, Skriðuklaustri, námskeið verður á Eiðum og efnit verður til sýninga í tengslum við hátíðina á Hornafirði. Að vanda heldur hátíðin úti vefsíðu: www.700.is þar sem ítarlegar upplýsingar eru um dag-skrána.

Kristín Scheving er frumkvöðull og helsti drifkraftur að baki þessari hátíð: „Þessi hugmynd að halda vídeólistahátíð var búin að krauma inni í mér í nokkur ár. Ég fór í nám til Frakklands og síðar til Bretlands og vann bæði eftir mitt framhalds-nám í listum við listir og einnig sem stundakennari í listaháskóla í Manchester. Ég var reyndar búin að gleyma þessu en fyrrverandi kollegi minn í Bretlandi minnti mig á þetta þegar við fórum út með hátíðina sl. haust.

Þegar að ég ákvað að flytja aftur til Íslands og hingað austur á land sá ég endalaus tækifæri. Hitti marga sem voru spenntir fyrir nýj-ungum og það skemmtilegasta var að það reyndist ekki svo erfitt að fá styrki í að halda hátíðina. Nú er hún á þriðja aldursári, og hefur dafnað vel. Skemmtilegast er hve

margir hafa komið að henni og hafa áhuga á að sýna myndir á henni. Hún er samt ennþá að þróast og hefur lengst í vikuhátíð með auka-hátíðum erlendis og í ár hefur okkur verið boðið að koma aftur til Manchester í Bretlandi og Arizona í Bandaríkjunum og einnig hefur okkur verið boðið að koma á nýja hátíð í Svíþjóð og halda fyrirlestur um okkar reynslu.“

Sjöttíu myndverk verða sýnd á hátíðinni og eru verðlaun í boði fyrir besta verkið sem dómnefnd valinkunnra listamanna velur: „Við reynum að fá sem flesta af listamönnum hingað austur,“ segir Kristín, „en náum ekki að bjóða nema tveimur listamönnum því að við erum með sérstök peningaverð-laun fyrir „mynd hátíðarinnar“ og „íslenska mynd hátíðarinnar“. Mér fannst alltaf mikilvægt að geta gefið eitthvað til baka til listamanna sjálfra því að ég hef sjálfur

sent myndir á svona hátíðir úti um allan heim og yfirleitt fær maður aldrei neitt til baka sjálfur. Stundum fær listamaðurinn ekki einu sinni verkin sín til baka – þannig að fyrir mér var þetta mikilvægt atriði að geta gefið smá til baka! Við hefð-um aldrei getað haldið þessa hátíð án hjálpar frá Fljótshéraði og hún er haldin í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótshéraðs. Það eru líka fleiri sem styrkja okkur og ég hvet alla til að kíkjá á heimasíð-una okkar www.700.is til að kíkjá á það og fleiri upplýsingar.“

Formleg opnun verður í Menningarsetrinu á Egilstöðum, Slátur-húsinu, þann 29. mars en þá daga sem hátíðin stendur er mikið við að vera. Á opnun verður flutt verkið Hanaegg eftir þrjár íslenskar lista-konur sem leggja saman: Ólöfu Nordal, Þuríði Jónsdóttur og Ásgerði Jónsdóttur.

Meðal verka sem sýnd verða er knippi verka frá Rússlandi. Á Eiðum verður námskeið í tækni og vinnslu verka sem eru skráning á gerningum og sækja hana nemend-ur víða að úr heiminum. Cafe Valný verður samkomustaður gesta og þáttakenda þegar sýningar eru ekki í gangi en þar verður uppi sýn-ing sem Ólöf Björk Bragadóttir myndlistarkona vinnur ásamt nem-endum frá Menntaskólanum á Egilstöðum.

Það verður því fögnuður þegar hátíðinni slúttar með hófi þann 5. apríl á Eiðum.

pbb@frettabladid.is



SJÓ ORÐ KRISTS Baltasar Samper við uppsetningu verks síns í Hallgrímskirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Páskahátíðin gengur í garð

Nú þegar páskarnir eru við það að skella á heimsbyggðina skyldi engan undra að Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur fyrir glæsilegri dagskrá í tilefni hátíðarinnar. Um helgina var opnuð myndlistarsýning í kirkjunni og á skírdag og föstudaginn langa fara þar fram áhugaverðir tónleikar.

Myndlistarsýningin ber titilinn Sjó orð Krists á krossinum. Baltasar Samper myndlistarmaður hefur unnið sjö ný myndlistar-verk byggð á sjö orðum Krists á krossinum úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar og myndar kross úr myndunum sjö. Krossinn verður fyrir aftan altari kirkjunnar og setur því mikinn svip á minningarkirkju sálmaskáldsins. Í forkirkjunni eru til sýnis tvö eldri verka Baltasars, sem tengjast krossfestingunni.

Á skírdag flytja kórin Schola cantorum og kammerhópurinn Caput ásamt einsöngvurum Jóhannesarpassíu eistneska tónskáldsins Arvos Pärt. Jóhannesarpassíu Pärts flytur píslarsöguna með orðum Jóhannesarguðspjalls á latínu og er jafnan talin til höf-udverka tónskáldsins. Hún er nú flutt í fyrsta sinn á Íslandi.

Tómas Tómasson bassi syngur hlutverk Jesú, Þorbjörn Rúnarson tenór er í hlutverki Pílatúsar, einsöngvarakvartett skipaður Margréti Sigurðardóttur sópran, Guðrúnu Eddu Gunnarsdóttur alt, Braga Bergþórssyni tenór og Benedikt Ingólfssyni bassa flytur

orð guðspjallamannsins og kamm-erkórin Schola cantorum túlkar prestana, lýðinn og fleiri persón-ur. Hljóðfæraleikarar eru Hildi-gunnur Halldórsdóttir á fiölu, Hrafnkell Orri Egilsson á selló, Eydís Fransdóttir á óbó og Kristín Mjöll Jakobsdóttir á fagott. Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgelið. Miða á þessa tónleika má nálgast í Hallgrímskirkju og í versluninni 12 Tönum á Skóla-vörðustíg og kostar miðinn 3000 krónur.

Loks ber að geta þess að Passíu-sálmur Hallgríms Péturssonar verða fluttir í heild sinni á föstu-daginn langa í Hallgrímskirkju á milli kl. 13 og 19. Nokkur hefð hefur skapast fyrir þessum flutningi, en í ár verður brugðið út af þeirri venju að lesa alla sálmana þar sem að félagar úr Mótettukór Hallgrímskirkju ásamt viðstödd-um munu syngja þekktustu sálma-versin á réttum stöðum í lestrin-um. Meðal passíusálmanna sem allir syngja eru „Upp upp mín sál“, „Víst ertu Jesú, kóngur klár“, „Son Guðs ertu með sanni“ og „Dýrð, vald, virðing“. Kirkjugest-ir eru hvattir til að taka með sér Passíusálma sína til að syngja úr og fylgjast með. Um þrjátíu valdir félagar úr Mótettukór Hallgríms-kirkju lesa sálmana að þessu sinni og er þetta í annað skipti sem kór-félagar taka að sér lesturinn. Aðgangur að viðburðinum er ókeypis og öllum opin.

- vp

Bókin

bilar ekki



Stóra orðabókin

Verð: 9.990,-



Jörðin

Verð: 9.980,-

Þessar bækur og margar fleiri færðu á ferminartilboði í næstu bókabúð

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Ali



Hamborgarhryggur um páskana



KYNNTU ÞÉR AÐRAR SPENNANDI VÖRUTEGUNDIR FRÁ ALI



Ali



> VISSIR ÞÚ?

... að banani er næstvinsælasti ávöxtur heims á eftir tómát. Um það bil 44 milljónir tonna af banönum eru framleiddar á ári hverju, miðað við rúmlega 60 milljónir tonna af tómötum. Epli er þriðji vinsælasti ávöxturinn, 36 milljónir tonna framleiddar, og þar á eftir koma koma appelsínur og melónur.



fólk

folk@frettabladid.is

Finnska rokkið of dónalegt

Myndband finnsku þungarokkaranna í Teräsbetoni (sem þýðir „Stálstyrkt steypa“) hefur verið tekið úr umferð því það þykir of dónalegt fyrir Eurovision. Meðal þess sem sést í því er berbrjósta kvenmaður, drykkjuskapur og slagsmál. Myndbandið var gert áður en bandið vann keppnina heima fyrir

annan markhóp. Hið dónalega myndband þykir hugsanlega geta sært blygðunarkennd sómakærra Eurovision-áddáenda, en það var í upphafi framleitt fyrir áddáendur sveitarinnar, finnska þungarokkara, sem kalla ekki allt ömmu sína. „Við sýnum bara ýmsa fylgifiska rokkliðnaðarins í myndbandinu,“ segir söngv-

arinn Ahola, „og þetta var nú bara gert í gríni. Við erum samt voða góðir strákar og tökum bara því sem að höndum ber í þessari keppni.“

STÁLSTYRKT STEYPA Finnsku þungarokkararnir í Teräsbetoni.



68 DAGAR TIL STEFNU



FORMÚLUGELLUR Þessar hressu stúlkur voru greinilega ánægðar með að tíma-tilið er að hefjast.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Formúlan farin af stað

Formúlan er farin að rúlla á Stöð 2 Sport. Eftir var til veglegrar veislu í Perlunni fyrir helgi til að fagna nýju keppnistímabili í þessu vinsæla sporti.

Hundruð áhugamanna um Formúluna mættu í Perluna og hituðu upp fyrir keppnina. Formúlubíll var til sýnis og virtist mikil stemning vera meðal fólks.



FJÖLMIDLAMENN Útvarpsmaðurinn Ívar Guðmundsson og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal skáluðu fyrir Formúlunni.



ANDLIT SPORTSINS Íþróttafréttamennirnir Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson, Heimir Karlsson og Arnar Björnsson.

20 árum með Sálinni fagnað

Sálin hans Jóns míns hélt stórtónleika í Laugardalshöll á föstudagskvöld. Áddáendur sveitarinnar fylltu Höllina og fengu nóg fyrir peninginn.

Það er mikið um að vera hjá Stebba Hilmars, Gumma Jóns og strákunum í Sálinni um þessar mundir. Í tilefni af tuttugu ára afmæli hljómsveitarinnar hefur verið gefið út veglegt safnbox sem inniheldur allar plötur sveitarinnar. Á föstudagskvöldið var svo blásið til stórtónleika í Laugardalshöll þar sem öllu var til tjaldað. Áddáendurnir kunnu vel að meta tónleikana, enda spiluðu þeir öll vinsælustu lög sín og voru á sviðinu í þrjú tíma.

Sjá umfjöllun um tónleikana neðar á síðunni.



Í STUÐI Guðmundur Jónsson gítarleikari, Stebbi Hilmars söngvari og Friðrik Sturluson bassaleikari voru í fantaformi.



FULLT HÚS Sálin hans Jóns míns á traustasta áddáendahóp íslenskra hljómsveita. Áddáendurnir létu sig ekki vanta í Höllina frekar en fyrri daginn.



MESSAÐ YFIR MANNSKAPNUM Stórsöngvarinn Stefán Hilmarsson var í banastuði í Höllinni á föstudagskvöld og var fólk í salnum vel með á nótunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



BLÓMARÓSIR Þessar dömur mættu þrúðbúnar til leiks.



VEL UNDIRBÚNIR Útbúnar voru blöðrur í tilefni afmælisins.



ÞÚ FULLKOMNAR MIG... Þessi söng með Stebba Hilmars og Sálinni.

Syngjandi sveittir

Höllin var stöppuð, líklegast stærsta diskókúla norðan Alþafjalla hékk í loftinu, fólk var í sínu finasta þússi með stuðið á hreinu og öll sviðsmynd var í flottari lagi. Allt þetta virtist benda til stórbrotinna afmælistónleika Sálarinnar. Á endanum varð sú kannski ekki alveg raunin. Stemningin var mögnuð á tónleikunum, allt frá upphafi til enda, eða í um þrjár klukkustundir hvorki meira né minna. Nokkurs tilfinningaþunga gætti líka á tónleikunum. „Það er eins og það hafi gerst í gær,“ öskraði einhver þegar Stebbi sagði að tuttugu ár væru liðin frá því að Á tjá og tundri, fyrsti smellur Sálarinnar, kom út.

Meðalaldur var nokkuð hár á tónleikunum og þess vegna var salurinn ekki beint að sleppa af sér beislínu eins og maður er vanur á Sálar-böllum. Hins vegar létu áhorfendur í sér heyrna og það svo um munaði. Undir lokin hafði stúkan nær öll stigið á fætur og steig villt-

an dans. Svona vill maður sjá á Sálarballi.

Fá orð þarf að hafa um það hversu mikil áhrif Sálin hefur haft á íslenskt tónlistarlíf. Fólk má samt deila um hvort áhrif þessi séu af hinu góða eða slæma. Hvað sem því líður þá þekkti hver einasti maður í húsinu öll þau lög sem fengu að hljóma. Vart þarf að nefna frammistöðu Sálarinnar sjálfar enda óaðfinnanleg. Góðir gestir komu við sögu og var innkoma Gospelkórsins þar einna áhrifaríkust. Fjórir strengjaleikarar úr Sinfóníuhljómsveitinni, Sammi úr Jagúar, Jón Ólafs og ásláttarmeistarinn Einar Scheving og fleiri góðir létu einnig ljós sitt skína og gáfu upplifuninni sterkari heildarbrag. Eitt tilfinningaþrungnasta augnablik tónleikanna var samt þegar spiluð var upptaka af trommusólói Rabba heitins á risaskjám Hallarinnar. Magnað.

Á stundum leið manni samt fullmikið eins og á „enn einu Sálar-

TÓNLEIKAR

Sálin hans Jóns míns
Laugardalshöll 14. mars

★★★

Flott umgjörð um veglega tónleika sem hefðu samt getað verið eftirminnilegri.

balli“. Farið var eftir öllum helstu klisjunum sem flestallir hafa séð hundrað sinnum áður. Þess vegna líktist útkoman meira rosalega stóru sveitaballi en stórbrotnum afmælistónleikum. Fólk skemmti sér hins vegar vel og ég held að fáir hafi gengið út ósattir af tónleikunum. Nema þá kannski sessunautur minn sem gekk hálfbólvandi út eftir að hafa sungið hástöfum með í byrjun. Sveittastir voru þó kóngarnir tveir, Gummi og Stebbi, og máttu þeir vel við una ásamt auðvitað Sálinni allri.

Steinþór Helgi Arnsteinnsson

Heather fær útborgað í dag

Dómari í Bretlandi kveður í dag upp úrskurð sinn í skilnaðarmáli Bítilsins Sir Paul McCartney og Heather Mills. Þá kemur í ljós hversu háa upphæð McCartney þarf að greiða Mills eftir tæplega fjögurra ára hjónaband þeirra. Talið er að úrskurðurinn muni gefa fordæmi fyrir sams konar skilnaðarmál hjá ríka og fræga fólkinu. Þó kann að vera að dómurinn ákveði að úrskurðinum verði haldið leyndum. Fjölmíðlar úti í heimi hafa giskað á hversu háa upphæð Heather næli sér í. Þar hafa verið nefndar tölur allt frá þremur milljörðum króna og upp í tólf milljarða króna.



Föndurstofan.is

Föndurverslun

Námskeið

Síðumúli 15
S: 553-1800

Sjón er sögu ríkari

SAMbio.is SAMBIOINN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

FRÁ LEIKSTJÓRA INDEPENDENCE DAY OG THE DAY AFTER TOMORROW
BEINT Á TOPPINN TUBA

JACK NICHOLSON MORGAN FREEMAN
NÍÓTTU LÍFSINS
THE BUCKET LIST

SYND MEÐ ÍSLENSKU TALI
HORTON

ÞAD ELSKA ALLIR JUNO!
BESTI VINUR MAMMINS

SAMBIOINN ALFABAKKA				SAMBIOINN SELFOSS			
10.000 BC	DIGITAL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12	JUNO		kl. 8	7
10.000 BC		kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP	THERE WILL BE BLOOD		kl. 10	16
HORTON M/ÍSL.TAL		kl. 6	L	27 DRESSES		kl. 8:20	L
THE BUCKET LIST		kl. 8 - 10:10	7	DARK FLOORS		kl. 10:30	14
DARK FLOORS		kl. 10:30	14	SAMBIOINN AKUREYRI			
UNDRAHUNDURINN ÍSL.TAL		kl. 6	L	10.000 BC		kl. 8 - 10	12
NO COUNTRY FOR OLD MEN		kl. 5:30 - 8 - 10:30	16	THE BUCKET LIST		kl. 8	7
THERE WILL BE BLOOD		kl. 10:30	16	STEP UP 2		kl. 10	7
STEP UP 2		kl. 6 - 8	7	SAMBIOINN KEFLAVÍK			
P.S. I LOVE YOU		kl. 8	L	10.000 BC		kl. 8 - 10:20	12
SAMBIOINN KRINGLUNNI				AUGUST RUSH		kl. 10	L
10.000 BC	DIGITAL	kl. 6 - 8:10 - 10:30	12	UNDERDOG M/ÍSL.TALI		kl. 8	L
THE BUCKET LIST	DIGITAL	kl. 6 - 8:10 - 10:20	7	DIGITAL			
JUNO		kl. 8 - 10:10	7				
UNDRAHUNDURINN ÍSL.TAL		kl. 6	L				

Nýtt í bíó LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merkjar með pantól!

LAUGARASBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

10.000 BC - POWER	kl. 5.50, 8 og 10.10	12
HORTON - ÍSLENSKT TAL	kl. 2, 4 og 6	L
SEMI-PRO	kl. 4, 8 og 10	12
RAMBO	kl. 8 og 10	16
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM	kl. 1.45 og 5.30	L
ALVIN OG ÍKORNARNIR	kl. 2	L

NÝTT Í BÍÓ! Páskamyndin í ár!
Með íslensku og ensku tali

HORTON

Fillinn Horton sem leggur mikið á sig til að hjarga hverjar bæjarstjóra í æðislega skemmtilegri teiknimynd.

ATH: Á undan myndinni verður frumsýnt frábært myndskoid úr

NÝTT Í BÍÓ! Þessari skemmtilegu mynd er

HEIÐIN

SEMI-PRO 27 DRESSES

BE KIND REVIND INTO THE WILD

ALVIN OG ÍKORNARNIR

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

450 kr. í bíó!

HÁSHÓLA BÍÓ Sími 530 1919

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

HORTON	kl. 4-6	ÍSLENSKT TAL	HORTON	kl. 2-4-6-8	ÍSLENSKT TAL
HEIÐIN	kl. 8-10	7	SEMI-PRO	kl. 8-10	12
SEMI-PRO	kl. 3:30-8-10	12	THE KITE RUNNER	kl. 10	12
27 DRESSES	kl. 8-10:30	12	BRÚÐGUMINN	kl. 6	7
BRÚÐGUMINN	kl. 3:40-5:50-8	7	ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM	kl. 2	7
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 1:30	7			

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓMANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

AUKAKRÖNUR

MC-buffin hjóla í páskaegginn

Buffin í Merzedes Club stefna á feitan páskaflíng og munu fá sér páskaegg eins og aðrir þrátt fyrir aðhaldssamt mataræði alla jafna. Allir nema Gazman það er að segja.

„Ég hjóla í stærsta eggjö frá Nóa, ekki spurning“, segir Egill Gillzenegger. „Eitt svona egg er líklega 3-4 þúsund hitaeiningar svo fituprósentan fer ekkert í algjöra klessu. Svo getur maður leyft sér svona þegar maður er í kjúklingabringum, vatni og ávöxtum alla helvítis vikuna. Ég er mannlegur þótt ég líti ekki út fyrir það.“

Gillz segir nammidaga nauðsynlega til að halda andlegri heilsu. „Ég er ekki með fastan nammidag en svindla aðeins þegar Manchester United er að spila. Það getur verið á miðvikudegi, sunnudegi eða hvenær sem er.“

Forsöngvarinn Ceres 4 er með fastmóðari reglur um nammidaga enda „skeinir“ hann öðrum meðlimum hópsins með minnstu fituprósentuna, 4 prósent. „Mínir nammidagar eru sunnudagar, ekki síst til að ég geti fengið mér páskaegg á páskaðag“, segir hann. „Meginþorri þjóðarinnar gerir þau mistök að hafa nammidaginn á laugardögum og ætti því með réttu að borða páskaeggjö þá. Margir svindla. Svoleiðis skilur amatöra frá atvinnu-



ENGIR PÁSKIR ÁN PÁSKAEGGS Gillz, Ceres 4 og Partí-Hans ætla að gúffa í sig en Gaz-mann neitar sér um kræsingarnar.

mönnum. Með nammidag á sunnudögum getur maður ekki aðeins borðað páskaeggjö á réttum tíma heldur líka fengið sér gottteri í sunnudagsbíltúrum og gúffað í sig brauðtertum í fermingarveislum.“

Ceres 4 segist hafa kynnt sér páskaeggjamarkaðinn vel. „Ég hef séð þrjú egg sem heilla mig. Eitt er númer 2 og það heillaði mig helst fyrir að vera lítið og krúttlegt. Svo sá ég lakkrísegg frá

Góu með lakkrískurli. Ég er nýjungagjarn og uppátækjasamur svo það egg kemur sterkt inn. Svo eru víst til egg úr dökku súkkulaði og það hljómar vel því ég er hrifnari af dökku súkkulaði en ljósu. Ég tek minn umbóttunartíma. Það er spennandi tímar fram undan.“

„Ég fæ mér líklega eitt lítið, þótt ég fái nú yfirleitt bara hausverk þegar ég borða súkkulaði“, viðurkennir Partí-Hans. Hinn trumbuslagarinn, Gaz-maðurinn ógurlegi, ætlar einn MC-buffa að neita sér um páskaegg. „Ég hef ekki fengið mér páskaegg í mörg ár og sakna þess ekki neitt“, segir hann. „Ef ég svindla þá er það helst að ég fái mér pítsu. Páskarnir verða því bara kjúklingabringur og prótein eins og vanalega og kannski pítsa á páskaðag.“

gunnarh@frettabladid.is

Í utandeildinni

Semi-Pro er þriðja íþróttamynd sprelligosans Wills Ferrell á eftir Blades of Glory frá því í fyrra og Talladega Nights frá árinu áður. Myndin er frumraun leikstjórans Kent Alterman, sem starfaði lengi sem framleiðandi hjá New Line Cinema að myndum á borð við A History of Violence, Son of the Mask og Little Children, svo stiklað sé á stóru.

Líkt og í fyrri íþróttamyndum Ferrells leikur hann nákvæmlega sömu heimsku stereótýpuna; tillitslausan og sjálfumgláðan glaumgosa. Hvort sem áhorfendur telja þetta gott eða slæmt, þá virkaði þessi staðlaða persóna í Talladega á meðan hún féll kylliflöt í Blades. Hér er sagan allt önnur því Ferrell er látinn lúta í lægra haldi fyrir persónu Woodys Harrelson, körfuboltakappanum Monix, en öll

sagan í kringum hann er úr takti við restina af myndinni.

Ferrell stendur í sjálfu sér fyrir sínu en það er klárlega Will Arnett úr Arrested Development sem stelar senunni sem annar körfuboltakynnirinn. Það er hressandi að sjá Harrelson í gamanmynd, enda fínasti leikari þar á ferð. Jackie Earle Haley kemur fram í stuttu en afar fyndnu hlutverki sem útúrdópaður aðdáandi körfuboltaíðs Ferrells.

Það læðist að mér sá grunur að myndin hafi verið klippt verulega til til þess að tryggja betra flæði og bæta atriði, en það hefði verið skemmtilegra ef Ferrell hefði haft aðeins meiri tíma á tjaldinu. Þeir áhorfendur sem búast við nýrri Anchorman þurfa að biða aðeins lengur, en þessi dugir þangað til.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is



KVIKMYNDIR

Semi-Pro

Leikstjóri: Kent Alterman. Aðalhlutverk: Will Ferrell, Woody Harrelson.

★★★

Will Ferrell leikur sömu típu og í síðustu íþróttamyndum sínum. Myndin er góð, en telst þó ekki til bestu mynda hans.

Ódýrt í bíó

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

ISLENSKT TAL

HORTON ATH. SÝND KL. 2

TRUKU ATH. SÝND KL. 1.45

ALVIN OG ÍKORNARNIR SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI ATH. SÝND KL. 2

Í TJARNARBÍÓ UM HELGINA

MÁN

17 MAR

15:00 Riddarar hvíta tjaldsins
17:00 Ár úlfins
20:00 Sem á himni
22:30 Ár úlfins

ÁR ÚLFINS

er mynd úr smíðju Ollis Sarelas, eins verðlaunaðasta samtímaleikstjóra Finna. Í myndinni segir frá sambandi Mikkos, miðaldra kennara, og Sariar, sem er gáfuð, bráðfallig háskólastúlka en þjáast af svefnþyrri.

KVIKMYNDALÜBBURINN

FJALA KÖTTURINN

Allar upplýsingar er að finna á WWW.FJALAKOTTUR.IS



NÁMSSTYRKUR Mike Pollock tók við námsstyrknum úr höndum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rokkari fékk námsstyrk

„Miðað við bakgrunn minn er þetta alveg ótrúlegt,“ segir tónlistarmaðurinn Mike Pollock, fyrrum Utangarðsmaður, sem tók á dögnum við námsstyrk úr höndum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur við hátíðlega athöfn í Höfða.

Styrkinn fékk Mike úr Guðrúnarsjóði fyrir námsárangur sinn hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Hlaut hann tíu í einkunn í enskri málfræði og átta í íslensku og hyggur í framhaldinu á nám í Háskóla Íslands í enskum bókmenntum.

„Ég er nánast orðlaus. Ég er mjög þakklátur og þetta er mikill heiður fyrir mig. Ég vona að þetta veiti öðrum innblástur því það er aldrei of seint að læra ef viljinn er fyrir hendi. Ég mun nota þennan styrk vel og reyna að koma með góða hluti inn í íslenskt samfélag,“ segir Mike. „Núna er kominn hálfleikur í mínu lífi. Músíkin verður alltaf númer eitt hjá mér en núna langar mig að kenna ensku, tölvufræði og bókmenntir og miðla minni reynslu.“

- fb



NEIL YOUNG Rokkarinn Neil Young spilaði fyrir hóp Íslendinga í London.

Loftbelgur á Neil Young

Fjörutíu og fimm Íslendingar fóru saman á tónleika rokkhundsins Neil Young á staðnum Hammersmith Polo í London á dögnum. Ferðin var farin á vegum nýstofnaðs klúbbs sem heitir Loftbelgurinn og er samstarfsverkefni Rásar 2 og Icelandair.

„Þetta voru frábærir tónleikar á mjög sérstökum stað, í þessu gamla bíói í London,“ segir útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson, sem var fararstjóri í ferðinni. „Og framhaldið er ekkert slor. Ferðir á tónleika með Eagles, Santana og Bruce Springsteen eru á dagskrá núna í vor og suma og svo erum við að skoða möguleika á tónlistarhátíðum eins og Glastonbury, Reading og Benicassim á Spáni og tónleika með böndum og fólki á borð við Radiohead, R.E.M og Tom Waits,“ segir hann.

Tíu til tólf tónleikaferðir eru áætlaðar á þessu ári á vegum Loftbelgsins. „Icelandair-menn eru sérfræðingar í flugi og ferðalögum. Á Rás 2 starfa svo sérfræðingar í músík og þegar þessir tveir aðilar taka höndum saman getur útkoman ekki verið annað en góð.“

Lay Low Parton

Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, eða Lay Low eins og flestir Íslendingarnar þekkja hana, hefur sýnt mikinn tónlistarlegan þroska undanfarin tvö ár, bæði í sínu eigin einmenningssverkefni og með hljómsveitinni Benny Crespo's Gang. Að hið ótrúlega snjalla Leikfélag Akureyringa hafi leitað til hennar við uppsetningu á leikriti Paulu Vogel, Ökutímar, þarf því ekki að koma á óvart.

Platan með lögnum úr leikmyndinni er tvískipt og inniheldur annars vegar fimm frumsamin lög og hins vegar átta ábreiður af lögum hinnar barmmiklu Dolly Parton. Frumsömdu löggin eru öll nokkuð sterk fyrir

utan jólalagið Gleðileg jól, sem er ömurlega væmið og klisjukenndur friðarjólategi á engan samhljóð með laglínunni. Hin frumsömdu löggin mynda hins vegar sterkt jafnvægi sín á milli. Strípaðar og lágstemmdar útsetningar laganna kalla fram allt það besta í rödd Lovísu sem nýtur sín til fullnustu. Lagið Lítið lag sameinar einna best þessa kosti.

Í ábreiðulögnum kveður hins vegar við annan tón. Þar hefur Lay Low heila hljómsveit á bak við sig sem kemur oft og tíðum vel út. Löggin eiga það þó til að lenda í allt of miklum karaókiútgáfum þar sem upprunalegu myndinni er fylgt of ítarlega.

Sérstaklega á þetta við í lögnum sem þekktari eru og kemur lagið 9 to 5 án efa hvað verst út. Eftirhermuleikurinn pirrar samt ekki eins mikið í minna þekktari lögnum, til dæmis í Love is Like a Butterfly. Sterkasta lagið í þessum hluta hlýtur þó að teljast Jolene. Þrátt fyrir að ekki sé stigið langt skref frá upprunalegu myndinni nær söngur Lay Low, með hallærislegan hljóðgervlahljóm og taktvissan trommuleik sem sína helstu bandamenn, að gera lagið eftirminnlegt. Samt sem áður á þessi plata væntanlega seint eftir að teljast með eftirminnlegustu verkum Lovísu þegar fram líða stundir.

Steinþór Helgi Arnsteinsson



TÓNLIST

Ökutímar

Lay Low

★★★

Mörg fin frumsamin lög auk Dolly Parton ábreiðulaga, þar sem útgáfan af Jolene ber af, gera tónlistana úr Ökutímum að ágætis afþreyingu en hún verður þó seint talin eftirminnleg.



iPod touch

Raunstærð:

61,5 x 110 x 8 mm

Aðeins 120 g

Í snertingu við tónlist

TILBOÐ
36.990 kr.

8 GB iPod touch á fermingartilboði

iPod touch

8 GB (2000 lög)
120 g
3,5" snertiskjár

36.990 kr.

Spilar myndbönd

Innbyggt þráðlaust netkort
Vafri, YouTube og dagbók
Rafhlaðan endist allt að 22 klst.

Áður 42.990 kr.

iPod touch er iPod með snertiskjá. Með einum fingri velur þú uppáhaldstónlistina þína, skoðar tónlistarmyndband eða horfir á bíómynd. Þú kemst líka á þráðlaust net með iPod touch og getur til dæmis skoðað YouTube, fyrir utan allt hitt sem netið býður upp á. Einfaldleiki, þægindi og skemmtun með iPod touch.



Fireant hátalarar verð frá 26.990 kr.



Griffin iTrip 4.990 kr.



USB auto adapter fyrir iPod 3.490 kr.



Bose SoundDock Portable 44.990 kr.



USB sjónvarpsmóttakari 12.990 kr.



Griffin iTrip auto scan 7.990 kr.



Griffin Road Trip 6.990 kr.

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 Laugavegi 182 Kringlunni
www.apple.is 105 Reykjavík 103 Reykjavík

Apple IMC

> Hátt miðaverð fældi frá

KSÍ bjó til fina umgjörð í kringum leik Íslands og Færeyja í Kórnum í gær. Það eina sem raunverulega skygðði á var hversu grátlega fáir mættu á völlinn. Aðeins mættu 747 áhorfendur, með boðsgestum, en Kórinn tekur 1.400 manns í sæti. Má segja að KSÍ hafi að vissu leyti skotið sig í fótinn því sambandið seldi miðann á 2.000 kr. sem knattspyrnuáhugamönnum fannst augljóslega allt of hátt verð fyrir leik með B-landsliði Íslands og þeir sendu skýr skilaboð með því að mæta ekki. Hefði verið mun skemmtilegra að hafa fullt hús en þá verður miðaverðið að vera í takti við leikinn sem verið er að bjóða upp á. Knattspyrnuáhugamönnum fannst þessi leikur augljóslega ekki vera 2.000 króna virði.

sport
sport@frettabladid.is



GUÐLAUGUR ARNARSSON HANDKNATTLEIKSKAPPI: Á FÖRUM FRÁ SÆNSKA LIÐINU MALMÖ

Stefni á að vera áfram í atvinnumennsku

Það er ljóst að Íslendingarnir Guðlaugur Arnarsson og Valdimar Þórsson verða ekki áfram í herbúðum sænska félagsins Malmö sem er fallið úr sænsku úrvalsdeildinni. Valdimar er væntanlega á heimleið og er talið líklegt að hann gangi í raðir síns gamla félags, HK.

Guðlaugur hefur aftur á móti í hyggju að reyna áfram fyrir sér erlendis en sterk lið í nágrannalöndunum hafa sýnt honum áhuga upp á síðkastið.

„Stefnan var alltaf að vera úti í þrjú til fjögur ár í viðbót. Það var vissulega leiðinlegt að ekki skyldi ganga betur hjá Malmö en þrátt fyrir það er ég mjög sáttur við mína spilamennsku. Ég hef bætt mig talsvert, spilað vel í vörn og skorað mikið en ég er þriðji markahæsti leikmaður liðsins sem er eitthvað sem ég á ekki að venjast. Ég tel mig klárlega vera nógu góðan varnarmann til að spila með góðu liði einhvers staðar úti. Ég hef enn mikinn metnað fyrir því að standa mig vel hér úti sem og að komast í landsliðið,“ sagði Guðlaugur en hann hefur einnig fengið fyrirspurnir frá félögum hér heima. Hann er laus frá Malmö fyrir upphæð sem mun ekki standa í

sterkum félögum.

Lélegt gengi Malmö kom nokkuð á óvart en liðið fékk fjölda manna fyrir tímabilið. Guðlaugur telur þó að um ofmat hafi verið að ræða hjá liðinu.

„Það grunaði engan að við myndum falla fyrir tímabilið.

Stefnan var sett á að enda um miðja deild á þessu ári og bæta svo ofan á það næsta vetur. Staðreyndin er aftur á móti sú að við erum ekkert betri en þetta í raun og veru. Liðið var augljóslega ofmetið,“ sagði Guðlaugur en lykilmenn hafa brugðist hjá félaginu og til að mynda hefur Valdimar Þórsson ekki verið nema skugginn af sjálfum sér.

„Vörnin er búin að vera góð og við erum í sjötta sæti yfir fæst mörk á okkur og það þó svo við séum aðeins með 30 prósentu markvörslu. Sóknarleikurinn hefur aftur á móti verið grátlega lélegur enda höfum við skorað minnst allra. Það segir líka sína sögu þegar ég er með markahæstu mönnum.“



Ísland 3-0 Færeyjar

Kórinn, áhorf.: 747

Tommy Skjerven

1-0 Jónas Guðni Sævarsson (45.)

2-0 Fróði Benjaminsen, sjm (72.)

3-0 Tryggvi Guðmundsson (80.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-6 (5-4)
Varin skot	Kjartan 4 - Jákup 4
Hörn	4-3
Aukaspjrmur fengnar	15-15
Rangstöður	3-0

LIÐIN

Lið Íslands (4-5-1):

Kjartan Sturluson
Birkir Már Sævarsson
Atli Sveinn Þórarinnsson
Heimir Einarsson
(84., Guðmann Þórisson)
Bjarni Ólafur Eiríksson
(82., Hjörtur Logi Valgarðsson)
Jónas Guðni Sævarsson
Davíð Þór Viðarsson
(73., Hallgrímur Jónasson)
Aron Einar Gunnarsson
Baldur Ingimar Aðalsteinsson
(73., Pálmi Rafn Pálmason)
Tryggvi Guðmundsson
(84., Guðmundur Reynir Gunnarsson)
Helgi Sigurðsson
(58., Marel Jóhann Baldvinsson)

Lið Færeyja (4-4-2):

Jákup Mikkelsen
Jóhan Toest Davidsen
Einar Hansen
(81., Mortan úr Hörg)
Óli Hansen
Atli Danielsen
Rógvi Jacobsen
Fróði Benjaminsen
Simun Samuelsen
(69., Bergur Midjord)
Arnbjorn Hansen
(73., Rókur af Flötum Jespersen)
Christian Högni Jacobsen
(73., Hjalgrim Elttór)
Ingi Højsted
(81., Kristoffur Jakobsen)



ILLA MÆTT Íslensku strákarnir fagna hér marki fyrir hálfótómu húsi í Kórnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allar gerðir iðnaðarprentara og álimingarvéla.

Límniðaprentarar, álimingarvélar, filmuprentarar, bleksprautuprentarar, kassaprentarar og laserprentarar. Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir.



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.

Færeyingar felldir í Kórnum

Ísland lagði Færeyjar, 3-0, í fyrsta karlalandsleiknum sem fram fer innandyra hér á landi. Lítil glæsibragur var á leik íslenska liðsins en ágætur síðari hálfleikur dugði til þess að leggja frændur vora frá Færeyjum.

FÓTBOLTI Það var sérkennileg tilfinning að fylgjast með fyrsta karlalandsleiknum sem fram fór innandyra hér á Íslandi. Húsið var hálfótmt, áhorfendur daufir og í raun heyrðist eingöngu í leikmönnum sjálfum allan leikinn. Áhorfendur klöppuðu varla allan leikinn enda var ekki hægt að klappa fyrir miklu framan af.

Fyrri hálfleikur hjá íslenska liðinu var ævintýrlega slakur. Það var ekki heil brú í leik liðsins. Leikmenn voru staðir, sífellt að reyna erfiðar sendingar og miðjumenn liðsins sáu boltann helst í loftinu. Sendingar utan af vængjum voru einnig slakar og oftast ekki of fáir í teignum.

Færeyingar áttu betri sóknir og Ísland var heppið að lenda ekki undir á 23. mínútu þegar Arnbjorn Hansen komst einn í gegnum vörn íslenska liðsins en Kjartan Sturluson varði vel. Ísland tók síðan forystuna þegar nokkrar sekúndur voru eftir af fyrri hálfleik. Baldur Aðalsteinsson átti þá laglega sendingu á minnsta mann vallarins, Jónas Guðna Sævarsson, sem hafði laumað sér í teiginn og skallaði laglega í markið.

„Það var frábært að skora gegn Færeyingum enda er ég einn



2-0 Fróði Benjaminsen setur hér boltann í eigið net eftir sendingu Tryggva Guðmundssonar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GLÆSILEGT MANNVIRKI Tryggvi Guðmundsson tekur hér hornspyrnu í hinum sögulega leik í Kórnum í gær. Íslensku strákarnir áttu finan síðari hálfleik eftir að hafa verið slakir í þeim fyrri.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fjórði Færeyingur. Ekki verra að skora með skalla en það gerist ekki oft. Ég skoraði reyndar með skalla með KR á dögnum þannig að ég er að verða stórhættulegur í teignum,“ sagði Jónas Guðni brosmildur eftir leik en mark hans var í raun það eina sem íslenska liðið gerði af viti í fyrri hálfleik. Flestir leikmenn voru daprir en það var helst hinn ungi Aron Einar Gunnarsson sem lét eitthvað að sér kveða.

Allt annað var að sjá til íslenska liðsins í síðari hálfleik. Leikmenn voru miklu hreyfanlegri, grimm-

ari og íslenska liðið náði fyrir vikið stjórn á leiknum. Sóknirnar urðu einnig markvissari. Ísland komst í 2-0 á 72. mínútu þegar Tryggvi Guðmundsson gaf í teiginn og Fróði Benjaminsen, fyrrverandi leikmaður Fram, setti boltann í eigið net.

Tryggvi var líflegur í síðari hálfleik og hann batt endann á laglega sókn íslenska liðsins tíu mínútum fyrir leiklok. Pálmi Rafn gaf þá hælendingu á Tryggva sem lagði boltann með fyrstu snertingu í hornið. Ekki í fyrsta skipti sem Tryggvi skorar gegn

Færeyjum.

„Ég vil nú meina að ef það er landsleikur hjá mér þá skora ég. Ekki bara gegn Færeyjum enda skora ég í þeim leikjum sem ég fæ að spila. Ég vil eiginlega meina að ég hafi skorað tvö mörk í dag,“ sagði Tryggvi léttur. „Við erum með betra lið og eignum að stýra leiknum og það gerðum við í síðari hálfleik. Þá sást bersýnilega munurinn á liðunum. Það var því miður ekki mikið af fólki á leiknum en sófinn heima hefur greinilega heillað fyrst leikurinn var í beinni.“
henry@frettabladid.is

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari og Aron Einar Gunnarsson voru brosmildir eftir leik í gær:

Síðari hálfleikur var miklu betri hjá okkur

FÓTBOLTI Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari leyfði sér að brosa eftir leikinn í gær þótt hann hefði ekki verið fullkomlega sáttur við leik sína manna.

„Við vorum ekki burðugir í fyrri hálfleik, það verður að segjast eins og er, en þetta lagaðist mikið í þeim síðari. Þá fórum við að halda boltanum og hættum með þessar löngu sendingar. Það var fint að fá þetta mark fyrir hlé. Þetta var gott hlaup hjá Jónasi en það vantaði svolítið að þriðji maðurinn væri kaldur að stinga sér,“ sagði Ólafur en hann var ánægður með varnarleik liðsins.

„Ég er mjög ánægður með varnarleikinn. Þessir strákar eru mjög líkamlega sterkir, láta finna fyrir sér í návigjum og eru öflugir í loftinu. Sóknarleikurinn í fyrri hálfleik var erfiður en þá lokuðu Færeyingar vel á okkur. Við leystum sóknarleikinn ágætlega í síðari hálfleik og ég var sáttur við það. Tryggvi er heitur þessa dagana og



ÞJÁLFAVAR SPJALLA Landsliðsþjálfararnir Ólafur Jóhannesson og Pétur Pétursson fara hér yfir málin í leiknum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skilaði sínu svo sannarlega. Ég hef alltaf sagt að mér sé sama hvað menn séu gamlir, ef þeir geta eitt-

hvað í fótbolta þá vel ég þá í liðið,“ sagði Ólafur og fékk sér létt í nefið í tilefni af sigrinum.

Vaskleg framgangna hins unga Arons Einars Gunnarssonar vakti athygli. Aron var eini leikmaður liðsins sem spilar utan landsins en hann er leikmaður AZ Alkmaar í Hollandi.

„Ég er bara sáttur við mína frammistöðu. Ég er náttúrulega ungur strákur sem á eftir að læra mikið en ég ákvað að mæta grimmur og selja mig dýrt,“ sagði Aron en hann lét mikið að sér kveða og var duglegur að öskra á sér eldri og reyndari menn.

„Maður þarf ekkert að vera hræddur í boltanum. Ég er mikill rólyndismaður utan vallar en um leið og ég kem inn á fótboltavöll byrja ég að öskra. Ég fæ eitthvað út úr því,“ sagði Aron kátur en hann var illa tekinn niður af Rógva Jacobsen undir lokin og fékk Rógvi rautt spjald fyrir. Aron var aðeins bólginn á ökklanum eftir tæklinguna. „Ég veit ekki hvað ég gerði honum en ég hristi þetta af mér. Ég er ekki kettlingur.“ - hb



SIR ALEX Kampakátur á toppi úrvalsdeildarinnar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sir Alex Ferguson:

Spennandi endasprenntur

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjórnari Man. Utd, býst við því að baráttan um enska meistaratitilinn verði æsispennandi allt til enda.

United komst á toppinn á laugardag er liðið jafnaði Arsenal að stigum en United á þess utan leik til góða. Chelsea er aðeins þremur stigum á eftir og hefur leikið einum leik minna en Arsenal.

„Þetta er að verða mjög áhugavert og endasprenntur verður æsispennandi,“ sagði Ferguson en Arsene Wenger, stjórnari Arsenal, segir sína menn ekki vera á því að gefast upp en Arsenal mætir Chelsea næst.

„Gengið í síðustu leikjum er eðlilega mikil vonbrigði. Kapphlaupinu er samt ekki lokið og við verðum að halda einbeitingu. Það verður mjög áhugavert að sjá hvernig leikurinn gegn Chelsea fer,“ sagði Wenger. - hbg

Flensburg fær liðsstyrk:

Carlén-feðgar til Flensburg

HANDBOLTI Feðgarnir Per og Oscar Carlén eru báðir á förum til þýska úrvalsdeildarliðsins Flensburg í sumar en með liðinu leika Einar Hólmgeirsson og Alexander Petersson.

Per, sem er þjálfari Íslendingaliðsins Malmö, verður aðstoðarmaður Kents Harrys Anderson þjálfara.

Oscar er 19 ára gömul örvhent skytta og þykir gríðarlega mikið efni en hann er þegar kominn í sænska landsliðið. Hann mun því etja kappi við Einar Hólmgeirsson fá hann sig ekki lausan frá félaginu. - hbg

Fabio Capello:

Lætur fylgjast með Beckham

FÓTBOLTI David Beckham er enn í áætluðum Fabios Capello, landsliðsþjálfara Englands, en hans hægri hönd, Franco Baldini, fylgdist með Beckham í góðgerðaleik LA Galaxy og FC Dallas sem endaði með markalausni jafntefli. Beckham lék allan leikinn.

„Baldini kom að fylgjast með. Sumir gætu haldið að það setti meiri pressu á mig en þannig blasir það ekki við mér,“ sagði Beckham eftir leikinn.

„Ég reyndi bara að sýna mitt besta, spila boltanum ásamt því sem ég lagði mig allan fram í 90 mínútur. Þegar menn koma til greina í landsliði þá er eðlilega fylgst með þeim og það er hluti af pakkanum.“

Capello hefur gefið í skyn að Beckham komi sterklega til greina í næsta landsliðshóp sem mun mæta Frökkum 26. mars en Beckham er búinn að biða lengi eftir að spila sinn hundradasta landsleik. - hbg

Líf og fjör í fyrsta Formúlukappakstri tímabilsins:

Góður sigur hjá Hamilton í Ástralíu

FORMÚLA 1 Bretinn Lewis Hamilton byrjaði keppnistímabilið í Formúlunni með miklum látum er hann vann fyrstu keppnina í Melbourne í Ástralíu. Hann leiddi keppnina frá upphafi til enda. Nick Heidfeld á BMW varð annar og Williams-ökumaðurinn Nico Rosberg varð þriðji.

Heimsmeistarinn Kimi Raikkonen fékk engin stig en hann varð að sætta sig við niunda sætið. Fernando Alonso var mættur aftur á Renault-bílnum og náði í fjórða sætið en Heikki Kovalainen varð

fimmti. Brasilíumaðurinn Rubens Barrichello varð síðan í sjötta sæti.

„Mér hefur sjaldan eða aldrei liðið eins vel eftir sigur enda finnst mér ég hafa tekið framförum á svo mörgum sviðum. Ég myndi kannski ekki ganga svo langt að kalla þetta fullkominn sigur en með hliðsjón af því hversu vel mér gekk að stjórna dekkjunum, hraðanum sem og sjálfstraustinu þá er þetta besti kappakstur sem ég hef keyrt,“ sagði Hamilton glaður. - hbg



SÆTUR SIGUR Lewis Hamilton fagnar hér sigri en hann sagði þetta hafa verið sinn besta kappakstur frá upphafi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES





NÚ GETUR ÞÚ EKKI VILLST

Þú finnur Garmin GPS staðsetningartækin hjá okkur



893 010-00610-000
GARMIN Map 520
GPSmap 520 er nýr GPS plotter með björtum 5" skjá í QVGA upplausn 320x240, birta yfir 800 nits. Ný hönnun í valmynd er mjög einföld og skýr og einnig eru takkar færri og einfaldari. Notendavænt viðmót á stillingum og einföldun á tökkum, baklýsing á tökkum, rauf fyrir SD kort, innbyggð loftnet með möguleika á að tengja útinet, 2 x NMEA0183 inn- og útgangar, Vatnsheldni - IPX710.000 ferilpunktar, 20 ferilmíni(tracks), 1500 vegpunktar. Stærð: 5.9"W x 6.4"H x 2.9"D Minni

54.840



TILBOÐ
893 010-00621-02
GARMIN Nuvi 250
Garmin 250 GPS tækið er lítið, einfalt og ódýrt með innbyggðu Evrópukorti, 2,8" snertiskjár, 12 rása móttaka, 500 vegpunktar, innbyggð rödd, vegtölva, 85 mb minni, rauf fyrir SD kort.

22.490 ~~33.000~~

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200
REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNARFJÖRÐUR - KEFLAVÍK - SELFÖSS - HORNAFJÖRÐUR - EGILSSTAÐIR

[WWW.N1.IS](http://www.n1.is)

**OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
LAUGARDAGA 10-14**



SÁTTUR Roy Hodgson, stjóri Fulham, var eðlilega ánægður með sigur sinna manna í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enski boltinn:

Dýrt tap hjá Everton

FÓTBOLTI Þrír leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær. Frammistaðan í dag var góð og við þurfum meira af slíku ef við ætlum að hanga uppi,“ sagði Roy Hodgson, stjóri Fulham. David Moyes, stjóri Everton, reyndi að bera sig vel. „Liverpool er alltaf lífklegra til að taka fjórða sætið. Við munum samt halda áfram að berjast og vinna sem flesta af þeim leikjum sem eftir eru,“ sagði Moyes. Man. City vann loksin heimaleik þegar Tottenham kom í heimsókn. Þetta var fyrsti sigur City í fjórum leikjum og fyrsti heimasigurinn í síðustu sex leikjum. Einnig var þetta fyrsti sigur City gegn Tottenham síðan í apríl árið 2003.

„Þessi sigur var gríðarlega mikilvægur. Við höfum ekki skorað í þrem leikjum og aðeins fengið eitt stig í þessum leikjum,“ sagði Sven Göran Eriksson, stjóri Man. City. „Við vorum góðir í síðari hálfleik og ég held að flestir geti verið sammála um að við áttum skilið að vinna.“ - hbg

Einum sigri frá úrslitunum

KR er aðeins einum sigri frá úrslitaeinvíginu í Iceland Express-deild kvenna eftir annan sigur á Grindavík. Hildur Sigurðardóttir og Candace Futrell fóru fyrir frábæru KR-liði sem vann sannfærandi 17 stiga sigur, 65-82, í Röstinni.

KÖRFUBOLTI KR-konur eru komnar í frábæra stöðu eftir öruggan 17 stiga sigur, 65-82, í Grindavík í öðrum leik liðanna í undanúrslitaeinvígi þeirra í Iceland Express deild kvenna í gær.

KR-liðið með Hildi Sigurðardóttir og Candace Futrell í fararbroddi hefur unnið tvo fyrstu leiki liðanna með sannfærandi hætti og vantar nú aðeins einn sigur til þess að tryggja sér sæti í lokaúrslitunum. Hildur var með þrefalda tvennu í gær og Candace Futrell sýndi allt annan og betri leik en í fyrsta leiknum þegar hún hitti mjög illa.

KR var 12-24 yfir eftir fyrsta leikhliða og strax ljóst að þetta yrði erfitt kvöld fyrir Grindavík. KR var fimmtán stigum yfir í hálfleik, 30-45, og eftir góða byrjun liðsins í seinni hálfleik var munurinn hreinlega orðinn of mikill. Nú þurfa bikarmeistararnir að vinna þrjá leiki í röð til þess að komast í lokaúrslit.

Candace Futrell, bandaríski leikmaður KR, reif sig upp eftir dapran fyrsta leik og var með 33 stig og 14 fráköst í gær. Hildur Sigurðardóttir var með þrefalda tvennu í gær, skoraði 18 stig, tók 13 fráköst og gaf 11 stoðsendingar. Candace er ánægð með fyrirliðann sinn. „Það kemur ekki á óvart að hún hafi verið með þrefalda tvennu því hún er mjög góður leikmaður,“ sagði Futrell



BARÁTTA Hildur Sigurðardóttir lokar hér fyrir leiðina að körfu KR-inga í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

um Hildi. „Vörnin okkar kveikti í sókninni okkar í gær og við náðum sjálfstraustinu upp með því að spila mjög góða vörn. Við höldum áfram að stefna á það að spila góða vörn og láta mótherja okkar hafa fyrir hlutunum,“ sagði Futrell.

Tiffany Roberson var öflugust í liði Grindavíkur með 34 stig. Það er eins og Grindavíkurstelpurnar séu saddir eftir bikarmeistaratilinn því liðið hefur verið langt frá sínu besta í leikjunum tveimur. ooj@frettabladid.is

Valskonur úr leik þrátt fyrir eins marks sigur:

Tapið ytra var of stórt

HANDBOLTI Valur tapaði fyrri leiknum í Frakklandi með 6 mörkum. 36-30. Möguleikinn var því vissulega til staðar en ljóst var að Valur þurfti að keyra upp hraðann. 24-23 sigur var hins vegar ekki nóg og Merignac fór því áfram.

Valsstúlkur mættu ákveðnar til leiks. Kannski of ákveðnar. Varnarabrigði Vals gekk fullkomlega upp og hraðauppþlaup komu á færifandi. En nýtingin úr þeim var langt frá því sem eðlilegt getur talist því að ein 8 hraðauppþlaup fóru forgörðum í fyrri hálfleik. Sóknarnýting Vals var heldur

ekki góð, auk þess sem 3 vítaköst fóru í súginn. Eva Barna dró Valsstúlkur áfram í fyrri hálfleik ásamt Rebekku sem átti góða innkomu í hornið. Berglind var einnig traust.

Valsstúlkur þurftu að vinna upp 8 mörk eftir leikhlið. Kristín Guðmundsdóttir var allt í öllu hjá Val í síðari hálfleik en tæknimistök urðu Val að falli. Vörn og markvarsla var í fínu lagi hjá Val en hraðauppþlaup og sóknarleikur arfaslakur. Valur var hreint út sagt ekki slakara liðið og hefði með betri leik getað farið áfram. -



STERK Kristín Guðmundsdóttir var markahæst í liði Vals en góður leikur hennar dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

Fulham-Everton	1-0
1-0 Brian McBride (67.).	
Wigan-Bolton	1-0
1-0 Emile Heskey (34.).	
Man. City-Tottenham	2-1
0-1 Robbie Keane (32.), 1-1 Stephen Ireland (59.), 2-1 Nedum Onuoha (72.).	

Iceland Express-deild kvk:

Grindavík-KR	65-82 (30-45)
Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 34 (10 frák.), Petrunella Skúladóttir 13 (6 frák., 4 stoðs.), Joanna Skiba 7 (7 frák., 8 stoðs.), Ólöf Helga Pálsdóttir 3, Jovana Lijja Stefánsdóttir 3, Ingibjörg Jakobsdóttir 3, Iris Sverrisdóttir 2.	
Stig KR: Candace Futrell 33 (14 frák.), Hildur Sigurðardóttir 18 (13 frák., 11 stoðs., 4 stolnir), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 13, Sigrún Amundadóttir 6 (9 frák., 4 stolnir), Helga Einaradóttir 4, Rakel Margrét Viggósdóttir 4, Lilja Oddsdóttir 2, Guðrún Ósk Amundadóttir 2.	

Áskorendakeppni Evrópu:

Valur-Merignac	24-23
Mörk Vals (skot): Kristín Guðmundsdóttir 9/1 (19/1), Eva Barna 6 (9), Hafún Kristjánsdóttir 3/2 (3/2) Rebekka Skúladóttir 2(5), Katrín Andresdóttir 2(5), Kristín Collins 1(5), Dagný Skúladóttir 1(5)	
Varin skot: Berglind Hansdóttir 12 (23/12) 52% Mörk Merignac: Gondo 6 (9) Dembele 4(8) Mambo4(9) Zitiou 3/1 (5/1) Legenty 3(5) Bouchon 2(3) Salaun 1(2)	
Varin skot: Callave 11 (23/11) 55%, Rivet 6/2 (6/4) 66%	

Meistaradeildin í handbolta:

Ciudad Real-Gummersbach	25-23
Ólafur Stefánsson skoraði 9/8 mörk fyrir Ciudad Real. Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson skoruðu báðir sex mörk fyrir Gummersbach. Ciudad Real er komið í undanúrslit keppinnar ásamt Barcelona, HSV og Kiel.	
Celje Lasko-GOG	30-30
Fleensburg-Zagreb	36-29
Alexander Petersson skoraði sjö mörk fyrir Fleensburg og Einar Hólmgeirsson tvö.	

Alvöru dísil jeppi fyrir íslenskar aðstæður...



KYRON - Fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif á kr. 3.890.000,-



...upplifðu kraft og fegurð

Hluti af staðalbúnaði.

Turbo dísil Intercooler
5 girar ZF sjálfskipting Side Tronic
ásamt 2 girum aftur á bak
3 föld C-bitagrind
Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn
A/C Sjálfvirk tölvustýrð miðstöð
Álfelgur
Þakbogar
Þokuljós
Loftkæling
Linsuadalljós
Litaðar rúður
31" TOYO dekk

Byggður á grind - hátt og lágt drif

Leðurveltistýri / leðurgrírstöng
Cruise Control / Hraðastillir
Hiti í speglum, framrúðu og í sætum
Aðgerðarstýri fyrir skiptingu
Útvarp/CD - 6 hátalarar.



Reykjavík
Bilabúð Benna
Tangarhófa 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bilasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bilasala Vesturlands
Sölbakka 2
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bilasala Austurlands
Fagradsalsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bilahornid hjá Sissa
Brekkestíg 38
Sími 420 3300

SSANGYONG




Bilabúð
Benna
www.benni.is

FERMINGARPAKKINN FÆST HJÁ ATT.IS

VIÐ ERUM OG VERÐUM ALLTAF ÓDÝRARI!!

att.is ER MEÐ FRÁBÆR FERMINGARTILBOÐ. ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!



INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB DUAL DDR2 XMS 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

119.950

INTEL TÖLVA 1

- Intel Core2Duo E2180-1MB
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 256MB Geforce 7100
- Vista Home Basic

49.950

INTEL TÖLVUPAKKI 1

- Intel Core2Duo E2140 - 1MB
- 2GB DDR2 DDR2 667MHz
- 320GB WD SATA2 - 16MB
- 256MB Geforce 7100
- 19" Acer skjár, 5ms DVI

79.950

TURNUPPFÆRSLA 4

- Intel Core2Duo E6750
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT

64.950

ACER 22" AL2216WBD

Acer 22" viewable AL2216WBD TFT LCD, svartur breiðjalddskjær 1680x1050 í upplausn, 700:1 í skerpu, 5ms

23.950

ACER 20" AL2051WB

Hágæða 20" Gamers LCD CrystalBrite tölvuskjær með 1680x1050 upplausn, 1000:1 í skerpu og 2ms

27.950

LOGITECH MX518

Logitech MX518 Gaming Grade Optical mús stórglæsileg og þægileg með fullt af flýtiökum

5.450

LOGITECH LX710

Logitech LX710 þráðlaus lykilorð með flýtihöppum, ábrenndir isl. stafir. Þráðlaus geislamús fylgir

7.950

INTEL TÖLVA 5

- Intel Core 2 Quad Q6600 - 8MB
- 4GB DUAL DDR2 XMS 800MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8800GT
- Vista Home Premium

124.950

MSI GEFORCE 9600GT - OC

MSI GeForce 9600GT 512MB 1900MHz DDR3, 700MHz Core, 256-bit, DX10, PCI-E 2.0

17.950

PALIT GEFORCE 8800GT

Palit GeForce 8800GT, 512MB 1.8GHz DDR3, 600MHz Core, 256-bit, DX10, 2xDVI, PCI-E 2.0. Frábært skjákort í leikina

24.950

ACER 5920G-30

- Intel Core2 Duo T7300
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 250GB SATA 5400rpm
- 256MB Geforce Go 8600GS
- 15.4" CrystalBrite skjár

124.950

500GB ICYBOX

500GB IcyBox margmiðunar-spilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkominn fjarstýring fylgir.

22.950

SAROTECH DVP370

Sarotech margmiðunar-spilari fyrir SATA harða diska spilar kvikmyndir og tónlist án tövu. Fjarstýring fylgir.

15.750

2GB VINNSLUMINNI

2GB Hágæða vinnsluminni frá Corsair, DDR2 667MHz, liststíðarábyrgð

5.950

ASPIRE X-TELSTAR

Aspire X-Telstar glæsilegur turnkassi með mælum, ljósum og hlíðarglugga

12.950

ACER ASPIRE 5315

- Intel Celeron M 540
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 120GB, SATA 5400rpm
- 358MB Intel GMA X3100
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer 67.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

> Mel Gibson

Það hefur oft verið feimnismál hjá mörgum að stunda það á netsíðu og nýta sér stefnumótþjónustu. En Mel Gibson og eiginkona hans leyndu því aldrei að þau kynntust með hjálp stefnumótaskrifstofu og hafa verið saman síðan 1980. Mel Gibson leikur í söngvamyndinni *The Singing Detective* sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.



dags



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** HLÓ BEST ENDA HINIR LÖNGU DÁNIR

Obba í Ártúni hafði einfaldlega rangt fyrir sér

Langt er síðan ég sætti mig við að seint yrði ég elskaður á alþjóðlegan mælikvarða. Frægar konur munu aldrei á mér smjatta, hugsaði ég. Ég mun aldrei kvitta fyrir komu mína á þjóhnaða viljugra stúlkna, taldi ég. Mín vegna munu karlmenn ekki finna hjá sér þörf til að fitna eða láta líta hárið á sér rautt, fullvissaði ég mig um. Angi mun aldrei hvísla í eyra mér: „Ástin mín. Brad fer að koma heim...“ Ég mun aldrei hafa efni á að láta sérhanna fyrir mig súrmatstunnu. Andskotinn, ég, ég... Fyrirgefði, þetta er þínu sárt.

Þessi sáttgjörð við sjálfan mig er tilkomin eftir að mér mistókst að ná frama í gegnum leikfélagið Apaspil á Stöðvarfirði. Á þriggja ára tímabili fór ég í tvígang í leikprufu fyrir hlutverk Rögnavalds snikkara í leikritinu *Hver stal síldarkryddinu*, sem allir þekkjá. Í bæði skiptin var mér hafnað á þeim forsendum að það væri ekki hægt



að byggja jafn þekkt leikverk á „einhverjum sem glímir við ýmsar sjónrænar takmarkanir“ eins og Obba gamla í Ártúni, formaður valnefndar, orðaði það.

En svo breyttist allt! Eftir kvöld á ölstofu svífur á mig gjafvaxta stúlka og hvíslar í eyra mér: „Þú ert alveg eins og rauðhærði gæinn í nýja þættinum *Life* á Skjánum. Ég er á leiðinni í parti upp á Hallveigarstíg; ertu með penna?“ Svo kallaði hún mig Tiger og eitthvað fleira án þess að ég viti hvernig hún komst að því að ég fer stundum í golf. Nema hvað, þegar hún losaði loks fingurna úr rauðum makknum og tók af vöðvanum fyrir ofan lærið á mér, varð mér hugsað til Obbu gömlu í Ártúni. Ef hún væri á lífi þá myndi ég segja við hana það sem hefur verið að brjótast innra með mér í öll þessi ár. Obba! Ég hefði verið flottur Rögnavaldur snikkari!

EKKI MISSA AF



► **19.55 Friends** STÖÐ2



► **20.00 The Singing Detective** STÖÐ2BÍÓ



► **20.10 One Tree Hill** SKJÁREINN



► **21.15 X-Files** STÖÐ2EXTRA



► **21.15 Criminal Minds** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Hanna Montana
- 17.53 Skritin og skemmtileg dýr
- 18.00 Gurra grís
- 18.06 Lítil prinsessa
- 18.17 Halli og risaeðlufatan
- 18.30 Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Jörðin og náttúruöflin (3:5) Í þessum þætti er fjallað um ís.
- **21.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Thomas Gibson, Lola Glaudini og Shemar Moore. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Sportið
- 22.45 Hvarf (Cape Wrath) Breskur spennuflokkur með úrvallsleikurum. Fjölskylda flyst í smábæ undir fólksu nafni en það getur verið erfitt að flytja fortíðina.
- 23.40 Spaugstofan
- 00.05 Kastljós
- 00.45 Dagskrárlök

BÍÓ

- 06.00 *The Singing Detective*
- 08.00 *Garfield 2*
- 10.00 *Iron Jawed Angels*
- 12.00 *The Wool Cap*
- 14.00 *Garfield 2*
- 16.00 *Iron Jawed Angels*
- 18.00 *The Wool Cap*
- **20.00 The Singing Detective** Gaman-söm söngvamynd með Mel Gibson og Robert Downey Jr.
- 22.00 *Mrs. Harris*
- 00.00 *Children of the Corn 6*
- 02.00 *Dog Soldiers*
- 04.00 *Mrs. Harris*

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Oprah
- 08.50 Í finu formi
- 09.05 *Bold and the Beautiful*
- 09.25 *La Fea Más Bella*
- 10.10 Studio 60
- 11.15 60 mínútur
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Neighbours
- 13.10 *Bobby Jones. Stroke of Genius*
- 15.15 Numbers
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2
- 17.28 *Bold and the Beautiful*
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag og íþróttir
- 19.30 *The Simpsons*
- **19.55 Friends**
- 20.20 *American Idol* (20:42)
- 21.45 *American Idol* (21:42)
- 22.30 *Crossing Jordan* Einn lífseigasti og um leið vinsælasti spennuþáttur Stöðvar 2 snýr aftur. Þar höldum við áfram að fylgjast með stórfum réttarlæknisins Dr. Jordan Cavanaugh og félagu hennar hjá rannsóknarlögreglunni í Boston.
- 23.15 *Man Stroke Woman* Önnur sería þessa drepfýndna breska grínþátts. Þátturinn er settur upp með stuttum atriðum sem fjalla á einn eða annan hátt um samskipti kynjanna en honum hefur verið lýst sem blöndu af hinum vinsælu *Sketch Show* og *Little Britain*.
- 23.45 *Cyber Seduction: His Secret Life* Átakanleg mynd sem kemur öllum við um ungan mann sem kynnist heimi Internetsins óþægilega náið.
- 01.15 *Shark* Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögreglingsins eitlharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögreglökrimma. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksnaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvirða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.
- 02.00 *Most Haunted*
- 02.50 *Bobby Jones. Stroke of Genius*
- 04.55 *Hustle*
- 05.50 Fréttir og Ísland í dag
- 06.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SPORT

besta sætið

- 07.00 *Spænski boltinn* Útsending frá leik Almeria og Barcelona.
- 16.20 *Spænski boltinn* Útsending frá leik Almeria og Barcelona.
- 18.00 *PGA Tour 2008* Útsending frá lokadegi Arnold Palmer Invitational sem fór fram á Bay Hill Club vellinum í Flórída. Sigurvegari síðasta árs mætir til leiks, sjálfur Vijay Singh.
- 20.10 *Formúla 1* Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri Sýnar ræða málin. Farið verður yfir helstu mál liðinnar keppni og þau krufin til mergjar.
- 20.50 *Inside Sport* Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
- 21.20 *Þýski handboltinn* Öll helstu tilþrifu úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
- 22.00 *Spænsku mörkin* Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttaféttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atviki ásamt Heimi Guðjónssyni.
- 22.45 *World Supercross GP* Frábær keppni í World Supercross GP sem fram fór í Metrodome í Minneapolis.
- 23.40 *Heimsmótaröðin í póker*

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 *Man. City - Tottenham* Útsending frá leik Man. City og Tottenham í ensku úrvallsdeildinni.
- 14.25 *Man. City - Tottenham* Útsending frá leik Man. City og Tottenham í ensku úrvallsdeildinni.
- 16.05 *Sunderland - Chelsea* Útsending frá leik Sunderland og Chelsea í ensku úrvallsdeildinni.
- 17.45 *English Premier League*
- 18.45 *Season Highlights*
- 19.50 *Birmingham - Newcastle* Bein útsending frá leik Birmingham og Newcastle í ensku úrvallsdeildinni.
- 21.50 *English Premier League*
- 22.45 *Coca Cola mörkin*
- 23.15 *West Ham - Blackburn* Útsending frá leik West Ham og Blackburn í ensku úrvallsdeildinni.
- 00.55 *Birmingham - Newcastle* Útsending frá leik Birmingham og Newcastle í ensku úrvallsdeildinni.

SKJÁREINN

- 08.00 *Rachael Ray* (e)
- 08.45 *Vörutorg*
- 09.45 *Óstöðvandi tónlist*
- 16.20 *Vörutorg*
- 17.20 *All of Us* Fjölmíðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrverandi.
- 17.45 *Rachael Ray* Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.
- 18.30 *Jay Leno* (e)
- 19.15 *Less Than Perfect* (e)
- 19.45 *Everybody Hates Chris* (e)
- **20.10 One Tree Hill** (6:18) Bandarísk unglingsasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Lucas skammar Peyton fyrir það hvernig hún kemur fram við Lindsey. Brooke lætur til sín taka þegar Victoria skiptir sér af Peyton og Nathan laðast að barnfóstrunni á meðan Haley þarf að fást við erfiðan nemanda.
- 21.00 *Bionic Woman* Hröð og spennandi þáttaröð um hörkukvendi sem býr yfir einstökum eiginleikum. Jamie og Antonio fá það verkefni að koma í veg fyrir morð á umdeildum þjóðarleiðtoga sem er að heim-sækja Bandaríkin. En Jamie fær efasemdir um samheja sinn þegar hún heyrir samtals hans við leigumorðingjann.
- 21.50 *C.S.I.* Rannsóknardeildin fæst við eitt óhugnanlegasta mál sitt frá upphafi þegar heil fjölskylda er myrt fyrir utan dóttur sem er talin vera haldin íllum anda.
- 22.40 *Jay Leno*
- 23.25 *Dexter* (e)
- 00.15 *The Dead Zone* (e)
- 01.05 *Vörutorg*
- 02.05 *Óstöðvandi tónlist*

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Átt þú rétt á slysabótum?

Það er ekkert gott við það að verða fyrir slysi. Því geta m.a. fylgt þjáningar, tekjutap og ýmiss kostnaður. Þá eru því miður margir illa upplýstir um bótarétt vegna afleiðinga slysa enda þótt flestir séu vel tryggðir. Vissir þú að ef þú hefur lent í umferðarslysi er líklegt að þú fái endurgreiddan sjúkrakostnað, fái greiddar bætur vegna þjáninga, tekjutjóns og miska sem af slysinu leiðir, jafnvel þó þú hafir verið í órétti? Ef þú hefur lent í slysi, t.d. umferðarslysi eða vinnuslysi, er mikilvægt að þú leitir réttar þíns sem fyrst.

Við erum sérfræðingar í innheimtu slysabóta. Hafðu samband við okkur og kannaðu rétt þinn. Það er þér að kostnaðarlausu.

TORT

NR. 1 Í INNHEIMTU SLYSABÓTA

Aðalstræti 6
101 Reykjavík
Sími 511 5008
www.tort.is

Sársauki er ekki eðlilegt ástand

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20
American Idol

Spennan magnast í einum vinsælasta sjónvarpsþætti í heimi, American Idol. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjórnuna en fram að þessu hafa sigurvegarar keppninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómararnir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynnirinn Ryan Seacrest.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Jörðin og náttúruöflin (3:5)
Sjónvarpið kl. 20.20

Breskur heimildarmyndaflokkur. Í þessum þætti er fjallað um ís. Þótt ísinn sé ekki annað en frosið vatn býr hann yfir ógurlegum krafti. Hér er farið niður eftir 150 metra háum fossi í klakaböndum, jökull skoðaður neðan frá og sýnt hvernig ís hefur mótað jörðina og kann að ógna framtíð okkar.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.00 Fréttir	16.00 Síðdegisfréttir
06.05 Árla dags	16.13 Hlaupanótan
06.50 Bæn	17.03 Viðsjá
07.31 Morgunvaktin	18.00 Kvöldfréttir
08.00 Morgunfréttir	18.25 Spégillinn
09.05 Okkar á milli	19.00 Dyrð í hæstum hæðum
09.45 Morgunleikfimi	20.00 Leynifélagið
10.13 Stefnumót	20.30 Stjómukikir
11.03 Samfélagið í nærmynd	21.20 Kvika
12.02 Hádegisútvarp	22.12 Lestur Passíusálma
12.20 Hádegisfréttir	22.18 Afsprengi
13.00 Vít og breitt	23.10 Lárétt eða lóðrétt
14.03 Bak við stjórnumar	00.07 Næturtónar
15.03 Útvarpsagan: Sjosja	01.03 Næturtónar
15.30 Dr. RÚV	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Totally Frank

17.25 Falcon Beach

18.15 X-Files

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Totally Frank Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra.

20.25 Falcon Beach Paige, Lane og Erin eru öll í frí á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrofa sem vill frekar vera að vinna í fyrirtækinu hjá pabba sínum heldur en að hanga á ströndinni með mómmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðalþöfnara bæjarins, fara málin að flækjast.

▶ **21.15 X-Files** Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirmáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

22.00 Pushing Daisies

22.55 Cold Case

23.40 Big Shots

00.20 Sjáðu

00.45 Extreme. Life Through a Lens

01.30 Lovespring International

01.55 Big Day

02.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Mér finnst Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir þáttarins eru Kolbrún Bergþórsdóttir og Sigríður Klingenberg. Tekið er á málefnum liðandi stundar á hispurlausan hátt og allt látið flakka.

21.00 Jón Kristinn Jón Kristinn Snæhólm skoðar pólitik liðandi stundar með gestum sínum.

21.30 Ármann á alþingi Ármann Kr. Ólafsson þingmaður fjallar um stjórnsmál ásamt viðmælanda sínum.

DR 1

9.45 Robotboy 10.00 Kender du typen? 10.30 Formiddag med Nis Boesdal 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 21 Søndag 11.50 Aftenshowet 12.20 OBS 12.30 Det lille hus på prærien 13.20 Og det var Danmark... 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Dawson's Creek 14.55 Zombie Western 15.15 SKUM TV 15.30 Den lyserøde Panter 15.35 Naruto 16.00 Troldspejlet 16.15 Robotboy 16.30 Tigerdyret og Plys 17.00 Pippi Langstrømpe 17.30 TV Avisen med Sport og Vejr 18.00 Ellens 100 år 18.30 Søren og Søren 19.00 Vores planet 20.00 TV Avisen 20.25 SportNyt 20.30 The River Wild 22.20 Fahrenheit 9/11

NRK1

11.00 NRK nyheter 11.10 Balkongen 11.40 Grosvold 12.25 Jan i naturen 12.40 Vi redder verden - etter kaffen 13.10 Med hjertet på rette staden 14.00 Newton 14.30 Kim Possible 14.55 Biomangfold 15.05 H2O 15.30 Supermusikk 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Barne-tv 17.25 Bali 17.40 Distriktnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Påskentøtter 18.45 99 år og evig ung 19.45 Pasjon08 - Middelalderspill i Stavanger 19.55 Distriktnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.25 Wallander 21.55 Løsning påskentøtter 22.00 Kveldsnytt 22.15 Columbo 23.25 Nytt på nytt 23.55 Trankebar 0.20 Sport Jukeboks

SVT 1

10.30 Ramp höjdare 11.00 Rapport 11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 13.00 Slakten är bäst 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Ramp 16.30 Krokmax 17.00 Bolibömpa 17.20 Jasper Pingvin 17.30 Allt om djur 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 Häkdansen 20.15 Med vänlig hälsning 20.30 Kobra 21.15 Hillary och Bill 22.10 Rapport 22.20 Kulturyheterna 22.35 Melodifestivalen 2008: Finalen 0.40 Vita huset 1.25 Sändningar från SVT24

Vitur er sá sem vaknar fyrr.

Úrval verslana og þjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur aldrei verið glæsilegra. Þess vegna skaltu gefa þér góðan tíma í Flugstöðinni og njóta þess að gera bestu kaupin í upphafi ferðarinnar.

Mættu fyrr og fáðu meira.

ferð til fjár
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Það má ekki vera of brjáláð þegar maður er að vinna. Elly Vilhjálmsson og Haukur Morthens eru fin og Maurice Chevalier, franskur gamall gaur. Beirut og sænska hjómsveitin Studio eru líka rosa finar.“

Linda Loeskov, grafískur hönnuður.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. spjall 6. í röð 8. traust 9. hljóma 11. ekki 12. mæling 14. gáleysi 16. sjó 17. einkar 18. hætta 20. frá 21. uppspretta.

LÓÐRÉTT

1. málmur 3. bardagi 4. aflaga 5. nágranni 7. smáræði 10. óhreinna 13. líða vel 15. svanur 16. sunna 19. ónefndur.

LAUSN

LÖBÉTT: 1. króm, 3. at, 4. brensla, 5. bú, 7. smávæg, 10. áta, 13. una, 15. átt, 16. sól, 19. n.

LÁRÉTT: 2. radd, 6. rs, 8. trv, 9. óma, 11. ei, 12. máttun, 14. vanæg, 16. sæ, 17. all, 18. ógn, 20. af, 21. lind.



Hvað er að fréttu?



Við tæklum sportið

www.visir.is

visir

Spaugstofan vill eitt ár í viðbót

„Við eigum alveg eins von á því að vera eitt ár í viðbót. Þá erum við búnir að ná tuttugu árunum. Eftir það er hins vegar líklegt að við förum að leggja þessa ágætu fréttastofu á hilluna,“ segir Pálmi Gestsson Spaugstofumaður. Fjórmenningarnir eru nú komnir í langþráð páskafri og hyggjast taka lífinu með ró. Spaugstofu-gríninu lýkur síðan í apríl og Pálmi sagðist reikna með því að þeir myndu snúa aftur á skjáinn þegar sól tæki að lækka aftur á lofti. En það yrði þá í síðasta sinn. Þeir félagar hafa alltaf samið um eitt ár í senn og er óhætt að segja að mikið hafi gengið á í herbúðum þeirra á þessu ári. Fyrst var Randver Þorláksson rekinn og loks fannst borgarstjóra Reykjavíkur, Ólafi F. Magnússyni, að sér vegið í einum þáttanna.

Samkvæmt áhorfskönnun Capacent sem birt var á vef þess á fimmtudaginn hefur

áhorfið á Spaugstofuna aðeins dalað, mælist nú með rúmlega fjórutíu prósent áhorf en þegar best lét samkvæmt þessum könnunum mældist spéspegillinn með tæplega sjötíu prósent áhorf, kvöldið sem Eurovision-framlag Þjóðarinnar var kosið. Pálmi segir þá félagar ekki vera mikið að þæla í þessu, bendir reyndar á að áhorfstölurnar flökti mikið í þessum könnunum og að þættir geti fengið og misst allt að þrjátíu prósent áhorf viku frá viku. „Og svo hlýtur það reyndar að teljast gott fyrir íslenskan þátt sem hefur verið í gangi í tæpa tvo áratugi að fá þó fjórutíu prósent áhorf,“ segir Pálmi.

-fgg

EITT ÁR ENN Spaugstofan ætlar að vera eitt ár enn. Svo verður grínið lagt á hilluna frægu.



MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON: ER EKKI AÐ FARA AÐ BLÁSA Í BYLTINGARLÚÐRA

Býður Jón Viðar velkominn aftur í Borgarleikhúsið

„Ég hef verið spurður að þessu mjög oft síðan að ég tók við embættinu og svar mitt er einfalt: leikhúsið er almenningseign og það er jákvætt hversu margir fjölmiðlar fjalla um leikhúsið. Það er síðan þeirra sem njóta miðlanna að ákveða hvort þeir séu sammála gagnrýnandanum eða ekki,“ segir Magnús Geir Þórðarson, verðandi Borgarleikhússtjóri, þegar hann er inntur eftir því hvort leikhúsgagnrýnandinn Jón Viðar Jónsson verði settur aftur á frumsýningarlista þegar hann tekur við. Jón Viðar var settur út af sakramentinu af Guðjóni Pedersen eftir skrif sín í DV. Magnúsi tókst reyndar að koma sér hjá því að svara spurningunni beint en sagði að í orðum sínum fælust ákveðin vísbending. Hún gæti ekki skilist öðruvísi en svo að Jón Viðar yrði á hinum eftirsóttu lista þegar nýtt leikar hæfist.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ríkir mikil eftirvænting vegna komu Magnúsar á mölina meðal leikhúsfólks í höfuðborginni. Og augljóst að margir listamenn hefðu áhuga á að starfa innan veggja Borgarleikhússins. Leikhússtjórinn staðfesti að margir hefðu haft samband við sig en sagðist ekkert geta tjáð sig um það á þessari stundu. Þetta ætti allt eftir að skýrast á næstu vikum og mánuðum. Hann sagðist hins vegar vera djúpt snortinn yfir þeim áhuga sem listamenn hefðu sýnt. Magnús sagði það ekkert launungarmál að stefna sín væri að gera gott betra. „Við viljum halda áfram að þróa starfsmannahópin og styrkja hann. Þetta gerist hins vegar bara af yfirvegum og ró og ég er ekki að fara að blása í einhverja byltingarlúðra,“ segir Magnús sem telur starfsmannahópin í Borgarleikhúsinu vera sterkan. „En vonandi bætast nýir sterkir menn í þann fríða hóp sem fyrir er,“ bætir Magnús við.

Magnús hefur nýlengi við frumsýningu á Dubbelusch, leikverki eftir Björn Hlyn Haraldsson í leikstjórn leikskáldsins. Verkið var síð-



EKKI BYRJAÐUR AÐ PAKKA Magnús Geir Þórðarson býr sig undir að taka við starfi leikhússtjóra í Borgarleikhúsinu. Hann undirbýr því flutninga frá Akureyri þar sem hann hefur verið leikhússtjóri. Magnús segist ekki byrjaður að pakka niður en er að taka til á skrifstofunni.

asta frumsýning hans hjá Leikfélagi Akureyrar en hann tekur við lykavöldunum í Borgarleikhúsinu í ágúst. „Ég er reyndar ekki farinn að pakka búslóðinni en er búinn að

setja niður í kassa dót af skrifstofunni svo að nýr leikhússtjóri geti farið að koma sér fyrir,“ segir Magnús.

freyrgjiga@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Væntanlega hafa margir staldrað aðeins við þegar ný útvarpsauglýsing Eurobandsins tók að hljóma á öldum ljósvakans á dögnum. Engu var líkara en að Kári Stefánsson, forstjóri deCODE, hefði tekið höndum saman við

þau Friðrik Ómar og Reginu Ósk við að auglýsa ball á vegum sveitarinnar á Players. Röddin minnti nánast óþægilega mikið á rödd Kára en við nákvæmari athugun kom í ljós að sá sem las reyndist svona skrambi góð eftirherma.

Geiri á Goldfinger er í sérkennilegri stöðu gagnvart Birtingi og þá ekki síður ófugt. Mál hans á hendur Vikunni var tekið fyrir í síðustu viku og 8. maí verður tekið fyrir mál hans á hendur Jóni Trausta Reynisyni, fyrrverandi ritstjóra Ísafoldar. Geiri er hins vegar afar mikilvægur auglýsandi fyrirtækisins og þannig hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að hann hafi á síðustu tveimur árum auglýst fyrir hátt í 30 milljónir í tímaritum og blöðum á vegum útgáfunnar. Hann telst því með mikilvægari kúnnum.

Porvaldur Þorsteinsson listamaður hefur undir höndum afar athyglisverða skýrslu sem varðar íslenska listamenn, kaup þeirra og kjör gagnvart Listaháttíð í samburði við erlenda listamenn sem koma fram á háttíðinni. Býður hún frekari umfjöllunar en halla mun allverulega á Íslendingana sem mega nánast leppa dauðann úr skel meðan erlendir listamenn hafa verið bornir á höndum Þórunnar Sigurðardóttur og þeirra kvenna sem sjá um Listaháttíðina.

-fgg/jbg

Sigurjón semur við Stephen King

Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson hefur fengið grænt ljós frá spennu- og hryllingsríthöfundinum Stephen King á að gera kvikmynd eftir bók hans, Rose Madder. Sigurjón festi kaup á kvikmyndaréttinum fyrir nokkrum árum á einn dollara með þeim formerkjum að rithöfundurinn hefði sitthvað að segja um handritið og valið á leikstjóranum. „Hann er búinn að gefa vilyrði sitt og við erum búnir að ráða Rob Schmidt til að leikstýra, förum núna að leita að leikurum,“ segir Sigurjón í samtali við Fréttablaðið.

Sigurjón hafði ekki hitt rithöfundinn sérlundaða heldur fóru

samningaviðræður í gegnum umboðsmann hans sem er góður vinur Sigurjóns. Að sögn Sigurjóns er leikstjórinn Rob Schmidt annálaður aðdáandi Kings og hefur að undanfönu vakið athygli fyrir taugatrekkjandi myndir með hryllingsváfa. Rose Madder kom út árið 1995 og segir frá eiginkonu ofbeldishneigðs lögreglumanns sem ákveður að flýja frá honum vegna barsmíða. Lögreglumadurinn reynir að elta hana uppi en eiginkonan kemst yfir málverkið Rose Madder sem hefur töluverð áhrif á framgang sögunnar. Bækur Stephens King hafa notið mikilla vinsælda á hvíta tjaldinu og nægir þar að nefna Stanley Kubrick-



KING NÆSTUR Sigurjón Sighvatsson ætlar að hefja framleiðslu á kvikmynd eftir bók Stephens King.

kvikmyndina The Shining þar sem Jack Nicholson fór á kostum auk Stand By Me, Carrie og Shawshank Redemption.

Sigurjón er stórtækur í kvikmyndaframleiðslunni um þessar mundir en tókum á kvikmyndinni Brothers er nýlengi í Nýja-Mexíkó. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá leika þau Jake Gyllenhaal, Natalie Portman og Tobey Maguire aðalhlutverkið en myndin er endurgerð dönsku verðlaunamyndarinnar Brødre eftir Susanne Bier. Þá er Sigurjón einnig með í vinnslu kvikmyndina Dark Highway. Upphaflega stóð til að góðkunningi Íslands, Kiefer Sutherland, myndi taka aðalhlutverkið að sér en samkvæmt Sigurjóni hefur stórléikarinn Samuel L. Jackson fallist á að taka hlutverkið að sér.

-fgg

Lækkaðu verðið! -2kr.



ÓB stöðvarnar kappkosta að bjóða sem lægst eldsneytisverð hverju sinni og þú getur lækkað það enn frekar með ÓB-lykilinum sem veitir 2 króna afslátt af hverjum lítra.

Aukaafsláttur

Til viðbótar við 2 krónu afsláttinn getur þú safnað Vildarpunktum Ícelandair eða Aukakrónum hjá Landsbankanum með því að tengja lykilinn við annað hvort kortið.



20 stöðvar um land allt

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is
eða hringdu í síma 515 1141



BAKPANKAR
Práins
Bertelssonar

Líf án stórmennskubrjálæðis

Talið er að landnám hafi byrjað á eyggi Nárú í Suður-Kyrrahafi fyrir um 3000 árum, en landið öðlaðist sjálfstæði árið 1968. Ættfræði er í miklum metum í þessu landi og rekja menn ættir sínar í kvenlegg sem þykir tryggara. Fiskimið voru ágæt umhverfis eyjuna. Með fiskinum borðuðu Nárúar kókosnetur og ávöxtinn pandanus og lifðu góðu lífi. Vest-rænar þjóðir tóku að eiga viðskipti við Nárúa um 1830. Þeir seldu hvalveiðimönnum matvæli í skiptum fyrir skotvopn og áfengi. Skemmtanalífið varð við þetta mjög fjörugt og á skömmum tíma fækkaði innfæddum úr um 14.000 í um 9500. Þjóðverjar komust að því að jarðvegur á eyjunni var að mestu leyti hreint fosfat og gerðu eyjuna að þýsku verndarsvæði á ofanverðri 19. öld.

STÓRIÐJA við fosfatvinnslu hófst á Nárú um aldamótin 1900 og tók efnahagurinn uppsveiflu. Þjóðverjar töpuðu síðan heimsstyrjöldinni 1918 og Nárú komst undir verndarvæng Ástralíumanna og Breta. Fosfatvinnslunni var haldið áfram af miklu kappi, allt fram á 9. áratug 20. aldar þegar hráefnið var mjög farið að ganga til þurrðar. Fram til þessa höfðu Nárúar hæstan lífsstandard allra þjóða við Kyrrahaf.

NÁRÚ er meðlimur í Sameinuðu þjóðunum þótt ekki eigi landið sæti í öryggisráðinu. Af mikilli lipurð hefur Nárú-stjórn þegið á víxl þróunarstyrki frá Kínverjum og Taívnönum með því að stofna til skiptis stjórnmalasamband við þessi ríki, þiggja síðan þróunarstyrk, slíta síðan sambandinu og semja við gagnaðilann þegar styrkurinn er genginn til þurrðar.

FOSFATID er uppurið og stór-íðjan við öflun þess olli svo mikilli mengun að lítið er um ávexti á eyjunni og rúmlega helmingur alls sjávarlífs innan landhelgi eyjanna er dauður vegna mengunar. Enginn her er á Nárú en varnarsamkomulag er við Ástrala um að þeir sendi sérþjálfaða menn ef innrás verður gerð á eyjuna eða einhver lokar sig inni á klósetti með haglabyssu. Íbúar Nárú hafa lagt fátt eitt fram til lausnar deilna í Ísrael, Palestínu, Írak og Afganistan. Eða eins og einn þeirra sagði ekki alls fyrir löngu: „Við erum fátækir, fáir og smáir – en við erum ekki með stórmennskubrjálæði.“

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 17. mars,
77. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 7.38	13.36	19.35
Akureyri 7.23	13.21	19.20

Heimild: Almanak Háskólans

NISSAN NOTE
EINSTAKLEGA RÚMGÓÐUR

Nissan Note
Verð frá: **1.990.000 kr.**

Nissan Note hefur alla kosti fjölskyldubíls og meira til: Öryggi, lipurð, kraft og þægindi. Það sem gerir Note að nýrri tegund fjölskyldubíls er sérhannað rými fyrir börnin, öðruvísi útlit og mikill persónuleiki.

GÓÐ ÞJÓNUSTA Í HÁDEGINU

Þeir sem vilja nota hádegis til að skoða bíl eða reynsluaka fá að bragði rammislenka pylsu og svalandi kók. Þú skoðar þig um í þægilegu umhverfi og þiggur aðstoð frá einhverjum af söluhöfðum okkar. Taktu hádegishléið hjá okkur, fáðu þér eina með öllu og reynsluaktu nýjum bíl að eigin vali.

Ingvar Helgason í hádeginu – alla virka daga í mars.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 Akureyri, Öseyri 5, 464 7940 Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON